



# **ELDISGARÐUR, ELDISSTÖÐ Á REYKJANESI**

## Umhverfismatsskýrsla

Janúar 2023

## Samantekt

Samherji fiskeldi ehf. (hér eftir Samherji fiskeldi) áformar að byggja eldisstöð í Auðlindagarði HS Orku á Reykjanesi. Fiskeldisstöðin samanstendur af seiðastöð, áframeldisstöð, og vinnsluhúsi ásamt stoð- og tæknibyggingum. Umfjöllun um eldisstöðina miðast við laxeldi en þó er gert ráð fyrir möguleikanum að í stöðinni geti einnig verið bleikju- og regnbogasilungselði.

Aðstæður í Auðlindagarðinum eru afar hagstæðar hvað snertir aðgengi að jarðsjó, ylsjó og rafmagni. Allt frárennsli stöðvarinnar verður hreinsað til að lágmarka álag á viðtaka en sterkir straumar og mikill sjógangur við útrás munu jafnframt tryggja hraða þynningu næringarefna í frárennsli og koma í veg fyrir hvers konar uppsöfnun við útrás. Samherji fiskeldi stefnir á að framleiðslugeta nýrrar eldisstöðvar verði 40.000 tonn á ársgrundvelli og að standandi lífmassi verði að hámarki 20.000 tonn. Til framleiðslunnar áætla félagið að nota að hámarki 30.000 l/s af jarðsjó, um 50 l/sek af ferskvatni og um 3.200 l/s af ylsjó frá Reykjanesvirkjun sem í dag rennur að hluta ónýttur til sjávar.

Framkvæmdin fellur í flokk A samkvæmt tl. 10.19 í viðauka I í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem framkvæmdin felur í sér vinnslu á grunnvatni sem er meiri en 300 l/s. Slíkar framkvæmdir eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um framkvæmdirnar sjálfar, helstu áhrifaþætti þeirra og umhverfisáhrif. Valkostir sem skoðaðir voru og bornir saman í umhverfismati fela í sér staðsetningu lóðar eldisstöðvarinnar annars vegar og hins vegar meginaðkomu að Norðurlóð á rekstartíma. Einnig er gerð grein fyrir núllkosti. Aðalvalkostur Samherja fiskeldis felur í sér uppbyggingu eldisstöðvar á Norðurlóð og að aðkoma að lóðinni verði samkvæmt Norðurvegi.

Umhverfismatsskýrsla fjallar um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og þeirrar starfsemi sem henni fylgir ásamt tillögum um mótvægisaðgerðir. Eftirfarandi umhverfisþættir eru til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum:

- Grunnvatn
- Vatnsgæði viðtaka og lífríki fjöru
- Landslag og áskýnd
- Gróðurfar og fuglalíf
- Hljóðvist og lyktarmengun
- Fornleifar
- Jarðmyndanir
- Samfélag
- Landnotkun, ferðaþjónusta og útivist.

Niðurstaðan er að neikvæð áhrif fullbyggðar eldisstöðvar á Norðurlóð verði helst á grunnvatn, landslag og áskýnd, fornleifar og jarðmyndanir og eru þau áhrif metin óveruleg til talsvert neikvæð. Hins vegar eru áhrif fullbyggðar stöðvar á Norðurlóð á samfélag metin talsvert jákvæð. Heildaráhrif fullbyggðrar stöðvar á Norðurlóð eru því á bilinu talsvert jákvæð til talsvert neikvæð.

Niðurstaðan er að neikvæð áhrif fullbyggðar eldisstöðvar á Suðurlóð verði helst á landslag og áskýnd og jarðmyndanir og eru þau áhrif metin óveruleg til talsvert neikvæð, óvissa er um áhrif á grunnvatn þar sem ekki var gert grunnvatnslíkan fyrir þann valkost. Áhrif fullbyggðar stöðvar á Suðurlóð á samfélag eru metin talsvert jákvæð. Heildaráhrif fullbyggðar stöðvar á Norðurlóð eru því á bilinu talsvert jákvæð til talsvert neikvæð.

Eftirfarandi er samantekt á helstu umhverfisáhrifum eldisstöðvarinnar:

Grunnvatnslíkan sem unnið var af ÍSOR sýnir að vinnsla á Norðurlóð Samherja fiskeldis muni hafa í för með sér allt að 1,5 metra niðurdrátt vatnsborðs við Litlu-Sandvík og er mestur niðurdráttur á fyrirhuguðu vinnslusvæði Samherja fiskeldis. Líkanið sýnir að

vinnslan muni valda 20 cm niðurdrætti vatnsborðs á sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar og 40-50 cm við vatntökuholur við Sýrfell en engar markverðar breytingar sjást vegna vinnslu Samherja fiskeldis á vatnsnotkun Stolt Sea Farm. Samkvæmt líkaninu mun seltustig grunnvatns (jarðsjávar) á svæðinu breytast við vinnslu Samherja fiskeldis og eru mestar breytingar nálægt fyrirhuguðu vinnslusvæði á Norðurlóð. Svæði þar sem seltubreytinga verður vart nær til suðurs að sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar og til norðurs eftir strandlengjunni. Áhrifsvæðið til austurs nær ekki upp að Sýrfelli þar sem borholur fyrir ferskvatn eru staðsettar. Grunnvatnslíkanið er bundið ákveðinni óvissu vegna takmarkaðra rannsókna á svæðinu hvað varðar uppbyggingu jarðlaga og þykkt ferskvatnslinsu. Hægt væri að auka nákvæmni líkansins með auknum rannsóknum nálægt fyrirhuguðu vinnslusvæði Samherja fiskeldis. Boraðar verða holur sem munu nýtast til eftirlits og vöktunar á grunnvatnsauðlindinni þannig að mögulegt sé að grípa til mótvægisáðgerða eftir því sem framkvæmdinni vindur fram.

Mannvirki eldisstöðvarinnar koma til með að breyta einkennum landslags vegna umfangs, þó landslag einkennist nú þegar af mannvirkjum og iðnaði. Hins vegar er áhersla lögð á það að hanna útlit mannvirkjana þannig að falli sem best að umhverfinu og vanda til frágangs, t.a.m. með efnis- og litavali. Áhrif framkvæmda á landslag og ásýnd er metin óveruleg til talsvert neikvæð og fer eftir áfangaskiptingu framkvæmdar.

Framkvæmdin kemur til með að raska eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, hvort sem um Norður- eða Suðurlóð er að ræða en rask á eldhrauni er óhjákvæmilegt vegna umfangs eldhrauns á svæðinu.

Framkvæmdin mun rýra verndargildi hrauns og á það við um báða valkosti. Við útfærslu framkvæmdarinnar verður dregið úr beinu raski á eldhrauni og jarðminjum eins og mögulegt er og gætt vel að frágangi. Í kjölfar úttektar Náttúrufræðistofnunar Íslands á jarðmyndunum á svæðinu var ákveðið að hnika til aðkomuvegi að Norðurlóð svo að gjallgíg verði hlíft. Áhrif framkvæmda á jarðmyndanir eru metin talsvert neikvæð að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, verða staðbundin en óafturkræf.

Samkvæmt fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands eru 12 fornleifar innan Norðurlóðar og þrjár innan Suðurlóðar. Flestar fornleifar á Norðurlóð eru vörður á þjóðleið sem lá frá Kalmanstjörn að Reykjanesvita. Lagt er til að þrjár fornleifar í nágrenni við Norðurlóð verði merktar til að koma í veg fyrir rask á framkvæmdatíma. Áhrif framkvæmdar á Norðurlóð á fornleifar eru metin óveruleg til talsvert neikvæð. Þrjár vörður, með óþekkt hlutverk koma til að raskast inn á Suðurlóð. Áhrif framkvæmda á Suðurlóð á fornleifar eru metin óveruleg. Sótt verður um leyfi til Minjastofnunar Íslands ef sýnt þykir fornleifar verði fyrir raski.

Áhrif Eldisgarðs á samfélag, bæði á framkvæmdatíma og þegar starfsemi er hafin, eru metin talsvert jákvæð fyrst og fremst vegna atvinnusköpunar. Svæðisbundin aukning verður á störfum og fjölbreytileiki starfa eykst í sveitarfélaginu og nágrenni þess. Þá má segja að Samherji fiskeldi sýni samfélagslega ábyrgð með því að leggja áherslu á að Eldisgarðurinn sé í samræmi við hugmyndir um hringrásarhagkerfið. Áhrifin eru talin sambærileg fyrir báða valkosti.

Áhrif framkvæmdar eru metin óveruleg á vatnsgæði og lífríki viðtaka, gróðurfar og fuglalíf, hljóðvist og lykt, landnotkun og útivist.

Eftirfarandi er samantekt á niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum:

| Umhverfisþáttur                    | Norðurlóð                     |                               |                               | Suðurlóð                      |                   |                   |
|------------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|-------------------|-------------------|
|                                    | 1. áfangi                     | 2. áfangi                     | 3. áfangi                     | 1. áfangi                     | 2. áfangi         | 3. áfangi         |
| Grunnvatn                          | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óvissa                        |                   |                   |
| Vatnsgæði viðtaka og lífríki fjöru | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð | Óverulega neikvæð |
| Landslag og sjónræn áhrif          | Óveruleg til talsvert neikvæð | Talsvert neikvæð              | Talsvert neikvæð              | Óveruleg til talsvert neikvæð | Talsvert neikvæð  | Talsvert neikvæð  |
| Gróðurfar og fuglalíf              | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð | Óverulega neikvæð |
| Hljóðvist og lykt                  | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð | Óverulega neikvæð |
| Fornleifar                         | Óveruleg til talsvert neikvæð | Óveruleg til talsvert neikvæð | Óveruleg til talsvert neikvæð | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð | Óverulega neikvæð |
| Jarðmyndanir                       | Talsvert neikvæð              | Talsvert neikvæð              | Talsvert neikvæð              | Talsvert neikvæð              | Talsvert neikvæð  | Talsvert neikvæð  |
| Landnotkun og útivist              | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð             | Óverulega neikvæð | Óverulega neikvæð |
| Samfélag                           | Talsvert jákvæð               | Talsvert jákvæð               | Talsvert jákvæð               | Talsvert jákvæð               | Talsvert jákvæð   | Talsvert jákvæð   |

Lagðar hafa verið til mótvægisáðgerðir í gegnum í gegnum matsferlið til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á umhverfisþætti. Eftirfarandi er samantekt yfir mótvægisáðgerðir ásamt vöktunaráætlun:

| Umhverfisþáttur | Mótvægisáðgerð / vöktun   | Tímasetning   | Ábyrgð             |
|-----------------|---|---|--------------------|
| Grunnvatn       | Boraðar verða rannsóknarholur, búnar sírita til að mæla vatnsborðsbreytingar, hitastig og seltu. Vinnsluholur verða einnig búnar sírita og mæla niðurdrátt, rennsli, seltu og hita. Vöktun á sömu þáttum í sjótökuholu HS Orku, LS-02 verði haldið áfram og lagt til að bæta við vöktun á LS-01 sem er SSV af Stolt Sea Farm. Vatnshæð, hitastig og rafleiðni í ferskvatnsholum í Sýrfelli er þegar vaktað og verði vart við seltubreytingar þar verður gripið til mótvægisáðgerða. Möguleg mótvægisáðgerð að dreifa holum og endurmeta staðsetningu þeirra. Vöktun verður unnin í samstarfi við HS Orku. | Áður en framkvæmdir hefjast og á rekstartíma eldisstöðvarinnar. | Samherji fiskeldi. |

| Umhverfisþáttur                    | Mótvægisáðgerð / vöktun  | Tímasetning                       | Ábyrgð   |
|------------------------------------|--|-----------------------------------|--|
| Vatnsgæði viðtaka og lífríki fjöru | Mánaðarlegar vöktunarmælingar á efnum í frárennsli. Samráð verður haft við Umhverfisstofnun um fyrirkomulag vöktunar.  | Á rekstrartíma eldisstöðvarinnar. | Samherji fiskeldi, í samráði við Umhverfisstofnun. |
| Landslag og ásýnd                  | Mannvirki og efnisval verður látið falla að landslagi eins og kostur er. Rask verður haldið í lágmarki og sérstæðum jarðmyndunum hlíft. Umframefni nýtt til að draga úr ásýnd rasks, t.a.m. í jöðrum þess. | Á meðan að framkvæmdum stendur.   | Samherji fiskeldi.                                 |
| Gróðurfar og fuglalíf              | Raski á framkvæmdatíma verður haldið lágmarkað eins og kostur er.  | Á meðan að framkvæmdum stendur.   | Samherji fiskeldi.                                 |
| Fornleifar                         | Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um þörf á mótvægisáðgerðum.  | Áður en framkvæmdir hefjast.      | Samráð við Minjastofnun Íslands.                   |
| Jarðmyndanir                       | Dregið verður úr umfangi á beinu raski eins og kostur er. Nærliggjandi jarðmyndanir verða merktar svo þær raskist ekki á framkvæmdatíma.   | Á meðan að framkvæmdum stendur.   | Samherji fiskeldi.                                 |
| Landnotkun                         | Gönguleiðir færðar út fyrir lóðamörk valkosta.   | Á framkvæmdartíma.                | Samherji fiskeldi í samráði við sveitarfélagið.    |

Gert er ráð fyrir að á kynningartíma umhverfismatsskýrslu verði leitað umsagna sömu aðila og á kynningartíma matsáætlunar eða frá Reykjanesbæ, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, HS Orku hf., Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Samgöngustofu. Umhverfismatsskýrsla verður aðgengileg öllum á heimasíðum Skipulagsstofnunar og Samherja fiskeldis.

Haldinn verður kynningarfundur um framkvæmdirnar á kynningartíma umhverfismatsskýrslunnar. Kynningin verður í formi opins húss og verður leitast við að fá sem flesta hagsmunaaðila til þess að mæta svo sjónarmið sem flestra verði ljós og hægt verði að bregðast við athugasemdum og upplýsingum sem málið varðar. Gert er ráð fyrir að fundurinn verði auglýstur á heimasíðu Samherja og Reykjanesbæjar.

Hægt verður að nálgast umsagnir og athugasemdir sem berast um umhverfismatsskýrslu inn á vefsíðu verkefnisins ([Samherji - Eldisgarður \(eldisgardur.netlify.app\)](https://eldisgardur.netlify.app)) þegar kynningartíma er lokið og brugðist hefur verið ábendingum.

## Efnisyfirlit

|          |  |           |
|----------|--|-----------|
| <b>1</b> | <b>Inngangur</b>                             | <b>4</b>  |
| 1.1      | Matsskylda                                   | 4         |
| 1.2      | Markmið framkvæmdar                          | 4         |
| <b>2</b> | <b>Hringrásarhagkerfið</b>                   | <b>5</b>  |
| <b>3</b> | <b>Staðhættir</b>                            | <b>7</b>  |
| 3.1      | Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun     | 7         |
| 3.2      | Auðlindagarður                               | 8         |
| 3.3      | Náttúruvá                                    | 9         |
| <b>4</b> | <b>Skipulagsmál, eignarhald og leyfismál</b> | <b>14</b> |
| 4.1      | Samræmi við skipulag                         | 14        |
| 4.2      | Eignarhald                                   | 15        |
| 4.3      | Leyfi sem framkvæmdin er háð                 | 15        |
| <b>5</b> | <b>Valkostir</b>                             | <b>15</b> |
| 5.1      | Rökstuðningur fyrir aðalvalkosti             | 18        |
| <b>6</b> | <b>Framkvæmdalýsing</b>                      | <b>19</b> |
| 6.1      | Lýsing á eldi                                | 19        |
| 6.2      | Áfangaskipting                               | 20        |
| 6.3      | Heildarskipulag svæðis                       | 23        |
| 6.3.1    | <i>Eldisker</i>                              | 23        |
| 6.3.2    | <i>Mannvirki í eldisgarði</i>                | 23        |
| 6.4      | Aðkoma                                       | 24        |
| 6.4.1    | <i>Umferð á rekstrartíma</i>                 | 25        |
| 6.4.2    | <i>Umferð innan svæðis</i>                   | 25        |
| 6.5      | Vatnsnotkun                                  | 25        |
| 6.6      | Fóður og fóðurkerfi                          | 26        |
| 6.7      | Frárennsli                                   | 27        |
| 6.8      | Sjúkdómavarnir og lyfjanotkun                | 28        |
| 6.9      | Úrgangur                                     | 29        |
| 6.10     | Efnistaka – og haugsetning                   | 30        |
| 6.11     | Rafafspörf og tenging við raforkukerfi       | 30        |
| 6.12     | Frágangur                                    | 31        |
| 6.13     | Framkvæmdatími                               | 31        |
| <b>7</b> | <b>Nálgun mats á umhverfisáhrifum</b>        | <b>32</b> |
| 7.1      | Matsferlið                                   | 32        |
| 7.2      | Umhverfisþættir                              | 33        |
| 7.3      | Forsendur                                    | 33        |

|           |  |           |
|-----------|--|-----------|
| 7.4       | Vægismat   | 33        |
| 7.5       | Matsteymið   | 34        |
| 7.6       | Samráð og kynning  | 34        |
| 7.7       | Álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun                      | 35        |
| 7.8       | Frávik frá matsáætlun                                      | 36        |
| <b>8</b>  | <b>Grunnvatn</b>   | <b>37</b> |
| 8.1       | Grunnvatnslíkan  | 37        |
| 8.2       | Lýsing á grunnástandi grunnvatns                           | 37        |
| 8.3       | Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á grunnvatn             | 41        |
| 8.4       | Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á grunnvatn         | 53        |
| <b>9</b>  | <b>Vatnsgæði viðtaka og lífríki fjöru</b>                  | <b>56</b> |
| 9.1       | Lýsing á grunnástandi viðtaka                              | 56        |
| 9.2       | Lýsing á grunnástandi fjöru og lífríki hennar              | 58        |
| 9.3       | Lýsing á áhrifum   | 59        |
| 9.4       | Mat á áhrifum á viðtaka og lífríki í fjöru                 | 67        |
| 9.5       | Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum                     | 68        |
| <b>10</b> | <b>Landslag og sjónræn áhrif</b>                           | <b>69</b> |
| 10.1      | Lýsing á grunnástandi landslags og ásýndar                 | 69        |
| 10.2      | Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á landslag og ásýnd     | 71        |
| 10.3      | Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á landslag og ásýnd | 78        |
| <b>11</b> | <b>Gróðurfar og fuglalíf</b>                               | <b>79</b> |
| 11.1      | Lýsing á grunnástandi                                      | 79        |
| 11.2      | Lýsing og mat á áhrifum                                    | 82        |
| 11.3      | Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum                     | 82        |
| <b>12</b> | <b>Hljóðvist og lykt</b>                                   | <b>84</b> |
| 12.1      | Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á hljóðvist             | 84        |
| 12.2      | Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á lykt                  | 85        |
| 12.3      | Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á hljóðvist         | 86        |
| <b>13</b> | <b>Fornleifar</b>  | <b>88</b> |
| 13.1      | Lýsing á grunnástandi fornleifa                            | 88        |
| 13.2      | Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar            | 88        |
| 13.3      | Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á fornleifar        | 90        |
| <b>14</b> | <b>Jarðmyndanir</b>  | <b>92</b> |
| 14.1      | Lýsing á grunnástandi jarðmyndana                          | 92        |
| 14.2      | Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á jarðmyndanir          | 94        |
| 14.3      | Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á jarðmyndanir      | 96        |
| <b>15</b> | <b>Landnotkun, ferðaþjónusta og útvist</b>                 | <b>97</b> |
| 15.1      | Lýsing á grunnástandi landnotkunar                         | 97        |

---

|           |   |            |
|-----------|---|------------|
| 15.2      | Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á landnotkun     | 98         |
| 15.3      | Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á landnotkun | 99         |
| <b>16</b> | <b>Samfélag</b>                                     | <b>100</b> |
| 16.1      | Lýsing á grunnástandi samfélags                     | 100        |
| 16.2      | Lýsing og mat á áhrifum framkvæmdar á samfélag      | 100        |
| 16.3      | Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á samfélag   | 101        |
| <b>17</b> | <b>Samantekt umhverfisáhrifa</b>                    | <b>102</b> |
| 17.1      | Samantekt mótvægisáðgerða og vöktunaráætlun         | 103        |
| <b>18</b> | <b>Heimildir</b>                                    | <b>105</b> |
| <b>19</b> | <b>Myndayfirlit</b>                                 | <b>107</b> |
| <b>20</b> | <b>Töfluyfirlit</b>                                 | <b>111</b> |
| <b>21</b> | <b>Viðaukar</b>                                     | <b>112</b> |



## Helstu hugtök og skilgreiningar

|                        |  |
|------------------------|--|
| <b>Ársframleiðsla</b>  | Ársframleiðsla á lífmassa lifandi fisks.   |
| <b>Áhrifasvæði</b>     | Svæði þar sem gert er ráð fyrir að gæti umhverfisáhrifa framkvæmdar og starfsemi henni tengdri.  |
| <b>Endurnýting</b>     | Það hlutfall vatns í fiskeldi sem er endurnýtt (endurnotað). Ef vatnið er ekki endurnýtt þá er gegnumrennsli í gegnum stöðina en með endurnýtingu er verið að nota vatnið aftur og aftur sem þýðir mun minni vatnstaka. Þegar talað er um 70% endurnýtingu er 30% nýtt vatn tekið inn í stöðina. |
| <b>Eldisstofn</b>      | Hópur fiska alinn í eldistöð undan fiski sem hefur verið alla sína tíð í fiskeldisstöð.  |
| <b>Eldisstöð</b>       | Fyrirtæki sem elur fisk á ákveðnu svæði með viðeigandi búnaði og húsakosti.  |
| <b>Eldissvæði</b>      | Innan hverrar fiskeldisstöðvar geta verið eitt eða fleiri eldissvæði. Eldissvæðin eru þá aðskilin hvort frá öðru með hindrunum milli svæða.  |
| <b>Ferskvatnssvæði</b> | Einangrað svæði innan fiskeldisstöðvar þar sem eldi fer fram í fersku vatni. Þar er fiskur alinn upp í þær stærðir er settar hafa verið fram sem lágmarksstærðir til áframeldis í söltum eldisvökva.   |
| <b>Fiskeldi</b>        | Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska, annarra vatnadýra og nytjastofna sjávar, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.   |
| <b>Fiskeldisstöð</b>   | Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.  |
| <b>Fóðurstuðull</b>    | Segir til um hve mikið magn fóðurs notað er til framleiðslu á einu kíló af fiski.  |
| <b>Framleiðsla</b>     | Vöxtur á lífmassa sem verður yfir tiltekið tímabil.  |
| <b>Frárennsli</b>      | Affall frá fiskeldi sem fellur til sjávar.   |
| <b>Hámarkslífmassi</b> | Segir til um hámark heildarþyngdar allra fiska innan eldisrýmis/rýma eldistöðvar á hverjum tíma.   |
| <b>HOG</b>             | Head-on-gutted. Slægður fiskur með haus.   |
| <b>Landeldi</b>        | Eldi á fiski í eldiskerjum eða jarðtjörnum á landi. Eldið fer fram í fersku vatni, ísöltu eða sjó.   |
| <b>Lífmassi</b>        | Heildarþyngd fisks innan eldisrýmis eldistöðvarinnar á tilteknum tíma.   |
| <b>RAS</b>             | Recirculating Aquaculture System eða endurnýtingarkerfi þar sem ferskvatn er endurnýtt með síukerfi.   |
| <b>Rekstrarleyfi</b>   | Matvælastofnun veitir rekstrarleyfi að fengnu álitni umsagnaraðila. Rekstrarleyfið veitir fiskeldisstöðvum leyfi til að reka fiskeldisstöð.  |
| <b>Seiðaeldi</b>       | Klak og eldi á fyrstu stigum lífsferils fisksins þar sem eldisvatn er ferskt.  |
| <b>Sláturaðstaða</b>   | Einangrað svæði þar sem slátrun á sér stað.  |
| <b>Slysaslepping</b>   | Atvik þegar fiskur sleppur úr eldiskví.  |
| <b>Starfsleyfi</b>     | Skrifleg leyfisveiting Umhverfisstofnunar þar sem tilteknum aðila er heimilað að starfrækja tilgreindan atvinnurekstur að því tilskyldu að viðeigandi ákvæðum laga og reglugerða sé uppfyllt.  |

## 1 Inngangur

Samherji fiskeldi ehf. (hér eftir Samherji fiskeldi) áformar að byggja eldisstöð í Auðlindagarði HS Orku á Reykjanesi. Fiskeldisstöðin mun geyma aðalbyggingu, seiðastöð, áframeldisstöð, vinnsluhús ásamt stoð- og tæknibyggingum. Samherji fiskeldi hefur rekið landeldisstöðvar með góðum árangri á Reykjanesi og í Öxarfirði í rúma tvo áratugi og mun reynsla og þekking starfsmanna fyrirtækisins nýtast vel í þessu verkefni. Umfjöllun um fyrirhugaða eldisstöð miðast við laxeldi en gert er þó ráð fyrir möguleikanum að í stöðinni geti einnig verið bleikju- og regnbogasilungseldi.

Aðstæður í Auðlindagarðinum eru afar hagstæðar hvað snertir aðgengi að jarðsjó, ylsjó og rafmagni. Allt frárennsli stöðvarinnar verður hreinsað til að lágmarka álag á viðtaka en sterkir straumar og mikill sjógangur við útrás munu jafnframt tryggja hraða þynningu næringarefna í frárennsli og koma í veg fyrir hvers konar uppsöfnun við útrás. Samherji fiskeldi stefnir á að framleiðslugeta nýrrar eldisstöðvar verði 40.000 tonn á ársgrundvelli og að standandi lífmassi verði að hámarki 20.000 tonn. Til framleiðslunnar áætla félagið að nota að hámarki 30.000 l/s af jarðsjó, um 50 l/sek af ferskvatni og um 3.200 l/s af ylsjó frá Reykjanesvirkjun sem í dag rennur að hluta ónýttur til sjávar.

Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um framkvæmdirnar sjálfar, helstu áhrifaþætti þeirra og umhverfisáhrif. Valkostir sem skoðaðir voru og bornir saman í umhverfismati fela í sér staðsetningu lóðar eldisstöðvarinnar annars vegar og hins vegar aðkomuvegi að Norðurlóð. Einnig er gerð grein fyrir núllkosti. Aðalvalkostur Samherja fiskeldis felur í sér uppbyggingu eldisstöðvar á Norðurlóð og að aðkoma að lóðinni verði samkvæmt Norðurvegi.

Umhverfismatsskýrsla fjallar um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og þeirrar starfsemi sem henni fylgir ásamt tillögum um mótvægisaðgerðir. Eftirfarandi umhverfisþættir eru til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum: Grunnvatn, vatnsgæði viðtaka og lífríki fjöru, landslag og ásýnd, gróðurfar og fuglalíf, hljóðvist og lyktarmengun, fornleifar, jarðmyndanir, og samfélag, landnotkun og útivist.

### 1.1 Matsskylda

Framkvæmdin fellur í flokk A samkvæmt tl. 10.19 í viðauka I í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (Tafla 1.1) þar sem framkvæmdin felur í sér vinnslu á grunnvatni sem er meiri en 300 l/s. Slíkar framkvæmdir eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Um skilgreiningu á grunnvatni segir í lögum 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, 2. gr. "Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess".

Tafla 1.1 Tilkyppingaskylda framkvæmda skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, viðauki 1.

| Tl.   | Lýsing  | Flokkur |
|-------|---|---------|
| 10.19 | Vinnsla grunnvatns eða íveita í grunnvatn með 300 l/sek. Meðalrennsli eða meira á ári | A       |

### 1.2 Markmið framkvæmdar

Markmið framkvæmdar er að reisa landeldisstöð í Auðlindagarðinum í grennd við jarðvarmaorkuver HS-orku á Suðurnesjum. Framkvæmdin styður við markmið garðsins um að nýta afgangstrauma frá jarðvarmaveri sem í dag renna að hluta ónýttir til sjávar.

Þegar hafa verið gerðir samningar varðandi aðföng til eldisins, landnotkun, nýtingu á jarðsjó og ylsjó, raforku og ferskvatni. Möguleikar til að framleiða heilnæma vöru með lágu vistspori eru fyrir hendi og fellur sú hugsun vel að framtíðarsýn Samherja fiskeldis.

Markmið framkvæmdarinnar er að reisa eldisstöð með framleiðslugetu upp á allt að 40.000 tonnum á ársgrundvelli, þar sem lögð verður áhersla á fullnýtingu orku. Nálægð við flugvöll og útskipunarhafnir er einnig liður í að lágmarka kolefnisspor framleiðslunnar. Fyrirtækið ætlar að halda áfram að framleiða eftirsóttar gæðavörur með sjálfbærum hætti.

## 2 Hringrásarhagkerfið

„Hringrásarhagkerfið er hagkerfi þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi með áherslum sem tryggja að hægt sé að viðhalda verðmætum auðlinda eins lengi og mögulegt er. Markmiðið er að lágmarka auðlindanotkun og þar með úrgangsmýndun.“ (Umhverfisstofnun, 2022).

Bygging og rekstur fiskeldisstöðvar af þessari stærðargráðu kemur til með að hafa áhrif á umhverfið með auðlindanotkun og myndun aukaafurða. Það kemur hins vegar á móti að Samherji fiskeldi hefur lagt áherslu á að draga úr umhverfisáhrifum með því að hanna og reka fiskeldisstöðina í anda hugmyndafræði um hringrásarhagkerfið.

Rekstur fiskeldisstöðvarinnar kemur til með að vera í samræmi við úrgangsförvarnarstefnu ráðherra sem var samþykkt árið 2016. Eftirfarandi eru markmið stefnunnar (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2021) og hvernig eldisstöðin kemur til með að falla að hverju markmiði fyrir sig:

### Draga úr myndun úrgangs

Eins og kemur fram í kafla 6.9 kemur til með að falla til nokkur lífrænn úrgangur í eldisstöðinni. Í stað þess að líta á þetta lífræna efni sem úrgang má segja að þarna verði verði til hliðarafurð. Í fyrsta lagi er stefnt er að því að dauðfiskur og úrgangur frá fiskvinnslu verði nýttur í prótein verksmiðju sem byggð verður innan Auðlindagarðs. Í öðru lagi verður 60% fastefnis í frárennsli síað, þétt og þurrkað en markmiðið er að fjarlægja eins mikið vatn og hægt er og vinna aukaafurðir úr þeim lífrænu efnem sem safnast í frárennsli, s.s. áburð (kafla 6.7). Þá má nefna að miklar framfarir hafa orðið í meðhöndlun á fódri þar sem það var áður afhent í stórum plastsekkjum með tilheyrandi úrgangsmýndun en því er nú blásið beint í fóðursiló.

### Bæta nýtingu auðlinda

Lögð er áhersla á að lágmarka vatnspörf með endurnýtingu vatns í áframeldi um allt að 70% (kafla 6.5). Í dag rennur um 30°C heitt vatn, svokallaður ylsjór, frá Reykjanesvirkjun til sjávar að mestu ónýtt. Samherji fiskeldi hyggst bæta nýtingu þessarar auðlindar með því að nýta ylsjóinn og vannýtta orku hans í sína framleiðslu.

### Draga úr hráefnisnotkun

Rekstraraðili hefur hag af því að nýta fóður sem best til að lágmarka fóðurnotkun. Þannig er framleiðslukostnaði og álagi á viðtaka haldið í lágmarki. Fylgst verður markvisst með fóðurtöku og fóðurleyfum í frárennslisvatni kerja. Með þessum aðferðum er hægt að tryggja að fóðurtap sé að hámarki 1% sem þýðir hagkvæmara og umhverfisvænna eldi (kafla 6.6). Unnið er að þróun og prófun á kerfi sem byggir á myndavélatækni í frárennsli til að lágmarka enn frekar magn þess fóðurs sem ekki er étið.

### Minnka dreifingu á efnem sem eru skaðleg heilsu og umhverfi

Notkun efna sem eru skaðleg heilsu og umhverfi verður í lágmarki. Samherji fiskeldi notar ekki sýklalyf við framleiðslu sína og ekki er gert ráð fyrir notkun sýklalyfja í eldinu í Eldisgarði. Helstu efni sem notuð verða eru klór og iðnaðarsápur sem notaðar verða við

þrif (kafla 6.8). Miðað er við að efnanotkun sé haldið í lágmarki með skilgreindum verkferlum og haldið verður utan um alla efnanotkun í eldinu og magntölum skilað inn árlega í grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar.

### Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda

Með nýrri eldisstöð er verið að svara aukinni eftirspurn eftir próteingjafa í heiminum. Rannsóknir á kolefnisspori mismunandi próteingjafa hafa sýnt að kolefnisspor eldislax er fremur lágt miðað við t.d. kjötframleiðslu (tafla Tafla 2.1). Aukin neysla á eldislaxi á kostnað matvara með hærra kolefnisspor dregur því úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Tafla 2.1 Kolefnisspor nokkurra valinna tegunda af matvælum (meðaltöl erlendra greininga) (Stephen Clune, Enda Crossin, & Karli Verghese, 2017).

| Tegund matvæla             | Kolefnisspor (CO <sub>2</sub> g/kg af ætum mat (meðaltal)) | Fjöldi rannsóknna |
|----------------------------|--|-------------------|
| Kartöflur                  | 0,20   | 16                |
| Epli                       | 0,36   | 21                |
| Hveiti                     | 0,51   | 20                |
| Tómatar (óhituð gróðurhús) | 0,67   | 5                 |
| Síld                       | 1,17   | 3                 |
| Mjólk                      | 1,39   | 77                |
| Hrísgrjón                  | 2,66   | 12                |
| Egg                        | 3,29   | 19                |
| Þorskur                    | 3,49   | 10                |
| <b>Lax</b>                 | <b>3,76</b>  | <b>9</b>          |
| Kjúklingur                 | 4,12   | 29                |
| Svínakjöt                  | 5,85   | 38                |
| Lambakjöt                  | 27,91  | 22                |
| Nautakjöt                  | 28,73  | 49                |

Kolefnisspor lax sem fram kemur í töflu (Tafla 2.1) gildir fyrir lax úr sjókvíaeldi. Til samanburðar var gerð rannsókn sem greindi vistferil (Life Cycle Assessment) bleikju í landeldisstöð Samherja fiskeldis. Rannsóknin sýndi fram á að losun CO<sub>2</sub> ígilda á hvert framleitt kg er 2,66 miðað við fóðurstuðul 1,2 (Birgir Örn Smáráson, 2013). Tölurnar í töflunni miðast við lífsferil að framleiðsluhlíði, þ.e. flutningar á afurðum eru ekki teknir með í jöfnuna. Hafa verður í huga að rannsóknir á kolefnisspori geta haft mismunandi forsendur og aðferðir og því verður að taka samanburði þeirra á milli með fyrirvara.


Það er því niðurstaða Samherja fiskeldis að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við hugmyndir um hringrásarhagkerfið sem og úrgangsförvarnarstefnu ráðherra.

### 3 Staðhættir

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan Reykjanesbæjar, að hluta til innan svæðis sem í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015 - 2030 er skilgreint sem iðnaðarsvæði I5a. Iðnaðarsvæðið er í um 11 km fjarlægð í suður frá byggð í Höfnum og u.þ.b. í sömu fjarlægð í vestur frá byggð í Grindavík. Innan iðnaðarsvæðisins er land talsvert raskað t.a.m. vegna Reykjanesvirkjunar, fiskiðnaðar og fiskeldis. Núverandi aðkoma að iðnaðarsvæðinu er um Reykjanesvitaveg (443) sem tengist Nesvegi (425).

Landslag á svæðinu einkennist af úfnu hrauni en framkvæmdarsvæðið liggur á Stampahrauni, sjá nánar kafla 2.1. Utan iðnaðar einkennist landnotkun helst af ferðaþjónustu og útivist en Reykjanes er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og útivistarfólks.

Nánar er farið í grunnástand umhverfis í umhverfismatsköflum (kaflar 8 – 16).



Mynd 3.1 Valkostir sem eru til skoðunar í umhverfismati ásamt svæðum sem njóta verndar.

### 3.1 Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun

#### Náttúruminjaskrá og Náttúruverndaráætlun

Framkvæmdin er ekki í námunda við svæði sem eru á A- hluta náttúruminjaskrár, þ.e. friðlýst svæði. Framkvæmdasvæðið er innan svæðis sem er á C-hluta náttúruminjaskrár, nr. 106 *Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, Grindavík, Reykjanesbæ* (Mynd 3.1). Um svæðið segir að Reykjanesið sé framhald Reykjanes hryggjarins á landi (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022). Þar megi finna stórbrotna jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampa, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabungu og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Þar sé allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður og sérstæð volg sjávertjörn. Hafnaberg sé lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla og þar sér aðgengilegur fuglaskoðunarstaður Svæðið er um 11.298 ha að stærð og var sama svæði sett á Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008. Ekkert þeirra náttúrufrýrbæra sem talin eru upp í lýsingunni eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til fjöruna við fyrirhugað framkvæmdarsvæði, Öngulbrjótsnef, sem svæði á B - hluta náttúruminjasrár (Mynd 3.1), þ.e. framkvæmdaáætlun (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022). Málsmeðferð þessara svæða hefur ekki verið lokið af hendi stjórnvalda.

#### Sérstök vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði liggur á Stampahrauni sem er eldhraun, þ.e. sem hefur runnið á nútíma, og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Samkvæmt lögnum skal forðast að raska þeim jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til. Nánar er fjallað um áhrif á jarðmyndanir í kafla 14.

#### Hverfisvernd

Norðurlóð liggur upp við Stampa sem er hverfisverndað svæði í Aðalskipulagi Reyknesbæjar 2015 - 2030 (HV4 Reykjanes). Norðurvegur liggur norðan við hverfisverndaða svæðið. Í aðalskipulagi kemur fram að forðast skuli að raska hverfisvernduðum svæðum s.s. með efnistöku, veglagningu eða byggingum. Þar segir jafnframt að nauðsynlegt sé að tillit sé tekið til þarfa ferðaþjónustunnar, sjá nánari umfjöllun í kafla 15.

#### UNESCO Global Geoparks

UNESCO Global Geoparks eru svæði þar sem minjum og landslagi sem eru jarðfræðilega mikilvægar á heimsvísu er stýrt eftir heildrænni stefnu. Árið 2015 var Reykjanes viðurkennt sem slíkt af UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu Þjóðanna. Innan Reykjanes Geopark eru skilgreindir 55 áhugaverðir jarðminjastaðir (e. geosites). Þessi svæði þykja áhugaverð vegna jarðsögu, náttúrufars eða menningarsögu og gegna lykilhlutverki í því að segja sögu svæðisins (Reykjanes Geopark, 2022). Þeir staðir sem eru í næsta nágrenni við valkosti eru Stampar, sjá nánar umfjöllun í kafla 14.

## 3.2 Auðlindagarður

Á Reykjanesi hefur byggst upp Auðlindagarður í tengslum við jarðvarmavirkjun HS Orku. Grunnhugsun Auðlindagarðsins kom fyrst fram um 1980 og byggist á hugmyndafræði Alberts Albertssonar hjá HS Orku en kenniorð Auðlindagarðsins eru „Samfélag án sóunar“, að nýta beri alla þá auðlindastrauma sem streyma inn í og frá fyrirtækjum garðsins til fullnustu, á sem ábyrgastan hátt, samfélaginu til framþróunar og heilla (Gamma Ráðgjöf, 2015).

Helstu markmið Auðlindagarðsins eru nýting náttúruauðlinda á sjálfbæran hátt og að leita eftir langtímajafnvægi við nýtingu auðlindanna. Að nýta virkjaða auðlindastrauma til fullnustu, að beita bestu fánlegu tækni á öllum sviðum og að affallstraumur eins fyrirtækis verði hráefni fyrir önnur fyrirtæki Auðlindagarðsins. Að starfsemi fyrirtækja Auðlindagarðsins hafi sem minnst áhrif á náttúru og umhverfi og raski ekki jafnvægi hennar, sem og að óhjákvæmilegur úrgangur fyrirtækjanna sé meðhöndlaður á ábyrgan og vistvænan hátt samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum (Gamma Ráðgjöf, 2015).

Eldisgarður Samherja fiskeldis verður hluti af þessum Auðlindagarði. Þó nokkur fyrirtæki eru staðsett innan Auðlindagarðsins en hér er gerð grein fyrir þeim fyrirtækjum sem eru í nágrenni við fyrirhugaða eldisstöð Samherja fiskeldis.

#### Reykjanesvirkjun

Innan iðnaðarsvæðisins fer fram starfsemi á vegum HS Orku. Reykjanesvirkjun hóf framleiðslu rafmagns í maí 2006 og samanstendur virkjunin af tveimur 50 MW tvístreymishverflum með sjökældum eimsvölum. Nýlega var vél 4 tekin í notkun sem framleiðir 30 MW til viðbótar.

### Stolt Sea Farm

Stolt Sea Farm Holdings Iceland var stofnað 2012 og er með eldisstöð sem staðsett er næst við fyrirhugaðri framkvæmd innan Auðlindagarðsins, við Suðurlóð. Sú eldisstöð er með leyfi til framleiðslu á 2.000 tonnum af senegalflúru og nýtir ylsjó frá Reykjanesvirkjun eins og fyrirhuguð eldisstöð Samherja fiskeldis kemur til með að gera.

### Haustak

Haustak var stofnað árið 1999 og sérhæfir sig í þurrkun á hinum ýmsu fiskafurðum sem eru að mestu seldar til Nígeríu.


Haustak er staðsett skammt sunnan Reykjanesvirkjunar og notar gufu jarðhita til þurrkunar afurða.

## 3.3 Náttúruvá


Náttúruvá sem kann að vera til staðar á svæðinu og getur haft áhrif á starfsemina er skjálftavirkni, eldsumbrot og sjávarflóð.

### Skjálftavirkni og eldsumbrot

Framkvæmdin er staðsett á Reykjanesi þar sem hið þekktu Reykjaneseldstöðvakerfi liggur (Mynd 3.2). Reykjaneskaginn er meira og minna undirlagður þekktum eldstöðvakerfum og því ljóst að fyrirhugaðri framkvæmd er ákveðin hættu búin af eldsumbrotum og jarðskjálftum. Það getur hins vegar verið erfitt að spá fyrir um hvar eða hvenær eldgos geti orðið á þessum kerfum en Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands hefur greint langtíma eldsuppkomunæmi á Reykjaneskaga (Mynd 3.3).



Mynd 3.2 Eldstöðvakerfi á Reykjaneskaga. Mynd fengin úr (Ármann Höskuldsson, Þorvaldur Þórðarson, Þóra Björg Andrésardóttir, Muhammad Afaristama., 2018).



Mynd 3.3 Langtíma eldsuppkomunæmi á Reykjanesi. Þessi greining gefur til kynna hvar líklegast er að eldvörp komi til með að opnast á yfirborði Reykjanes (Ármann Höskuldsson, Þorvaldur Þórðarson, Þóra Björg Andrésardóttir, Muhammad Aúfaristama., 2018). Framkvæmdasvæði hefur verið bætt inn á mynd með gulum punkti.

Greiningin gefur til kynna líkindadreifinguna á staðsetningu eldgoss á Reykjaneskaga, í næstu eldsumbrotum. Þegar von er á eldsumbrotum, eru skammtíma fyrirboðar og landfræðileg dreifing þeirra reiknaðir með þessari greiningu og gefur þá líklegustu eldsuppkomustaði í þeim tilteknu umbrotum. Á milli viðburða gildir langtímagreiningin. Við langtímagreiningu er notast við þekkta jarðfræði, eldgosa- og höggunarsögu Reykjanes síðustu 14 þúsund ár (Ármann Höskuldsson, Þorvaldur Þórðarson, Þóra Björg Andrésardóttir, Muhammad Aúfaristama., 2018).

Þegar landfræðileg líkindadreifing er metin er notast við mismunandi gagnasöfn, svo sem fyrri tímasettar eldsuppkomur, jarðhitasvæði, tímasettar sprungur og misgengi. Sérfræðingar leggja svo mat á vægi hvers gagnasafns í lokaútreikningum. Kortið gefur ekki líkurnar á eldgosi innan ákveðins tímaramma, sýnir einungis líkindi á staðsetningu eldsuppkomu með tilliti til alls Reykjaneskaga. Líkindi er sett fram á litaskala frá dumb rauðu yfir í hvítt, þar sem dumb rautt eru merkir mestu líkur. Miðað við langtíma eldsuppkomugreiningu eru líkur á eldsuppkomu á iðnaðarsvæðunum 15a og b þar sem fyrirhugað er að reisa eldisstöðina, miklar. Hafa verður í huga að jarðfræðilegir ferlar lúta jarðfræðilegum tímaskala sem er annar en sá sem notaður er við líftíma mannvirkja.

Kerfislega mikilvæg jarðvarmavirkjun er í nágrenni við Eldisgarð. Framkvæmdaraðili gerir sér grein fyrir áhættu af eldsumbrotum en hún er fylgifyrirkomur jarðhitans sem nota á til starfseminnar.


Eftir að kortið var gert hófust jarðhræringar á Reykjaneskaganum sem endaði í eldgosi í Fagradalsfjalli 2021 og 2022. Sú staðsetning rímar vel við kort af þekktum eldstöðvarkerfum sem og eldsuppkomukort frá 2018. Fjöldmargir kröftugir jarðskjálftar urðu í aðdraganda eldgossins og fundust víða. Fyrsti skjálftinn átti sér stað við Keili og var 5,7 að stærð. Erfitt er að segja til um hvert framhald verður á eldsumbrotum á Reykjaneskaga en eins og segir á vef Veðurstofunnar: „Vel er hugsanlegt að um sé að ræða atburðarás sem tekur ár eða áratugi, en erfitt er að spá fyrir um framvindu á þessu



stigi. Það eina sem vitað er með vissu er að náttúran fer sínu fram.“ (Veðurstofa Íslands, 2022).

Framkvæmdaraðili veit ekki til þess að gerð hafi verið greining á afleiðingum jarðskjálftanna en Samherji fiskeldi hefur reynt af því að reka fiskeldisstöð í jarðskjálftahrinum. Fiskeldisstöðin að Stað í Grindavík er í um 15 km fjarlægð frá Geldingadölum í Fagradalsfjalli. Jarðskjálftar hafa aldrei valdið skemmdum á mannvirkjum í eldisstöð fyrirtækisins á Stað. Fyrst þegar skjálftahrinur hefjast sýnir fiskurinn streitumerki og súrefnisnotkun eykst tímabundið. Hann virðist samt venjast þessu og við endurtekna skjálfta er streitumyndun hjá fiskunum hverfandi.

Jarðfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands kortlögðu jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og horfðu af því tilefni eftir virkum sprungum á svæðinu. Samkvæmt jarðfræðingunum sáust engar sprungur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en það gæti verið vegna þess að síðasta gos á þessu svæði var á 13. öld og svæðið því ekki hreyfst mikið eftir það (Mynd 3.4). Líklegt er að tektónískar sprungur myndist á svæðinu í framtíðinni en erfitt er að segja fyrir um hverjar líkurnar eru á að það gerist á líftíma bygginganna (Robert Alexander Askew, 2022).



Mynd 3.4 Gígar, gossprungur, sprungur og misgengi á fyrirhuguðu athafnarsvæði. Merkt með gulum punkt (Þóra Björg Andrésdóttir, 2018). Gliðunarsprungur eru ekki áberandi á athafnarsvæðinu, en hafa ber í huga að það er hulið hrauni er rann 1226.

Jarðskjálftar eru algengir á svæðinu og jarðskjálftaálag því hátt. Þó skjálftar séu tíðir eru ekki líkur á mjög stórum skjálftum þar sem bergið er talið veikt og nær ekki að byggja upp spennu. Þar að auki munu skjálftar sem verða til við gliðnun sjaldan fara yfir stærðina 5, en gliðnun er ríkjandi hreyfing á Miðatlantshafshryggnum (Veðurstofa Íslands, 2006).

Á svæðum þar sem jarðskjálftar eru tíðir gilda sérstakar reglur um burðarþol bygginga. Mikilvægt er huga sérstaklega að undirstöðum bygginga og gæta þess að ekki séu sprungur, misgengi eða stallar undir sökklum.

Samherji fiskeldi gerir sér grein fyrir mögulegri náttúruvá á svæðinu og mun fara eftir þeim reglum sem gilda um uppbyggingu mannvirkja á svæðinu og frágangi lagna, ásamt þeim ákvæðum sem munu koma fram í framkvæmdar- og byggingarleyfi sveitarfélagsins.

### Sjávarflóð

Vegagerðin, að beiðni Samherja fiskeldis, tók saman upplýsingar um sjávarhæðir á Reykjanesi (Vegagerðin, 2022). Í þeim tilgangi m.a. til að hægt sé að verja mannvirki gegn sjávarflóðum, bæði þar sem sjór gengur á land og einnig vegna hækkunar á grunnvatnsstöðu og áhrif á kerjahæð. Minnisblaðið tekur mið af landsigi og hækkun sjávar. Eftirfarandi er útdráttur með helstu atriðum úr minnisblaði Vegagerðarinnar hvað varðar sjóvarnir við Eldisgarð Samherja fiskeldis. Minnisblaðið í heild má finna í viðauka B.

Sjóvarnir eru annars vegar byggðar til að stöðva landbrot og hins vegar til að varna því að sjór gefi á land. Á vestan- og sunnanverðu Reykjanesi eru sjóvarnir mest byggðar til að stöðva landbrot en næst byggðarkjörnum er þó lítið að einhverju leyti til þess að takmarka ágjöf á land. Tafla 3.1 sýnir hæðir sjóvarna á svæðinu frá Garðskaga austur fyrir Grindavík, í tveimur mismunandi hæðarkerfum, annars vegar hafnarkerfinu og í Gamla Landskerfinu. Á vestanverðu Reykjanesi eru sjóvarnir í hæðinni +4,5 til +5,5 m, þar sem verið er að hindra landbrot, en í um +6,0 m þar sem tekið er tillit til ágjafar. Á sunnanverðu Reykjanesi og við Grindavík eru sjóvarnir hærrí eða í um +5,7 til +7,2 m til að koma í veg fyrir ágjöf.

Tafla 3.1 Hæð sjóvarnargarða á svæðinu frá Garðskaga austur fyrir Grindavík, annars vegar í næsta hafnarkerfi (Grindavík) og hins vegar í Gamla Landskerfinu.

| Staðsetning                              | Byggingarár | Hafnarkerfi | Gamla landskerfið |
|--|-------------|-------------|-------------------|
| Garðskagi                                | 2003        | +7,5 m      | +5,5 m            |
| Lambarif norðan Sandgerðis               | 2006        | +7,5 m      | +5,5 m            |
| Flankastaðir norðan Sandgerðis           | 2006        | +7,0 m      | +5,0 m            |
| Sandgerði við Norðurkotstjörn            |             | +6,5 m      | +4,5 m            |
| Sandgerði við Setberg                    |             | +7,5 m      | +5,5 m            |
| Norðurkot-Fuglastaðir, sunnan Sandgerðis | 2006        | +6,5 m      | +4,5 m            |
| Bursthús sunnan við Sandgerði            |             | +7,0 m      | +5,0 m            |
| Stafnes – Bali, sunnan Sandgerðis        | 2006        | +6,5 m      | +4,5 m            |
| Hafnir, næst Höfn                        |             | +7,0 m      | +5,0 m            |
| Hafnir, sunnar                           |             | +8,0 m      | +6,0 m            |
| Grindavík 1990, B4759-60                 | 1990        | +9,0 m      | +7,2 m            |
| Grindavík 1990, B4759-60                 | 1990        | +8,5 m      | +6,7 m            |
| Grindavík 1990, B4759-60                 | 1990        | +8,0 m      | +6,2 m            |
| Buðlunga austan Grindavíkur              |             | +7,5 m      | +5,7 m            |


Í minnisblaði sínu leggur Vegagerðin til að sjóvarnargarður til að verja fiskeldisstöðina fyrir sjávarflóði verði ekki byggður nærri flóðborði en um 50 - 100 m með lágmarks hæð í um +7,5 til +8,0 m miðað við Gamla Landshæðakerfið. En meðalhæð Norðurlóðar er 8 metra og Suðurlóðar um 10 m í fyrrnefndu kerfi. Í skýrslunni er tekið er tillit til óvissu vegna ölduáhláðanda. Til að að uppfylla skilyrði Vegagerðar um varnargarð og staðsetningu mannvirkja var grunnmynd stöðvarinnar snúið um 8,5° réttsælis (Mynd 3.5)

um suðvesturhorn lóðarinnar. Samherji fiskeldi hefur breytt fyrirkomulagi lóðarinnar í samræmi við þessar tillögur. Í kafla 6.10 er nánar farið í umfang varnargarða og efnisþörf.



Mynd 3.5 Í samræmi við tillögu Vegagerðarinnar var lóðinni snúið um u.þ.b.  $8,5^\circ$  réttsælis og er þannig fjær flóðborði (Vegagerðin, 2022). Tekið skal fram að myndin sýnir ekki rétta stærð lóðar.

Til rökstuðnings hæðar varnargarðs má skoða öldukort af Reykjanesi. Á kortinu má sjá að 100 ára alda við ströndina getur orðið um 8 metrar og þess vegna er ráðlögð hæð varnargarðs 8 metrar.



Mynd 3.6 100 ára alda merkt inn blá á kort. Kort: Vegagerðin. Framkvæmdasvæði hefur verið bætt inn á mynd með rauðum punkti.

## 4 Skipulagsmál, eignarhald og leyfismál

### 4.1 Samræmi við skipulag

#### Svæðisskipulag

Svæðisskipulag Suðurnesja 2008 – 2024 var samþykkt í samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja þann 12.11.2012.

Samkvæmt svæðisskipulaginu er framkvæmdarsvæðið innan svæðis sem skilgreint er sem atvinnusvæði D. Þar er og verður lögð áhersla á orkuvinnslu og -rannsóknir. Þar verður einnig jarðhitaauðlindagarður, sem miðar að því að auka nýtingu vistvænnar orku og framleiðslu visthæfra afurða s.s fiskeldi og ylrækt.

Fyrirhugað framkvæmd er í samræmi við Svæðisskipulag Suðurnesja.

#### Aðalskipulag

Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030 var staðfest af Skipulagsstofnun dags. 19.07.2017. Valkostur um Suðurlóð er að hluta innan iðnaðarsvæðis I5a en að hluta á óbyggðu svæði (ÓB) sem jafnframt er skilgreint hverfisverndarsvæði (HV4) og önnur náttúruvernd (ÖN1). Norðurlóð liggur einnig að hluta til innan iðnaðarsvæðis I5a og að hluta á óbyggðu svæði með sömu hverfisvernd (HV4) og náttúruvernd (ÖN1).

Báðir valkostir kalla á aðalskipulagsbreytingu þar sem iðnaðarsvæðið yrði stækkað til að ná yfir fiskeldislóð að öllu leyti. Unnið er að aðalskipulagsbreytingu samhliða umhverfismati.

Í gildandi aðalskipulagi koma fram skilmálar sem þarf að horfa til við gerð deiliskipulags fyrir svæðið. Skilmálarnir eru eftirfarandi:

- Innan iðnaðarsvæðis eru jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. Lögum um náttúruvernd, þ.m.t. hraun, gufuhverir, gígar og eldvörp. Hverasvæðið við Gunnuhver er sérstakt m.t.t. lífríkis en lengi hefur verið stórt kríuvarp á svæðinu auk máfavarps. Draga skal sem kostur eru úr raski á þessa þætti. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er fjarri þessum svæðum.
- Náttúruvá getur haft áhrif á uppbyggingaráform á Reykjanesi. Flóðahætta er með ströndinni og takmarkað hversu nálægt henni getur talist öruggt að reisa mannvirki.
- Lítt- eða ósnortnu hrauni verði haldið í því ástandi og þess gætt að raska ekki landi að óþörfu. Hönnun mannvirkja taki mið af þessu sérstaka umhverfi og gildi það um byggingar, lagnir og vegi eða slóða. Uppbygging mannvirkja verði innan orkuvinnslusvæðis I5a, en verði ekki dreift um stækkað iðnaðarsvæði.
- Innan orkuvinnslusvæðis I5b takmarkast framkvæmdir fyrst og fremst við borholur og lagnir. Fyrirkomulag og staðsetning skal taka mið af ásýnd og þar sem það á við skulu lagnir grafnar í jörðu.
- Við uppbygginu á svæðinu verði tryggt gott aðgengi ferðamanna að þeim ferðamannastöðum sem eftirsóttastir eru þ.e. hverasvæði við Gunnuhver, Valahnjúkur, Reykjanesviti og Reykjavegur. Vegna sérstöðu lífríkis verði umsvif við eða á hverasvæðinu í lágmarki og tekið tillit til varps kríu. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er fjarri þessum svæðum.

Samherji fiskeldi mun fara eftir þessum skilmálum við breytingu á deiliskipulagi.

Endurskoðun Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020 – 2035 er í ferli og þegar þessi umhverfismatsskýrsla er gefin út, hefur sveitarfélagið kynnt og samþykkt aðalskipulagstillöguna en beðið er eftir staðfestingu Skipulagsstofnunar.

## Deiliskipulag

Hafinn er undirbúningur að deiliskipulagsbreytingu *Deiliskipulags orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Reykjanesbæ* fyrir Norðurlóð, samhliða umhverfismati, í samræmi við fyrirhugaðar framkvæmdir og ofangreinda skilmála. Stefnt er á að deiliskipulagstillaga og umhverfismatsskýrsla verði kynntar samhliða.

## 4.2 Eignarhald

Landsvæðið, sem valkostir standa á, er að hluta í eigu HS Orku og að hluta í eigu einstaklinga. Gerður hefur verið lóðaleigusamningur við eigendur landsvæðis Norðurlóðar sem gildir til ársins 2061.

## 4.3 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Afla þarf eftirfarandi leyfa fyrir framkvæmd og rekstur eldisstöðvarinnar:

- Framkvæmda- og byggingarleyfi sveitarfélagsins Reykjanes skv. Skipulagslögum nr. 123/2010.
- Nýtingarleyfi Orkustofnunar vegna vatnstöku samkvæmt lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.
- Starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- Starfsleyfi Matvælastofnunar skv. Lögum 93/1995 um matvæli vegna fyrirhugaðs reksturs laxfiskaslátrunar.
- Leyfi Minjastofnunar vegna rasks á fornleifum samanber lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

## 5 Valkostir

Samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal í umhverfismati leggja fram lýsingu og mat á raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað.

Í umhverfismati framkvæmdar um eldisstöð á Reykjanesi eru lagðir fram valkostir annars vegar fyrir staðsetningu lóðar eldisstöðvarinnar og hins vegar fyrir aðkomuvegi að Norðurlóð. Einnig er gerð grein fyrir núllkosti.

### Staðsetning lóðar

Við undirbúning framkvæmdar voru eftirfarandi tvær lóðir á Reykjanesi til skoðunar fyrir uppbyggingu eldisstöðvarinnar.

- **Norðurlóð** | Felur í sér staðsetningu norðan við sjótökuholur Reykjanesvirkjunar (Mynd 5.1). Norðurlóð er aðalvalkostur Samherja fiskeldis, sjá kafla 5.1.
- **Suðurlóð** | Felur í sér staðsetningu sunnan við eldisstöð Stolt Sea Farm Holdings Iceland (Mynd 5.1). Samherji fiskeldi telur staðsetninguna ekki ákjósanlega, sjá nánar kafla 4.1 en er settur hér fram til samanburðar í umhverfismati.

Í gegnum umhverfismatsferlið hefur hönnun framkvæmda tekið breytingum og m.a. hefur Norðurlóð verið stækkuð. Á myndum af valkostum heldur Suðurlóð upprunalegri stærð sinni, sem sýnir jafnframt afmörkun rannsóknasvæðis, meðan Norðurlóð sýnir raunstærð. Aftur á móti er gert ráð fyrir að umfang Eldisgarðsins verði sambærilegur milli valkosta og miðast umhverfismatið við það.

### Aðkoma að Norðurlóð

Við undirbúning framkvæmdar voru eftirfarandi valkostir til skoðunar um aðkomu að Norðurlóð á rekstrartíma, þ.e. sú leið sem vöruflytningar, starfsmenn og aðrir koma til með að fara um á rekstrartíma Eldisgarðsins. Ekki voru valkostir til skoðunar fyrir Suðurlóð. Nánari lýsingar á aðkomuleiðum eru í kafla 6.4 í framkvæmdalýsingu.

- **Norðurvegur** | Aðkoma um veg sem liggur frá Nesvegi að lóð norðan megin frá (Mynd 5.1). Aðkoma um Norðurveg er aðalvalkostur Samherja fiskeldis, sjá nánar kafla 5.1.
- **Suðurvegur** | Aðkoma frá Nesvegi sunnan frá, meðfram sjótökuholum HS Orku (Mynd 5.1). Samherji fiskeldi telur aðkomuna ekki ákjósanlega, sjá kafla 5.1 en er settur hér fram til samanburðar í umhverfismati.

Tillögur að veglínnum voru teiknaðar upp lauslega til að gefa til kynna staðsetningu þeirra fyrir athuganir á svæðinu vegna umhverfismats. Við nánari hönnun verður þess gætt að vegur falli vel að landslagi og raski sérstæðum jarðmyndunum sem minnst.

### Núllkostur

Núllkostur felur í sér óbreytt ástand og að ekki verður af framkvæmd. Með núllkosti myndu markmið framkvæmdar ekki nást, en markmiðið styður við markmið Auðlindagarðsins um að nýta afgangstrauma frá jarðvarmaveri sem í dag renna að hluta ónýttir til sjávar.

Með núllkosti verða ekki þau neikvæðu umhverfisáhrif sem fylgja framkvæmdum, sem snúa helst að áhrifum á landslag og ásýnd, rasks á jarðmyndunum.



Mynd 5.1 Valkostir til skoðunar í umhverfismati. Norðurlóð hefur verið stækkuð í hönnunarferlinu. Á myndum heldur suðurlóð upprunalegrri stærð sinni, sem sýnir jafnframt afmörkun rannsóknsvæðis, meðan Norðurlóð sýnir raunstærð. Gert er ráð fyrir að umfang Eldisgarðsins verði sambærilegur milli valkosta og miðast umhverfismatið við það.

## 5.1 Rökstuðningur fyrir aðalvalkosti

Samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal framkvæmdaraðili setja fram upplýsingar í umhverfismatsskýrslu um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.

Með hliðsjón af þeim þáttum sem hér eru til skoðunar leggur Samherji fiskeldi Norðurlóð og aðkomu um Norðurveg fram sem aðalvalkost. Helstu ástæður fyrir valinu eru eftirfarandi, en nánar er farið í þessa þætti í skýrslunni:

### Önnur landnotkun á svæðinu

Suðurlóð liggur nálægt Stolt Sea Farm og á kynningartíma matsáætlunar verkefnis komu fram áhyggjur um að framkvæmdir komi til með að hafa óbein neikvæð áhrif á framleiðslu þeirra og landnotkun. Norðurlóð er því talin hentugri þegar horft er til heildarhagsmuna fyrirtækja í Auðlindagarðinum. Af sömu ástæðu er norðurvegur talin ákjósanlegri í ljósi umfangsmikilla flutninga aðfanga og afurða til og frá Eldisgarðinum. Með norðurvegi er dregið úr ágangi flutningsbíla og almennrar umferðar á rekstrar tíma við Stolt Sea Farm og Reykjanesvirkjun og þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

### Hljóðvist

Þessi umhverfispáttur er nátengdur þeim fyrri. Framkvæmdum mun fylgja hávaði þá fyrst og fremst á framkvæmdatíma en einnig vegna aukinnar umferðar. Þó að búist sé við að hávaði fari ekki yfir viðmiðunarmörk sem skilgreind eru í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða þá kann það þó hafa neikvæð áhrif á nærliggjandi fyrirtæki líkt og fram hefur komið. Norðurlóð er því talin ákjósanlegri hvað varðar áhrif á hljóðvist.

Hvað varðar önnur umhverfisáhrif valkostanna tveggja eru þau að mestu sambærileg. Framkvæmdin kemur til með að raska eldhrauni og verða sýnileg í landslaginu. Óveruleg áhrif eru á vatnsgæði viðtaka og lífríki fjöru, gróðurfar og fuglalíf, ferðaþjónustu og útivist. Báðir valkostirnir eru taldir hafa talsvert jákvæð áhrif á samfélag. Nánari umfjöllun um samantekt umhverfisáhrifa er í kafla 17. Að mati Samherja fiskeldis er mikilvægt að uppbygging innan Auðlindagarðsins hafi hagsmuni heildarinnar í fyrirúmi.



## 6 Framkvæmdalýsing

Helstu framkvæmdaþættir felast í mannvirkjagerð, vegna bygginga og aðkomuvegar, vatnstöku og fráveitu í viðtaka. Framkvæmdalýsingin getur í flestum tilvikum átt við báða valkosti um lóðir. Þar sem við á er gerður greinarmunur á valkostum.


Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar ásamt fyrirhugaðri áfangaskiptingu og framkvæmdatíma. Tekið skal fram að við nánari hönnun geta orðið lítilsháttar breytingar á staðsetningum og útfærslu mannvirkja.

### 6.1 Lýsing á eldi

#### Seiði

Umfjöllun um eldisferilinn miðast við lax en gert er ráð fyrir að í stöðinni geti verið bleikju- og regnbogasilungsemi líka. Miðað er við að regnbogasilungur verði af stofni *Oncorhynchus mykiss*, bleikja af stofni *Salvelinus alpinus* og lax af stofni *Salmo salar*. Ferillinn er nokkuð svipaður milli tegunda en styttri fyrir bleikju og regnbogasilung. Eldi á laxi í Eldisgarði skal svipa til náttúrulegs eldisferils lax. Hrogn klekjast í ferskvatni og verða að kviðpokum. Kviðpokar verða fluttir í frumfóðrunarker inn í seiðastöð. Þar fer eldið einnig fram í ferskvatni. Þegar seiði hafa náð vissri stærð í frumfóðurskerjum verða þau flutt yfir í smáseiðaker. Þegar seiðin hafa náð um 50 g stærð verða þau bólusett og flutt í smoltaker.

Að loknum lágmarks viðverutíma í smoltakeri eru seiðin flutt úr seiðastöð yfir í áframeldi 1. Við flutning yfir í áframeldi lýkur seiðaeldi og áframeldi hefst. Þá eru seiðin flutt úr ferskvatni yfir í sjó. Æskileg stærð seiða við flutning úr seiðastöð eru um 80-100 g. Mynd 6.1 sýnir hvernig eldisferillinn fer fram og lýsir efsta línán flæði fisks í gegnum seiðastöðina.



Mynd 6.1 Eldisferillinn.

## Áframeldi

Áframeldi hefst þegar seiði hafa verið flutt úr seiðastöð. Seiðin hafa þá náð um 80-100 g stærð og orðin seltuvanin. Áframeldið fer fram í þremur mismunandi kerjastærðum. Áframeldissvæðin eru átta og er fiskur ekki fluttur út af áframeldissvæði fyrr en hann hefur náð sláturstærð. Gert er ráð fyrir að laxinn dvelji í 4 mánuði í áframeldis 1 kerri sem er 1.000 m<sup>3</sup>, 4 mánuði í áframeldis 2 kerri sem er 2.000 m<sup>3</sup> og loks 5 mánuði í áframeldi 3 kerri sem er 4.000 m<sup>3</sup>.

## 6.2 Áfangaskipting

Eldisgarður er stór framkvæmd og verður hann byggður í þremur áföngum. Áföngum er skipt eftir framleiðslugetu hvers áfanga:

**Fyrsti áfangi:** Inniheldur aðalbyggingu, seiðastöð, vinnsluhús og stoð- og tæknirými. Afköst seiðastöðvar verða 5.000.000 seiði. Einnig verða byggð tvö áframeldissvæði og verður framleiðsla þeirra 10.000 tonn á ársgrundvelli. Sjá töflu Tafla 6.1 til nánari skýringar.

**Annar áfangi:** Felur í sér byggingu á tveimur áframeldissvæðum til viðbótar. Framleiðsluaukning annars áfanga er 10.000 tonn og verður framleiðslugeta þá samtals 20.000 tonn á ársgrundvelli.


**Þriðji áfangi:** Inniheldur byggingu seiðastöðvar með sömu afköstum og seiðastöðin í áfanga 1 og byggingu fjögurra nýrra áframeldissvæða sem auka framleiðslugetu eldistöðvarinnar um 20.000 tonn. Bygging vinnsluhúss með sömu afköstum og vinnslan í áfanga 1. Samtals verður því framleiðslugeta fullbyggðrar eldisstöðvar 40.000 tonn á ársgrundvelli.

Tafla 6.1 Uppbygging Eldisgarðs eftir áfangaskiptingu.


| Áfangaskipting mannvirkja | 1. áfangi | 2. áfangi | 3. áfangi |
|---------------------------|-----------|-----------|-----------|
| Aðalbygging               | 100%      |           |           |
| Seiðastöðvar              | 50%       |           | 50%       |
| Áframeldi 1               | 25%       | 25%       | 50%       |
| Áframeldi 2               | 25%       | 25%       | 50%       |
| Áframeldi 3               | 25%       | 25%       | 50%       |
| Vinnsla                   | 50%       |           | 50%       |

Tafla 6.2 Helstu kennitölur framkvæmdar eftir áföngum.

| Áfangaskipting Eldisgarðs     | 1. áfangi | 2. áfangi | 3. áfangi | Samtals   |
|-------------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Framleiðslumagn (stk/ári)     | 2.000.000 | 2.000.000 | 4.000.000 | 8.000.000 |
| Framleiðslumagn (t/ári)       | 10.000    | 10.000    | 20.000    | 40.000    |
| Ferskvatn (l/s), hámark       | 20        | 15        | 15        | 50        |
| Ylsjór (l/s), hámark          | 800       | 800       | 1.600     | 3.200     |
| Sjór (l/s), hámark            | 7.500     | 7.500     | 15.000    | 30.000    |
| Fóðurnotkun (t/ári)           | 12.000    | 12.000    | 24.000    | 48.000    |
| Standandi lífmassi hámark (t) | 5.000     | 5.000     | 10.000    | 20.000    |
| Rafaflspörf (MW)              | 4         | 4         | 8         | 16        |
| Borholur                      | 15        | 15        | 30        | 60        |
| Hreinsistöð                   | 1         |           | 1         | 2         |



Mynd 6.2 Áætlað fyrirkomulag innan lóðar ásamt áfangaskiptingu (1 – 3). Fyrir miðju er svæðið flekaskil þar sem starfsmannaaðstaða, seiðastöð, og vinnsla eru staðsett. Norðan og sunnan megin við flekaskil eru flekasvæðin sem hvort um sig hafa fjóra fleka og sjö stoð og tækja byggingar. Græn brotalína sýnir mögulega staðsetningu varnargarðs. Mynd: AVH ehf.



Mynd sýnir möguleg áhrif á landslag og ásýnd, ekki er um endanlega hönnun að tæða.

Mynd 6.3 Yfirlitsmynd sem sýnir mögulega ásýnd Norðurlóðar, horft frá Stömpum til Suðvesturs. Sjóstökuholur Reykjanesvirkjunar og Stolt Sea Farm sjást sunnan við Eldisgarð. Mynd: AVH ehf.

## 6.3 Heildarskipulag svæðis

Mannvirkjum Eldisgarðs má skipta í: Flekaskil og tvö flekasvæði

Flekaskil er svæðið á milli flekasvæða. Þar má finna byggingar eins og starfsmannaaðstöðu, seiðastöðvar, og slátr- og vinnsluhús. Samtals er áætlað byggingarmagn flekaskila um 58.000 m<sup>2</sup>.

Flekasvæðin eru svæðin sitthvorum megin við flekaskil þar sem stærri eldiskörin eru staðsett. Flekarnir eru samtals 8 og er stærð þeirra áætluð um 154.000 m<sup>2</sup>. Norðan og sunnan við flekasvæðin eru stoð og tæknirými og er stærð þeirra samtals um 38.000 m<sup>2</sup>. Samtals er byggingarmagn flekasvæða um 192.000 m<sup>2</sup>.

### 6.3.1 Eldisker

Einn umfangmesti þáttur framkvæmdarinnar er bygging eldiskerja. Hönnun kerja tekur mið af því að lágmarka landsvæði og hámarka framleiðslu. Ker í áframeldi-1, áframeldi-2 og áframeldi-3 eru staðsett á flekasvæðum en önnur ker eru staðsett á flekaskilum í seiðastöð. Hver fleki samanstendur af 6 litlum kerjum, 6 millistórum kerjum og 8 stórum kerjum. Kerin á verða niðurgráfin og koma til með að standa um einn til tvo metra upp úr jörðu og er dýpi stærstu kerjanna um 5 metrar. Eldisrými hvers fleka er 50.000m<sup>3</sup> og er því samanlagt eldisrými átta fleka og seiðastöðva áætlað 410.000 m<sup>3</sup>.

Tafla 6.3 Helstu upplýsingar um eldiskör Eldisgarðs.

|               | Fjöldi kerja | Stærð (m <sup>3</sup> ) | Þvermál (m) | Dýpt (m) |
|---------------|--------------|-------------------------|-------------|----------|
| Frumfóðurskör | 12           | 70                      | 6           | 2.0      |
| Smáseiðakör   | 12           | 150                     | 8           | 2.5      |
| Seiðakör      | 24           | 300                     | 12          | 3.0      |
| Áframeldi 1   | 48           | 1000                    | 18          | 3.8      |
| Áframeldi 2   | 48           | 2.000                   | 24          | 4.2      |
| Áframeldi 3   | 64           | 4.000                   | 30          | 5.4      |

### 6.3.2 Mannvirki í eldisgarði

Þau mannvirki sem reist verða í Eldisgarði eru: Aðalbygging, seiðastöðvar, vinnsluhús, áframeldissvæði, stoð og tæknirými. Gert er ráð fyrir óráðstöfuðu rými innan og kringum Flekaskil sem notað verður ef stækka þarf einhverjar af fyrrnefndum byggingum. Hæð aðalbyggingar, stoð- og tæknibygginga getur verið allt að 20 m en gert er ráð fyrir að hæð bygginga í áframeldi verði allt að 15 m.

Tafla 6.4 Önnur mannvirki sem fyrirhuguð er á svæðinu.

| Mannvirki                         | Hlutverk   | Flatarmál (m <sup>2</sup> ) |
|-----------------------------------|--|-----------------------------|
| Aðalbygging                       | Starfsmannaaðstaða og skrifstofur                                      | 6.000                       |
| Seiðastöð 1 og 2                  | Framleiðsla seiða  | 20.000                      |
| Vinnsluhús                        | Slátrun og vinnsla á eldisfiski  | 24.000                      |
| Óráðstafað rými inn á Flekaskilum | Óráðstafað rými  | 8.000                       |
| Flekasvæði                        | Áframeldis eldisfisks  | 154.000                     |
| Stoð og tæknirými                 | Dælustöð, verkstæði, töflurými, súrefnisgeymslu, fóðurkerfi og fleira. | 38.000                      |
| Samtals                           |  | 250.000                     |

## Aðalbygging

Aðalbygging verður um 6.000 m<sup>2</sup> að stærð. Þar verður móttaka allra starfsmanna, gesta og ferðamanna. Starfsmenn skrifstofu, vinnslu, seiðastöðva og áframeldis hafa aðstöðu í þessari byggingu. Út úr aðalbyggingu er greið leið fyrir starfsmenn að seiðastöðvum, áframeldisstöðvum og vinnslu.

## Seiðastöð

Seiðastöð er eina mannvirkið á flekaskilum þar sem eldi mun fara fram. Hér hefst lífsferill laxins í Eldisgarði. Tekið verður á móti hrognum inn í seiðastöð sem mun skila frá sér um 80 g sjóvöndum laxaseiðum sem flutt verða út í áframeldisstöð. Flutningur fer fram með flutningskerfi milli bygginganna. Grunnflötur hvorrar seiðastöðvar er 5.000 m<sup>2</sup> og gert ráð fyrir að þær geti verið á tveimur hæðum. Samtals er flatamál þeirra því um 10.000 m<sup>2</sup>. Ráðgert er að eldisrými í seiðastöðvum verði um 10.000 m<sup>3</sup>.

## Flekasvæði

Flekasvæði er fyrirferðamesta mannvirkið í Eldisgarði. Flekasvæðið samanstendur af 8 byggingum. Hver bygging er einföld veðurhlíf yfir hvern fleka en hann samanstendur af 6 áframeldis 1 kerjum, 6 áframeldis 2 kerjum og 8 áframeldis 3 kerjum. Þegar eldisfiskur hefur náð sláturstærð verður hann fluttur í vinnsluhús.

## Vinnsluhús

Í vinnsluhúsi líkur eldisferli laxins með slátrun og vinnslu. Laxinn verður fluttur lifandi af áframeldissvæði inn í slátur- og vinnsluhús. Þar verður hann unninn og honum pakkað og loks skipað út.

## Stoð- og tæknibyggingar

Í stoð- og tæknibyggingum verða dælustöð, verkstæði, töflurými, súrefnisgeymslu, fóðurkerfi, gróðurhús, mjölvinnsla og fleira. Staðsetning húsanna er suður og norður af flekasvæðum (Mynd 6.2). Fyrirkomulag stoð og tæknibygginga er ekki að fullu ákveðið en gert er ráð fyrir að stærð þeirra geti verið allt að um 38.000 m<sup>2</sup>.

## Óráðstafað rými inn á Flekaskilum

Er svæði milli bygginga á Flekaskilum. Þetta er svæði sem hefur ekki verið ráðstafað en gæti þurft að nota ef einstaka byggingar þurfa að vera stærri en ráðgert er í núverandi hönnun.

## 6.4 Aðkoma

Eins og kemur fram í kafla 5 um umfjöllun um valkosti er í umhverfismati til skoðunar tveir valkostir um meginaðkomu umferðar á rekstartíma að Norðurlóð frá Nesvegi, annars vegar Suðurvegur og hins vegar Norðurvegur (Mynd 5.1). Norðurvegur er aðalvalkostur Samherja fiskeldis og er skipulagi Eldisgarðs þannig háttáð að starfsmenn og gestir munu fara um aðkomuveg vestan megin við Eldisgarð en þungaumferð eins og fóðurflutningar og afurðaflutningar fara austan megin við hann (Mynd 6.2) Tafla 6.1.

Framkvæmd, miðað við aðalvalkost, felur í sér að báðir vegirnir tengjast Norðurlóð. Á framkvæmdatíma verður Suðurvegur notaður á meðan uppbyggingu stendur yfir. Vegna umfangs rekstrar og staðsetningar, t.a.m. með tilliti til jarðhræringa, er talið nauðsynlegt að hafa nothæfa varaleið ef rýma þarf lóðina og tryggja þarf aðkomu slökkviliðs. Einnig er það mikilvægt til að tryggja flutning á afurðum og aðföngum. Því er gert ráð fyrir að Suðurvegur haldi sér, eftir að framkvæmdum er lokið.

#### 6.4.1 *Umferð á rekstrartíma*

Á rekstrartíma verður umferð til og frá svæðis aðallega vegna flutnings á fóðri fyrir fiskeldið, flutnings á afurðum frá svæðinu og ferðum starfsmanna, auk skipulagðra heimsóknna ferðamanna.

Fóðurnotkun á ársgrundvelli er áætluð um 48.000 tonn á ári fyrir fullbyggða stöð. Hver bíll tekur um 28 tonn í ferð og því má áætla að þetta verði um 3.400 ferðir á ári ef ferðir eru bæði taldar til og frá stöð.

Hvað flutning á afurðum varðar þá er gert ráð fyrir að flytja um 33.000 tonn af laxi af slægðum laxi með haus af svæðinu sem fara með flutningabílum. Hver bíll tekur um 25 tonn og eru ferðir vegna afurðaflutninga því um 2.800 á ári.

Áætlað er að í stöðinni vinni allt að 100 manns þegar hún er kominn í fullan rekstur. Vonast er til að fólk komi til með samnýta bíla en einnig stefnir Samherji fiskeldi á að starfrækja rútur fyrir starfsfólk til að takmarka bílferðir. Gert er ráð fyrir um 40 ferðum á dag eða um 10.000 ferðum á ári.

#### 6.4.2 *Umferð innan svæðis*

Innan svæðis, á milli mannvirkja, eru vegir og þjónustuvegir fyrir nauðsynleg þjónustutæki og starfsfólk. Svæðið er skipulagt með það fyrir augum að tryggja öryggi starfsfólks og bestu sóttvarnir sem völ er á. Öll óþarfa umferð um svæðið verður bönnuð. Lagt er til að öll þungaumferð verði um eldisstöðina austanmegin þeim megin sem vinnslan er. Umferð starfsmanna og gesta verði vestanmegin, þeim megin sem starfsmannaöstaða er.

#### 6.5 *Vatnsnotkun*

Fiskeldisstöðin mun nýta ferskvatn, ylsjó og sjó við reksturinn. Heildarvatnstaka eldisstöðvarinnar er áætluð að hámarki 33.000 lítrar/sek. Þar af er jarðsjór um 30.000 l/s og ylsjór um 3.200 l/s en í dag renna um 3.500 l/s til sjávar frá Reykjanesvirkjun. Tafla 6.2 sýnir vatnsnotkun eftir áfangaskiptingu.

Sveiflur á lífmassa og vatnsnotkun verða litlar þegar Eldisgarður er kominn í stöðugan rekstur. Lífmassinn er stöðugur yfir allt árið og er ekki árstíðabundinn eins og lífmassi seiðastöðva fyrir sjókvíaelði. Gert er ráð fyrir að sveiflurnar á lífmassa og vatnstöku verði innan við 5%. Sveiflur á jarðsjávarstöðu geta því verið um 1.500 l/s og rúmast þær sveiflur innan fyrrgreinds hámarks sem er 30.000 l/s.

Ekki er vitað til þess að ferskvatn sé á svæðinu og því er gert ráð fyrir að reisa seiðastöð með fullkomnum endurnýtingarkerfum (RAS Resirculating Aquaculture System) sem takmarka ferskvatnsnotkun mjög og er sú notkun áætluð 25 l/s. Það ferskvatn verður leitt inn á lóðina með veitukerfi HS Orku. Ferskvatnslagnir verða lagðar meðfram lögnum Reykjanesvirkjunar, vestur fyrir hverfisverndaða Stampasvæðið og þaðan að eldisstöðinni.

Eldisgarður mun nýta ylsjó sem rennur frá Reykjanesvirkjun. Ylsjórinn er um 30°C heitur. Hann er því of kaldur til flestrar varmanýtingar en hentar vel til að hita upp eldisvökva og skapa eldisfiski bestu mögulegu skilyrði til vaxtar. Ylsjávarlögn er lögn eða lagnir sem leiða ylsjó frá Reykjanesvirkjun inn á innrennslistokk eldiskerja. Lagnirnar munu liggja samhliða ferskvatnslögn. Gert er ráð fyrir að lagðar verði tvær lagnir og hvor um sig verði um 1.500 mm að þvermáli.

Fiskeldisstöðin mun nýta jarðsjó úr borholum sem staðsettar verða innan lóðar. Sjór er lang fyrirferðamesti vökvinn sem nýttur verður til eldisins. Bora þarf um 50-60 borholur og er vænst til að hver hola gefi um 400-500 l/s. Endanleg afköst hola ráða fjölda þeirra. Holurnar svipa mjög til hola sem voru boraðar fyrir Reykjanesvirkjun en þær gefa

sambærilegt magn af jarðsjó. Vatn úr borholum verður leitt inn á innrennslisstokka eldiskerja með sjólögnum.

Vatnstaka er háð nýtingarleyfi Orkustofnunar og mun fara fram í samræmi við þau ákvæði sem Orkustofnun setur. Í kafla 8 er nánar gerð grein fyrir grunnvatnslíkani sem unnið var í tengslum við matið og lagt mat á áhrif framkvæmdar.

### Lýsing á endurnýtingarbúnaði

Öll vatnstaka áframeldis verður lágmörkuð með endurnýtingarbúnaði. Sá búnaður samanstendur af kolsýrulofturum, filterum og súrefnisbúnaði. Búnaðurinn verður staðsettur innan fleka. Án endurnýtingar þyrfti vatnstaka á jarðsjó að vera um 60.000 l/s en ekki 30.000 l/s eins og ráðgert er.

Eldisstöðinni má skipta í tvenns konar endurnýtingarkerfi. Annars vegar endurnýtingarkerfi sem er í seiðastöðinni en það er svokallað RAS kerfi sem notar lítið ferskvatn. Áætluð vatnsnotkun í því kerfi eru um 25 l/s fyrir seiðastöðvar.

RAS kerfi eru dýr og flókin og eru því aðallega notuð þar sem skortur er á ferskvatni sem er raunin í Eldisgarði. Endurnýting á vatni verður allt að 99%. Aðrar deildir innan fiskeldisstöðvarinnar verða búnar búnaði sem minnkar vatnsnotkun en ekki eins mikið og RAS búnaður. Þau kerfi verða í áframeldi-1, áframeldi-2 og áframeldi-3. Það kerfi inniheldur sama búnað og í seiðastöðinni en ekki lífhreinsi (e.biofilter) en hann er jafnframt fyrirferðamesti búnaður í RAS endurnýtingarkerfum. Endurnýting á því vatni verður um 60-70%.

### Súrefni

Súrefni verður bætt í eldisvökvann til að tryggja vatnsgæði fyrir eldisfiskinn. Áætlað er að byggja hús undir súrefnisframleiðsluvélar til að anna súrefnisþörfinni. Súrefnistönkum verður einnig komið fyrir á lóðinni og verða þeir í að minnsta kosti átta metra fjarlægð frá öllum byggingum og festir á steiptan sökkul. Súrefnistankar verða girtir af með tveggja metra hárrí girðingu. Fjöldi þeirra súrefnistanka og stærð, sem byggðir verða, fer eftir afkastagetu súrefnisframleiðslunnar.

## 6.6 Fóður og fóðurkerfi

Áætlað er að nota sambærilegt fóðurkerfi og nú tíðkast í eldisstöð fyrirtækisins á Stað við Grindavík. Hver kerjapýrping mun hafa sitt eigið fóðurkerfi. Fóðri verður dælt beint í fóðursílu sem staðsett verða nærri fóðurkerfum. Fóðrunin verður sjálfvirk og verður fóðrinu blásið í kerin úr tölvustýrðum fóðurkerfum. Fóðurkerfið verður tengt við stjórnkerfi eldisstöðvarinnar og hafa starfsmenn aðgang að því allan sólarhringinn.

Fóður verður af sambærilegri gerð og Samherji fiskeldi notar í dag en það fóður heitir ECO og framleitt af fóðurverksmiðjunni Laxá. Á fyrstu stigum í seiðastöðinni verður einnig notað fóður frá norsku fóðurframleiðendunum Skretting, Biomar eða Trofi. Fóðrið er úr hágæða fiskimjöli, ljósátu, lýsi, repjuolíu, maís, hveiti, sojamjöli, vítamíni, steinefnum og náttúrulegu litarefni.

Rekstraraðili hefur hag af því að nýta fóður sem best til að lágmarka fóðurnotkun. Þannig er framleiðslukostnaði og álagi á viðtaka haldið í lágmarki. Fylgst verður markvisst með fóðurtöku og fóðurleyfum í frárennslisvatni kerja. Slík stýring og eftirlit hjálpar til við að tryggja rétta fóðrun og lágmarka fóðurtap. Með þessum aðferðum er hægt að tryggja að fóðurtap sé að hámarki 1% sem þýðir hagkvæmara og umhverfisvænna eldi.

Reiknað er með að fóðurstuðullinn í eldinu verði um 1,2, þ.e. að það þurfi 1,2 kg af fóðri til að framleiða hvert kg af fiski. Til þess að framleiða 40.000 tonn af fiski þarf því 48.000 tonn af fóðri. Þetta er nokkuð ríflega áætlað og má búast við að fóðurstuðull verði eitthvað



lægri. Notast verður við framleiðslustýringarforritið Fish Talk til að skrá og halda utan um allar helstu upplýsingar í daglegri framleiðslu, en þar er fóðrunin skráð ásamt öllum tilfærslum á fiski, dauða og helstu umhverfispáttum.

## 6.7 Frárennsli

Um tilhögun fráveitu og hreinsun gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Til að tryggja lágmarksáhrif á viðtakann verða byggðar tvær hreinsistöðvar fyrir frárennislsvatn á lóðinni. Ein sem mun þjónusta áfanga 1 og 2 og önnur fyrir áfanga 3. Frárennislagnir liggja frá eldiskerjum til hreinsistöðva og þaðan í viðtaka. Allt vatn sem rennur frá eldiskerjum mun fyrst fara í gegnum síubúnað þar sem um 60% fastefna verður síað frá. Síað vatn verður leitt til sjávar en vatnið sem inniheldur föstu efni fer til hreinsistöðva. Í hreinsistöð mun fara fram þétting á fastefni og þurrkun. Markmiðið er að fjarlægja eins mikið vatn og hægt er til að vinna aukaafurðir úr lífrænu efni sem safnast í frárennsli, s.s. áburð.

Í umsögn Umhverfisstofnunar við matsáætlun er bent á 2. mgr. 9. gr reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp þar sem kemur fram að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 m frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Aðstæður við valkosti eru þannig að mjög brimasamt er á svæðinu. Samherji fiskeldi stefnir á koma lögnum undir sjávarborð en talið er að ómögulegt sé að uppfylla ofangreint ákvæði að fullu. Hönnunin verður í samráði við tæknideild Reykjanesbæjar og Heilbrigðisnefnd Suðurnesja en allt klóak frá starfsmannaáðstöðu verður sett í rotþró í samráði við Heilbrigðisnefnd Suðurnesja.

Tafla 6.5 sýnir útreikninga á losun lífrænna efna út frá fóðurnotkun. Í útreikningum er stuðst við leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun og upplýsingar um vegið hlutfall köfnunarefnis og fosfórs í fóðri frá fóðurframleiðanda.

Tafla 6.5 Útreikningar á losun lífrænna efna út frá fóðurnotkun

|                            | Kg fóðurs á ári | Þurr-efni  | Vegið N og P í fóðri | Margf. stuðull frá UST | Tonn framleidd brúttó | Kg losuð  | Kg/framl. tonn | Hreinsun – 60% af fastefni | Heildarlosun eftir hreinsun | Kg/framl. tonn |
|----------------------------|-----------------|--|----------------------|------------------------|-----------------------|-----------|----------------|----------------------------|-----------------------------|----------------|
| <b>N á föstu formi</b>     | 48.000.000      | 0,93   | 0,066                | 0,15                   | 40.000                | 441.936   | 11,0           | 265.12                     | <b>176.774</b>              | 4,4            |
| <b>N á uppleystu formi</b> | 48.000.000      | 0,93   | 0,066                | 0,48                   | 40.000                | 1.414.195 | 35,4           |                            | <b>4.414.195</b>            | 35,4           |
| <b>P á föstu formi</b>     | 48.000.000      | 0,93   | 0,01                 | 0,44                   | 40.000                | 196.416   | 4,9            | 117.850                    | <b>78.566</b>               | 2,0            |
| <b>P á uppleystu formi</b> | 48.000.000      | 0,93   | 0,01                 | 0,26                   | 40.000                | 116.064   | 2,9            |                            | <b>116.064</b>              | 2,9            |
| Total N                    | <b>39,8</b>     | Kg N losuð eftir hreinsun á hvert tonn framleitt |                      |                        |                       |           |                |                            |                             |                |
| Total P                    | <b>4,9</b>      | Kg P losuð eftir hreinsun á hvert tonn framleitt |                      |                        |                       |           |                |                            |                             |                |

Samkvæmt útreikningum verður heildarlosun fosfórs um 4,9 kg á hvert framleitt tonn, en algengt er að losunarmörk sem Umhverfisstofnun setur í starfsleyfum landeldisstöðva með frárennsli í sjó, sé á bilinu 9-12 kg á framleitt tonn. Hefðbundið fiskeldisfóður inniheldur um 51% af kolefni. Um 70% af kolefni er losað út í umhverfið sem ólífrænn og lífrænn úrgangur en um 30% nýtist í vöxt (Wang et.al. 2012).

Tafla 6.6 sýnir áætlaða losun kolefnis (C) frá 40.000 tonna framleiðslu með fóðurstuðul 1,2. Lífrænt kolefni á föstu formi er þarna tæp 4,6 tonn en ef reiknað er með að 60% af fastefninu sé síað frá er sú tala 1,6 tonn.

Tafla 6.6 Áætluð losun kolefnis (C) miðað við 40.000 tonna framleiðslu með fóðurstuðul 1,2.

| Í fóðri | Ótíð fóður |     | Í vöxt |       | Ólífræn efni |        | Lífræn úrgangsefni |                 |               | Samt:   |        |
|---------|------------|-----|--------|-------|--------------|--------|--------------------|-----------------|---------------|---------|--------|
|         | Kg         | %   | kg     | %     | kg           | %      | kg                 | Þar af uppleyst | Á föstu formi |         |        |
| 24.480  | 1%         | 245 | 30%    | 7.344 | 48%          | 11.750 | 22%                | 5.386           | 808 kg        | 4578 kg | 17.136 |

Nánar er farið í áhrif frárennslis á viðtaka og lífríki fjöru í kafla 9.

### Varnir gegn slysasleppingum

Til að tryggja að fiskur sleppi ekki úr kerjunum verður til staðar tvöfalt ristakerfi. Fyrsta sleppingarvörn eru stárlistar í öllum kerjum. Grófleiki ristanna miðast við stærð fisks í kerjunum, ristarbilið er því alltaf þrengra en minnsti fiskurinn í kerinu. Einnig verða settar grindur í frárennslislagnir til að draga enn frekar úr hættu á slysasleppingum. Þar að auki er allt frárennslisvatn síað. Frá þeirri síu fer síað vatn til sjávar og það sem sían síar úr frárennslisvatni er leitt til frárennslisstöðvar svo að líkur á slysasleppingum eru hverfandi.

Samherji fiskeldi rekur fimm landeldisstöðvar. Stöðvarnar hafa verið í rekstri í tugi ára og aldrei hefur orðið vart við sleppingar hjá fyrirtækinu. Ef svo ólíklega vildi til að fiskur slyppi úr kerjunum er til staðar viðbragðsáætlun við sleppingum sem verður vel kynnt fyrir öllum starfsmönnum og verður hluti af rekstrarleyfi stöðvarinnar.

## 6.8 Sjúkdómavarnir og lyfjanotkun

Heilbrigði í fiskeldi hér á landi hefur verið mjög gott. Ekki hafa komið upp þeir smitsjúkdómar sem valdið hafa hvað mestu tjóni hjá nágrannaþjóðum okkar ef frá er talinn blóðþorri (ISA veiran) sem kom upp í fyrsta skipti hér á landi 2021. Helsta ógnin og tjónvaldur í íslensku fiskeldi er nýrnaveiki. Sú baktería, sem veldur nýrnaveiki, er mjög útbreidd meðal laxfiska í náttúrulegu umhverfi og erfitt getur verið að varna smiti þar sem bein tengsl eru við náttúruna, t.d. í kvíaelði og við yfirborðsvatnstöku í landeldi (Jónsson, 2020). Virkt eftirlit er með nýrnaveiki (MAST) og eru öll hrogn sem tekin eru inn í eldisstöðvar skimuð fyrir nýrnaveiki.

Í Eldisgarði verður jarðsjó, sem þarf til eldisins, dælt úr borholum innan lóðar. Heitur jarðsjór og ferskvatn koma frá HS Orku. Hætta á nýrnaveikismiti verður því hverfandi þar sem ekki verður um neina nýtingu á yfirborðsvatni að ræða.

Þeir sjúkdómar, sem hafa valdið mestum usla í áframeldisstöðvum Samherja fiskeldis á Reykjanesi, eru bakteríusjúkdómarnir vetrarsár (*Moritella viscosa*), kýlaveikibróðir (*Aeromonas salmonicida*) og uggarot/sporðrot (*Tenacibaculum sp.* og *Flavobacterium sp.*). Í seiðastöðvum Samherja fiskeldis verður stundum vart við sníkjudýrið *Costíu*.

Fyrirtækið hefur ekki notað nein sýklalyf í meira en áratug og engin slík notkun er fyrirhuguð. Fyrirtækið er vottað af fyrirtækinu ECOCERT fyrir Whole Foods Market í Bandaríkjunum og þar er ein aðalkrafan sú að engin lyf séu notuð við eldið. Sjúkdómavörnum verður sinnt í samræmi við gildandi lög og reglugerðir en jafnframt er fyrirtækið með samning við fyrirtækið Vetaq til að tryggja heilbrigðiseftirlit og smitvarnir. Unnið verður samkvæmt áætlun um fiskaheilbrigði (e. Veterinary Health Plan) sem unnin verður í samráði dýralækni og verður endurskoðuð og uppfærð árlega. Innri smitvarnir munu byggja á verkferlum sem tryggja aðskilnað milli eldiseininga og ólíkra stiga eldisins.

Allir flutningar á fiski í stöðina þarfnast samþykktar frá dýralækni fisksjúkdóma og aðkoman að stöðinni verður alltaf lokuð með hliði sem einungis starfsmenn stöðvarinnar geta opnað. Í eldisstöðvum Samherja fiskeldis hefur hönnun tekið mið af einstefnukerfi tengdu lífsferli fiskanna frá seiðum til sláturfisks. Með hönnun er aðskilnaður framleiðslueininga tryggður og jafnframt að enginn búnaður, fiskur, vatn eða tæki fari í gagnstæða átt. Öll hönnun stöðvarinnar mun miða að því að lágmarka sjúkdómaáhættu.

Klór og iðnaðarsápur verða notaðar við þrif. Tafla 6.7 sýnir áætlaða efnanotkun sem kemur til með að fylgja 40.000 tonna framleiðslu. Haldið verður utan um alla efnanotkun í eldinu og magntölum skilað inn árlega í grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar.

Tafla 6.7 Áætluð efnanotkun m.v. 40.000 tonna framleiðslu.

| Efni               | Magn   |
|--------------------|--------|
| Arrow fpc.f.jector | 2500 L |
| Klór 15%           | 3000 L |
| Virasure           | 150 kg |

## 6.9 Úrgangur

### Lífrænn úrgangur frá eldinu

Uppistaðan í þeim lífræna úrgangi, sem fellur til í eldinu verður dauðfiskur og fiskimykja. Reikna má með um 5% dauða af innskráðum fiski og áætlað er að heildarmagnið verði um 2.000 tonn á ári þegar stöðin er komin í fullan rekstur. Frá 1.áfanga er reiknað með um 500 tonnum á ári og um 1.000 tonnum þegar áfangi 2 hefur bæst við.

Hönnun eldisstöðvarinnar mun miða að því að létta starfsfólki vinnu sína og mun dauðfiskur til að mynda sogast sjálfkrafa upp með svokölluðu „liftup“ kerfi þegar starfsmaður sinnir daglegum störfum sínum við eldið. Sjálfvirkum rafrænum talningarbúnaði verður komið fyrir þar sem fiskurinn sogast upp og einnig verður sjálfvirk kerfi með vatnsskilju sem safnar dauðfiskinum frá hverri kerjapýrpingu saman í kör sem verða fjarlægð daglega. Framleitt verður mjöl á svæðinu úr dauðfiski og aukaafurðum úr vinnslu, sem verður nýtt í dýrafóður. Það er markmið Samherja fiskeldis að stuðla að stöðugum umbótum í eldi og tryggja góða lifun eldisfisks.

Nánar er fjallað um losun lífrænna efna í kafla 6.6 um fóður og fóðurkerfi.

### Lífrænn úrgangur frá starfsmannaaðstöðu

Lífrænn úrgangur frá starfsmannaaðstöðu verður leiddur í rotþrær sem tengjast siturbeði og verða þær staðsettar innan lóðar í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólþ og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir. Allar rotþrær verða þrískiptar til að uppfylla kröfur í reglugerð þar sem kemur fram að allt skólþ skuli hreinsað með tveggja þrepa hreinsun. Áætlaður starfsmannafjöldi við eldisstöðina er um 100 miðað við fullbúna stöð. Íbúagildi teljast því 38 og þarf samanlögð stærð rotþróa því að vera að lágmarki 9.600 lítrar. Fagaðili verður fenginn til að fylgjast reglulega með ástandi rotþróa. Rotþrær verða jafnframt tæmdar reglulega til að viðhalda eðlilegri virkni og verður fenginn til þess aðili með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti til að meðhöndla seyru.

Frá rotþróum liggja rör sem leiða frá þeim svokallað svartvatn, sem er sá vökvi sem skilst að frá fastefni innan rotþróa. Svartvatnið verður leitt frá rotþrónum og komið fyrir í loftræstri siturlögn úr malarbeði. Þá verður tryggt að kornastærð og dýpt malarbeðs nægi til þess að gera skaðlegar örverur óskaðlegar. Ekki er talin hætta á því að mengun berist í sjótökuholur sökum þess dýpis sem sjórinn er sóttur niður á. Loka hönnun og staðsetning siturlagna verður ákveðin í fullu samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

### Ólífrænn úrgangur

Annar flokkanlegur úrgangur frá starfsemi verður sóttur vikulega. Samherji fiskeldi er með samning við Hópsnes (HP gáma) varðandi hreinsun á öllum ólífrænum úrgangi sem fellur til í starfsstöðvum fyrirtækisins á Reykjanesi. Settir verða upp sérstakir gámar fyrir endurvinnanlegan úrgang þar sem plast og pappi verður flokkað frá til endurvinnslu. Miklar framfarir hafa nýlega orðið varðandi meðhöndlun á fóðri þar sem því er nú blásið beint í fóðursíló en var áður afhent í plastsekkjum. Tafla 6.8 sýnir áætlaðar magntölur fyrir ólífrænt sorp.

Tafla 6.8 Áætlaðar magntölur ólífræns sorps á ári.

| Flokkur            | 1.áfangi (kg) | 1. og 2. Áfangi (kg) | Fullbyggð stöð (kg) |
|--------------------|---------------|----------------------|---------------------|
| Plast              | 750           | 1.500                | 3.000               |
| Pappi              | 250           | 500                  | 1.000               |
| Blandaður úrgangur | 1.000         | 2.000                | 4.000               |

## 6.10 Efnistaka – og haugsetning

Suður- og Norðurlóð Auðlindagarðs eru lítt grónar og að mestu þakin nútímahrauni og klöppum. Til að reisa megi ker og mannvirki þarf að sprengja eða fleyga.

Samherji fiskeldi leggur áherslu á hagkvæma eldisstöð og því verða ker niðurgráfin. Meðalhæð Norðurlóðar er um 8 metra yfir sjávarmáli og Suðurlóðar um 10 metrar. Til stendur að botn kerjaveggja standi í hæðinni 4 m yfir sjávarmáli. Því þarf að forfæra um 600 þúsund rúmmetra af efni.

Við framkvæmdina er gert ráð fyrir að efnið, sem fæst við uppgröft, verði haugsett innan lóðar og nýtt sem fylling undir ker og önnur mannvirki og til uppbyggingar bílaplana, vega, varnargarða og hljóðmana. Gert er ráð fyrir að ráðstafa eins miklu efni og hægt er innan lóðar. Fínna efni, sem þarf til framkvæmdanna, verður sótt í nærliggjandi efnisnámur og er magnið áætlað 4000m<sup>3</sup>. Dæmi um nærliggjandi námur má nefna E4 – Sandvík og E1-3 Rauðamelur / Stapafell og Sútur sem skilgreindar er á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015 – 2030.

### Varnargarður

Þörf er á varnargarði við framkvæmdasvæði en Vegagerðin vann skýrslu að ósk Samherja fiskeldis varðandi flóðvarnargarða, sjá nánar umfjöllun um náttúruvá í kafla 3.3. Í skýrslunni tók Vegagerðin afstöðu til legu mannvirkja og hæðar varnargarðs. Vegagerðin ráðleggur að varnargarður verði byggður í um 50-100 m fjarlægð frá flóðborði og skal hæð varnargarðs vera um 8 m í Gamla landshæðarkerfinu. Meðalhæð Norðurlóðar er um 8 metrar og því þarf varnargarður að vera um 1.5 m að hæð ef tekið er tillit til hækkun sjávar og jarðsigs.

Efnisþörf varnargarðsins og svæðis umhverfis hans er áætlaðu um 15.000 m<sup>3</sup> og er gert ráð fyrir að gróft efni sem fæst við uppgröft á svæðinu verði nýttur í varnargarðinn. Einnig er mögulegt að efni verði ráðstafað í nágrenni varnargarðs til að jafna og hækka landsvæði umhverfis hann. Samherji fiskeldi hefur átt í viðræðum við landeigendur um útfærslu varnargarðs og er gert ráð fyrir að garðurinn nái að hluta til út fyrir lóð Samherja fiskeldis. Sjá má áætlaða legu varnargarðs á Mynd 6.2 (græn brotalína).

## 6.11 Rafafspörf og tenging við raforkukerfi

Hönnun Eldisgarðs miðar að því að fara sem best með auðlindir. Rafmagn er þar engin undantekning og miðar hönnun að því að lágmarka rafmagnsnotkun og rafmagnstöp. Það er gert með því að hafa eldiskör eins lágrest og kostur er og lágmarka þannig dæluhæð auk þess sem val á búnaði miðast við nýtni hans.

Aflþörf fyrir fullbyggða eldisstöð er um 16 MW til að framleiða 40.000 tonn af laxi árlega. Samningar hafa verið gerðir við HS Orku um afhendingu orku til verkefnisins. Til að dreifa raforkunni verður 33 kV háspennudreifing í jarðstrengjum sem eru hringtengdir við kerfi HS Orku og lágspennudreifing á 400/690 V sem verður einnig dreift með strengjum. Jarðstrengir munu liggja samhliða vatnslögnum frá Reykjanesvirkjun.

## 6.12 Frágangur

Eldisgarður er umfangsmikill framkvæmd sem fer fram á svæði sem hefur töluvert verndargildi, þá helst vegna jarðminja en eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar njóta t.a.m. sérstakrar verndar samkvæmt 61.gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013). Slíkum jarðmyndunum skal forðast að raska nema brýna nauðsyn beri við. Sjá nánar kafla 2.1 um verndarsvæði og kafla 13 um áhrif á jarðmyndanir.

Lögð verður áhersla á að rask vegna framkvæmdar verði eins lítið og hægt er. Röskuð svæði verða löguð að landslagi og leitast við að útlínur raskaðra svæða fylgi landi eins og kostur, í stað beinna lína. Lóðin er þakin hraunbreiðum og stendur til að nýta heillegt hraun til að móta landslag og við frágang mannvirkja, t.a.m. í jöðrum raskað svæðis. Jarðmyndanir sem liggja í jaðri valkosta, og nefndar eru í umfjöllun um áhrif á jarðmyndanir, kafla 13, verða merktar og þess gætt að þeim verði ekki raskað vegna framkvæmda. Litaval á mannvirkjum mun taka mið af litum umhverfisins í því skyni að fella mannvirki sem mest að umhverfinu.


## 6.13 Framkvæmdatími

Ráðgert er að framkvæmdir við Eldisgarð hefjist þegar öllum leyfismálum tengdum framkvæmdinni er lokið. Áætlanir gera ráð fyrir því að það verði vorið 2023. Byrjað verður á áfanga 1 og gert ráð fyrir að framkvæmdum við hann verði lokið í lok árs 2025. Að þeim áfanga loknum hefjast framkvæmdir við áfanga 2 og er talið líklegt að þær hefjist árið 2026 og verði lokið í lok árs 2028. Ári síðar eða árið 2029 er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir við áfanga 3 og er gert ráð fyrir að þeim verði lokið árið 2032.

## 7 Nálgun mats á umhverfisáhrifum

### 7.1 Matsferlið

Matsferlinu er skipti upp í tvö stig eins og sjá má á Mynd 7.1.



Mynd 7.1 Ferli mats á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Nú stendur yfir kynning á umhverfismatsskýrslu.

Á fyrsta stigi matsins er mótuð **matsáætlun**, þar sem framkvæmdin er skilgreind sem ætlað er að meta, gerð grein fyrir helstu áhrifaþáttum framkvæmda og vinsaðir út þeir umhverfisþættir sem lögð verður áhersla á. Miðað er að skýrri framsetningu mats á umhverfisáhrifum og að uppfylla kröfur laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í matsáætlun er jafnframt gerð grein fyrir þeim rannsóknum og gögnum sem aflað verður til að leggja mat á umhverfisáhrif valkosta. Á þessu stigi fær almenningur, hagaðilar, leyfisveitendur og fagstofnanir tækifæri til að koma á framfæri ábendingum. Skipulagsstofnun kynnir matsáætlun fyrir almenningi og leitar umsagnar til umsagnaraðila. Skipulagsstofnun gefur síðan álit sitt um matsáætlun sem eru leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu.

Á öðru stigi matsferilsins er gerð **umhverfismatsskýrsla**. Unnið er að öflun gagna og lagt mat á umhverfisáhrif framkvæmdar sem ákveðið hefur verið að meta samkvæmt matsáætlun. Greint er frá niðurstöðum matsins í umhverfismatsskýrslu. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum valkosta, niðurstöðum rannsókna, samræmi valkosta við fyrirbyggjandi áætlanir og tillögum um mótvægisáðgerðir og vöktun. Á grundvelli niðurstaðna umhverfismatsins og samanburðar á valkostum tekur framkvæmdaraðili ákvörðun og rökstyður þann kost sem hann telur ákjósanlegast.

Umhverfismatsskýrslan fer í formlegt umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun, sem felur í sér að óskað er umsagna fagstofnana og leyfisveitenda. Auk þess kynnir Skipulagsstofnun fyrirhugaða framkvæmda fyrir almenningi. Gert er ráð fyrir að haldinn verði kynningarfundur á kynningartíma skýrslunnar. Allir fá tækifæri til að gera athugasemdir við niðurstöðu matsins og koma með ábendingar. Að lokinni kynningu gefur

Skipulagsstofnun álit sitt um umhverfismat framkvæmdarinnar. Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir er hægt hefja umsóknarferli fyrir leyfisveitingar.

## 7.2 Umhverfisþættir

Þeir umhverfisþættir sem eru til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum eru eftirfarandi:

- Grunnvatn
- Vatnsgæði og lífríki viðtaka
- Landslag og sjónræn áhrif
- Gróðurfar og fuglalíf
- Hljóðvist og lýsing
- Fornleifar
- Jarðmyndanir
- Loftslag
- Samfélag, landnotkun og útivist

## 7.3 Forsendur

Almennt byggja forsendur matsins á þremur þáttum sem taldir eru upp hér að neðan, en megin forsendur matsins fyrir einstaka umhverfisþætti koma fram í hverjum kafla um mat á umhverfisáhrifum fyrir sig (Kafli 8-16).

**a) Lagaleg umgjörð:** Matsvinnan er byggð á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum. Við mat á umfangi áhrifa var horft til viðmiða í lögum og reglugerðum sem koma fram í hverjum umhverfismatskafla fyrir sig (Kafli 8-16).

**b) Niðurstöður sérfræðinga:** Mat á umfangi áhrifa byggir á niðurstöðum sérfræðinga, sem gert hafa rannsóknir á umhverfisþáttum á framkvæmdarsvæði sem og fyrirbyggjandi gögnum. Þeir sérfræðingar sem komu að matsvinnunni hafa lesið yfir hlutaðeigandi kafla í umhverfismatskýrslunni. Fullt tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

**c) Umsagnir og athugasemdir:** Forsendur sem notaðar voru við vinsun umhverfisþátta og mat á mikilvægi voru meðal annars grundvallaðar á umsögnum opinberra aðila við tillögu að matsáætlun.

## 7.4 Vægismat

Notuð eru hugtökin **óveruleg**, **talsverð** og **veruleg áhrif** í umfjöllun framkvæmdaáðila um umfang og vægi áhrifa í frummatskýrslu í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun, 2005). Tafla 7.1 gerir lauslega grein fyrir skilgreiningu hugtaka. Jafnframt er við matið litið til viðauka 2 í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Tafla 7.1 Skýringar á hugtökum sem notuð eru til að meta áhrif framkvæmda á hvern umhverfisþátt.

| Verulega jákvæð   | Talsvert jákvæð   | Óverulega jákvæð   |
|---|---|--|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• Veruleg jákvæð breyting á einkennum.</li> <li>• Áhrif eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og /eða ná til mikils fjölda fólks.</li> <li>• Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.</li> <li>• Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta verulega.</li> <li>• Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Jákvæð breyting á einkennum umhverfisþátta.</li> <li>• Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks.</li> <li>• Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta.</li> <li>• Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.</li> <li>• Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Jákvæð áhrif á einkenni umhverfisþátta eru lítil eða engin.</li> <li>• Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítils fjölda fólks.</li> <li>• Áhrifin auka ekki verndargildi umhverfisþátta.</li> <li>• Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.</li> <li>• Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.</li> </ul> |

| Verulega neikvæð  | Talsvert neikvæð   | Óverulega neikvæð  |
|---|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• Veruleg breyting á einkennum umhverfisþáttar.</li> <li>• Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks.</li> <li>• Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.</li> <li>• Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar verulega.</li> <li>• Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Breyting á einkennum umhverfisþáttar</li> <li>• Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks.</li> <li>• Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar</li> <li>• Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.</li> <li>• Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfisþáttar.</li> <li>• Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítills fjölda fólks.</li> <li>• Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfisþáttar.</li> <li>• Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum</li> <li>• Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.</li> </ul> |
| Engin áhrif / á ekki við  |  |  |

## 7.5 Matsteymið

Umhverfismatið er unnið af VSÓ Ráðgjöf, undir verkstjórn Samherja fiskeldis. Tafla 7.2 sýnir yfirlit yfir matsteymið og þá sérfræðinga sem komu að gerð umhverfismatsins. Taflan sýnir ritstjóra / tengiliði vegna sérfræðiskýrslanna en við gerð þeirra komu í mörgum tilfellum margir sérfræðingar frá hverri stofu fyrir sig. Þar sem við á koma þær upplýsingar fram í hlutaðeigandi viðaukum.

Tafla 7.2 Yfirlit yfir matsteymið og sérfræðinga sem komu að umhverfismatinu.

| Vinnustaður                  | Nafn   | Hlutverk / sérþekking               |
|------------------------------|--|-------------------------------------|
| Samherji fiskeldi            | Gunnar Dagur Darrason                              | Verkefnisstjóri                     |
| Samherji fiskeldi            | Heiðdís Smáradóttir                                | Verkefna- og gæðastjóri             |
| AVH ehf                      | Fanney Hauksdóttir                                 | Verkefnisstjóri hönnunar            |
| VSÓ Ráðgjöf                  | Stefán Gunnar Thors                                | Verkefnisstjóri umhverfismats       |
| VSÓ Ráðgjöf                  | Auður Magnúsdóttir                                 | Umhverfismat                        |
| VSÓ Ráðgjöf                  | Erla Björg Aðalsteinsdóttir                        | Umhverfismat                        |
| VSÓ Ráðgjöf                  | Helga Frímann Kristjánsdóttir                      | Umhverfismat                        |
| VSÓ Ráðgjöf                  | Jóhanna Björg Weissshappel                         | Umhverfismat                        |
| VSÓ Ráðgjöf                  | Sigurbjörn Bogi Jónsson                            | Landupplýsingar og vefsíða          |
| AVH ehf                      | Arnþór Tryggvason                                  | Ásýndarmyndir                       |
| Fornleifastofnun Íslands     | Gylfi Helgason                                     | Fornleifaskráning                   |
| Náttúrufraeðistofnun Íslands | Robert Alexander Askew<br>Birgir Vilhelm Óskarsson | Áhrif á jarðmyndanir                |
| ÍSÖR                         | Kjartan Marteinson                                 | Áhrif á grunnvatn                   |
| Vatnaskil                    | Sveinn Óli Pálmarrson                              | Áhrif á viðtaka                     |
| RORUM                        | Þorleifur Eiríksson<br>Þorleifur Ágústsson         | Áhrif á lífríki í fjöru og fuglalíf |

## 7.6 Samráð og kynning

### Matsáætlun

Skipulagsstofnun auglýsti matsáætlun 7. október 2021 og stóð kynningartíminn til 5. nóvember 2021. Alls bárust 12 umsagnir frá umsagnaraðilum og almenningi, sem hefur



verið brugðist við. Aðilar sem sendu inn erindi voru Reykjanesbær, Fiskistofa, Veðurstofa Íslands, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Orkustofnun, Hafrannsóknarstofnun, Minjastofnun Íslands, Stolt Sea Farm, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Samgöngustofa. Inn á vefsíðu verkefnisins ([Samherji - Eldisgarður \(eldisgardur.netlify.app\)](#)) er hægt að nálgast umsagnir og athugasemdir sem bárust um matsáætlun ásamt viðbrögðum Samherja fiskeldis við þeim.

### Umhverfismatsskýrsla

Gert er ráð fyrir að á kynningartíma umhverfismatsskýrslu verði leitað umsagana til sömu aðila og á kynningartíma matsáætlunar. Umhverfismatsskýrsla verður aðgengileg öllum á heimasíðu Skipulagsstofnunar og Samherja fiskeldis. Haldinn verður kynningarfundur um framkvæmdirnar á kynningartíma umhverfismatsskýrslunnar. Kynningin verður í formi opins húss og verður leitast við að fá sem flesta hagsmunaaðila til þess að mæta svo sjónarmið sem flestra verði ljós og hægt verði að bregðast við athugasemdum og upplýsingum sem málið varðar. Gert er ráð fyrir að fundurinn verði auglýstur á heimasíðu Samherja og Reykjanesbæjar.

Hægt verður að nálgast umsagnir og athugasemdir sem berast um umhverfismatsskýrslu inn á vefsíðu verkefnisins ([Samherji - Eldisgarður \(eldisgardur.netlify.app\)](#)) þegar kynningartíma er lokið og brugðist hefur verið ábendingum.

## 7.7 Álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun

Skipulagsstofnun gaf álit sitt um um matsáætlun þann 16. febrúar 2022. Tafla 7.3 gerir grein fyrir skilyrðum Skipulagsstofnunar og hvar í umhverfismatsskýrslu megi finna þá umfjöllun.

Tafla 7.3 Skilyrði í álitum Skipulagsstofnunar og hvar í umhverfismatsskýrslu brugðist hefur verið við

| Nr. | Skilyrði í álitum Skipulagsstofnunar  | Viðbrögð í umhverfismatsskýrslu   |
|-----|---|---|
| 1   | <b>Valkostir - áfangaskipting.</b> Gera grein fyrir kostum við áfangaskipta uppbyggingu starfseminnar.  | Kafla 5.1 fjallar um áfangaskiptingu. Matið tekur mið af áfangaskiptingunni.  |
| 2   | <b>Valkostir - lóðarval.</b> Gera grein fyrir kostum við lóðarval í Auðlindagarðinum og valkosti Samherja fiskeldis að teknu tilliti til umhverfisáhrifa kostanna.  | Í umhverfismatsskýrslu eru tvær lóðir til skoðunar og bornar saman með tilliti til umhverfisáhrifa, sjá nánar kafla 4 um valkosti.                  |
| 3   | <b>Framkvæmdasvæði.</b> Greina frá því að hvaða marki svæðið sé raskað eða gróið og meta hver verði áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á náttúrfar svæðisins.  | Í köflum 11 og 14 er farið yfir rask og gróðurfar innan valkosta og lagt mat á áhrif framkvæmda.  |
| 4   | <b>Grunnvatn.</b> Meta áhrif af vatnsvinnslunni með hliðsjón af hámarksvinnslu sem og meðalvinnslu. Mat á áhrifum af grunnvatnsvinnslunni þarf að fela í sér mat á aðrennissvæði vatnsbóla, umfang niðurdráttar og breytingar á seltu. Jafnframt þarf mat á áhrifum á grunnvatn að svara því hvort og þá hvernig vatnstaka Eldisgarðs Samherja fiskeldis takmarkar vatnsvinnslu annarra notenda á svæðinu. Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif bág staða grunnvatns í náttúrulegum sveiflum hefur á vatnsvinnslu á svæðinu. | Kafla 8 fjallar um áhrif á grunnvatn þar sem tekið er á þessum atriðum.   |
| 5   | <b>Vöktun.</b> Gera grein fyrir vöktun á vatnafari svæðisins sbr. ábendingar Veðurstofu Íslands. Nauðsynlegt er að vöktunaráætlun feli m.a. í sér viðmið sem talin eru ásættanleg fyrir stöðu grunnvatns á svæðinu og ráðgert er styðjast við sem og viðbragðsáætlun ef niðurstaða vöktunar reynist ekki ásættanleg. Ef bora þarf sérstakar eftirlitsholur vegna vöktunar þarf að gera grein fyrir því í umhverfismatsskýrslu.  | Í kafla 8, sem fjallar um áhrif á grunnvatn, er gerð grein fyrir vöktun á grunnvatni. Samantekt mótvægisáðgerða og vöktunar er að finna í kafla 17. |

## 7.8 Frávik frá matsáætlun

Gert var ráð fyrir að umfjöllun um samfélag, landnotkun og útivist yrði sameiginleg en við vinnslu umhverfismatsskýrslu þótti skýrara að setja umfjöllunina fram sem sitthvorn umhverfispáttinn, þ.e. umfjöllun um samfélag annars vegar og umfjöllun um landnotkun, ferðaþjónustu og útivist hins vegar.

## 8 Grunnvatn

Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar á grunnvatn eru eftirfarandi matsspurningar, gögn og viðmið lögð til grundvallar mati á áhrifum:

### Matsspurningar

Matinu er ætlað að svara hvaða áhrif aukin vatnstaka vegna framkvæmdar kann að hafa á grunnvatnsstöðu í nágrenni eldisstöðvarinnar og voru rannsóknarspurningarnar eftirfarandi:

- Hvert er aðrennslissvæði borholanna?
- Getur vatnsnotkun fyrirhugaðrar eldisstöðvar haft áhrif á magnstöðu grunnvatnshlotsins?
- Getur vatnsnotkun fyrirhugaðrar eldisstöðvar haft neikvæð áhrif á vatnsnotkun annarrar starfsemi á svæðinu?
- Getur vatnsnotkunin haft áhrif á seltustig?
- Hvert er líklegt áhrifasvæði grunnvatnstöku eldisstöðvarinnar?
- Hver eru líkleg samlegðaráhrif fyrirhugaðrar eldisstöðvar með annarri starfsemi á grunnvatnshlotið?

### Gögn og viðmið

- Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.
- Sandvík – Eldisgarðar, grunnvatnslíkan. ÍSOR, september 2022

### 8.1 Grunnvatnslíkan


Samherji fiskeldi samdi við ÍSOR um að gera grunnvatnslíkan af svæðinu í nágrenni fyrirhugaðs Eldisgarðs til að sýna núverandi ástand sem og meta áhrif fyrirhugaðrar vinnslu á grunnvatnsstöðu og dreifingu seltu á svæðinu, sem og áhrif á vinnslu annarra aðila á svæðinu (ÍSOR, 2022). Eftirfarandi er útdráttur úr skýrslu ÍSOR en skýrsluna í heild sinni, með nánari lýsingu á aðferðafræði og heimildavinnu, má finna í viðauka C. Grunnvatnslíkanið tekur aðeins til vatnstöku innan Norðurlóðar. Í ljósi þess að niðurstaða fyrir Norðurlóð er ásættanleg var tekin ákvörðun um að fara ekki í umfangsmikla líkanagerð fyrir Suðurlóð.

### 8.2 Lýsing á grunnástandi grunnvatns

Grunnvatn á Reykjanesi skiptist almennt í ferskt grunnvatn, saltan jarðsjó og síðan blandlag með breytilegri seltu. Helsta innflæði af ferskvatni kemur frá Sýrfelli. Berggrunnur á svæðinu er vel vatnsleiðandi, þá sérstaklega í gjallagi sem finnst í borholum við Litlu-Sandvík og Mölvík. Þetta sést vel í gögnum um sjávirtöku Reykjanesvirkjunar á nærliggjandi svæði.


Fyrirhugað fiskeldi í Eldisgarði nýtir fyrst og fremst jarðsjó til vinnslunnar en mjög lítið ferskvatn (sjá kafla 6.5).

Í sérfræðiskýrslu ÍSOR er grunnástand kallað núverandi vinnsla þar sem líkanið er látið herma ástandið við þá vinnslu sem er í dag á svæðinu. Í skýrslunni er sviðsmynd núverandi vinnslu er borin saman við það sem ÍSOR kallar náttúrulegt ástand, sem er þá grunnvatnslíkan án nokkurrar vinnslu. Ekki er fjallað um náttúrulegt ástand í umhverfismatsskýrslunni en þá umfjöllun má sjá í viðauka C.




Mynd 8.1 Yfirlitsmynd af sjötökusvæði Eldisgarðs. Á myndina eru merktar inn rannsóknarholur, sjóholur og ferskvatnsholur á Reykjanesi (ÍSOR, 2022).


Til að áætla núverandi ástand voru notaðar upplýsingar um dælingu úr sjötökuholum Reykjanesvirkjunar (Mynd 8.1), alls um 3.500 l/s. Líkanið var látið herma þessa vinnslu í um 16 ár til að skoða áhrif hennar frá 2006 til 2022. Ekki var tekið tillit til árstíðabundinna sveifla í reikningunum en gert er ráð fyrir að líkanið sýni meðalstöðu kerfisins yfir tímabilið. Mynd 8.2 sýnir núverandi stöðu vatnsborðs á svæðinu myndir 8.3 og 8.4 sýna dreifingu seltu. Ef miðað er við náttúrulegt ástand, áður en til vinnslu kom þá hefur vatnsborð breyst lítillega vegna vinnslunnar en selta hefur hækkað, þ.e. grynna verður á blandlagið milli jarðsjávar og ferskvatns á svæðinu. Áhrifunum má líkja við það að vinnslan togi seltuna inn á land og fullsaltur sjór nær lengra inn á land en ef engin vinnsla væri.




Mynd 8.2 Hermt núverandi vatnsborð í m y.s. eftir um 3.500 l/s vinnslu á sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar í 16 ár (núverandi vinnsla) (ÍSÖR, 2022).




Mynd 8.3 Dreifing seltu við yfirborð við núverandi vinnslu eftir 3.500 l/s vinnslu á sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar eftir 16 ár (ÍSÖR, 2022).



Mynd 8.4 Dreifing seltu við núverandi vinnslu Reykjanesvirkjunar miðað við -50 m y.s. sem er lengd fyrirhugaðra borhola (ÍSOR, 2022).



Mynd 8.5 Staðsetning mismunandi þversniða í gegnum svæðið (ÍSOR, 2022).



Mynd 8.6 Selta í þversniði B sem liggur um mitt framkvæmdasvæði Eldisgarðs (sjá mynd 8.5), miðað við núverandi vinnslu. Brotalína hægra megin á myndinni sýnir hvar saltvatn streymir inn undir landið (ISOR, 2022).


### 8.3 Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á grunnvatn

Áætlað er að vinnsla jarðsjávar á framkvæmdasvæði Samherja fiskeldis verði gerð í þremur áföngum, þ.e.a.s. heildarvinnslu upp á 7.500 L/s í fyrsta áfanga, 15.000 L/s í öðrum áfanga og loks 30.000 L/s í þriðja áfanga. Nýjum sjótökuholum á svæðinu er ætlað að dæla um 500 L/s af fullsöltum sjó (úr hverri holu) og þýðir það um 15 holar í fyrsta áfanga, samtals 30 holar í öðrum áfanga og samtals 60 í lok þriðja áfanga. Reiknað var með að allar nýjar vinnsluholar næðu niður í -50 m y.s., og væru opnar út í bergið síðustu 20 metrana þ.e. frá -30 m y.s. Einnig voru athugaðar dýpri holar, í -70 m y.s., en hermanir sýndu ekki marktækar breytingar milli þeirra og grynri holanna. Raunverulegt dýpi hola á svæðinu mun þurfa að ráðast af niðurstöðum rannsóknarborana. Í undirbúningi miðar Samherji fiskeldi við 50 m djúpar holar en vill halda möguleika á 70 m djúpum holum opnum ef vöktun sýnir þörf á viðbrögðum vegna neikvæðra áhrifa vinnslunnar.


#### Fyrsti áfangi: 7.500 L/s

Í tilviki fyrsta áfanga var hermd vinnsla upp á 7.500 L/s á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Eldisgarðs til 50 ára. Mynd 8.7 sýnir hæð vatnsborðs eftir 7.500 L/s vinnslu í 50 ár en Mynd 8.8 sýnir reiknaðan niðurdrátt vatnsborðs á svæðinu eftir sömu vinnslu, þ.e. lækkun á vatnsborði miðað við það sem nú er (Mynd 8.2). Á Mynd 8.8 sést að vatnsborð nálægt framkvæmdasvæðinu hefur lækkað um 75 cm frá því sem nú er. Mesta lækkunin er til suðurs en það er vegna samlegðaráhrifa frá sjótöku Reykjanesvirkjunar. Áhrif vinnslu fyrsta áfanga á sjóvinnslu Reykjanesvirkjunar er mest um 10 cm (Mynd 8.9).

Ákveðin óvissa er um jarðfræði og vatnshæð á svæðinu, sérstaklega fjarri fyrirhuguðu vinnslusvæði. Af þessum sökum er nákvæm dreifing niðurdráttar fjarri vinnslusvæðinu óviss og er því niðurdráttur um 20 og 30 cm við ferskvatnsholar við Sýrfell gefinn til kynna með brotalínunum á myndinni. Ferskvatn úr holunum við Sýrfell er nýtt af fyrirtækjunum á svæðinu.




Mynd 8.7 Hermt vatnsborð eftir 7.500 l/s vinnslu á sjötökuvæði Samherja fiskeldis í 50 ár, til viðbótar við núverandi vinnslu (ÍSÖR, 2022).




Mynd 8.8 Hermdur niðurdráttur vatnsborðs eftir 7.500 L/s vinnslu á nýju sjötökuvæði Samherja fiskeldis í 50 ár. 20 og 30 cm niðurdráttur er sýndur með brotalínum, þar sem nákvæm dreifing á honum er talin mjög óviss






Mynd 8.9 Breyting á vatnsborði eftirlitshola LS-1 og LS-2 vegna 7.500 L/s vinnslu Samherja fiskeldis í 50 ár. Holurnar eru á sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar (ÍSÖR, 2022).


Mynd 8.10 Mynd 8.11 og Mynd 8.11 sýna breytingu á seltu á svæðinu eftir 7.500 L/s vinnslu til 50 ára annars vegar við yfirborð og hins vegar á 50 m dýpi. Á myndunum sést að selta eykst inn í land á nesinu, mest suður af Sýrfelli. Selta eykst einnig við yfirborð norðan vinnslusvæðis Samherja fiskeldis, nálægt sjónum, þ.e. grynna verður á blandlagið milli jarðsjávar og ferskvatns á svæðinu. Smábreytingar, og minnkun seltu, sem sést til norðurs og austurs nálægt ströndinni eru ekki talin raunveruleg áhrif, heldur afleiðing óvissu jarðlaga og seltudreifingar því lengra sem farið er frá vinnslusvæðinu. Seltubreytingar við yfirborð sem sýndar eru á mynd 8.10 eru á bilinu 10-20%, en til viðmiðunar er fullsaltur sjór um 34‰. Mynd 8.12 sýnir þversnið af seltu í gegnum vinnslusvæðið. Af þversniðinu sést að til suðurs hefur seltudreifing á svæðinu breyst aðeins, þ.e.a.s. að selta hefur aukist, en dreifing seltu til norðurs virðist óbreytt.



Mynd 8.10 Breyting á seltu við yfirborð, miðað við seltudreifingu á svæðinu við núverandi vinnslu og núverandi vinnslu og við 7.500 L/s vinnslu á sjótökusvæði Samherja fiskeldis í 50 ár (ÍSÖR, 2022).



Mynd 8.11 Breyting á seltu við -50 m y.s., miðað við seltudreifingu á svæðinu við núverandi vinnslu og núverandi vinnslu og við 7.500 L/s vinnslu á sjótökusvæði Samherja fiskeldis í 50 ár. Seltubreytingar næst sjónum til austurs og nyrst á svæðinu eru ekki marktækar (ÍSOR, 2022).




Mynd 8.12 Samanburður á seltu við núverandi vinnslu vinstra megin og við 7.500 L/s vinnslu í 50 ár hægra megin. Brotalínan sýnir hvar saltvatn streymir innundir landið (ÍSOR, 2022).


### Annar áfangi: 15.000 L/s

Í tilvikum annars áfanga var hermd vinnsla upp á 15.000 L/s á svæði Samherja fiskeldis. Fyrir þetta tilvik voru settar 15 nýjar sjótökuholur í líkanið, til viðbótar við þær sjótökuholur sem notaðar voru í líkanið í fyrsta áfanga. Eins og fyrir áfanga 1 ná þessar holur í -50 m y.s. og eru neðstu 20 m opnir. Mynd 8.13 sýnir hæð vatnsborðs eftir 15.000 L/s vinnslu í 50 ár en Mynd 8.14 sýnir reiknaðan niðurdrátt vatnsborðs á svæðinu eftir sömu vinnslu, þ.e. lækkun á vatnsborði miðað við núverandi stöðu. Niðurdráttur á svæðinu eykst miðað við áhrif 7.500 L/s vinnslu (Mynd 8.8). Niðurdráttur eykst til austurs, og er nú um 30 cm við ferskvatnstökuholur við Sýrfell, með fyrirvara um óvissu og 1,5 m við framkvæmdasvæðið. Eins og nefnt var fyrir áfanga 1 eru línur fyrir 20 og 30 cm niðurdrátt sýndar með brotalínum, en talið er að nákvæm dreifing á þeim niðurdrátti sé mjög óviss í


líkaninu. Enginn marktækur niðurdráttur kemur fram á svæði Stolt Sea Farm og aðeins um 20 cm niðurdráttur er við sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar (Mynd 8.15).



Mynd 8.13 Hermt vatnsborð eftir 15.000 l/s vinnslu á sjótökusvæði Samherja fiskeldis í 50 ár, til viðbótar við núverandi vinnslu (ÍSOR, 2022).




Mynd 8.14 Hermdur niðurdráttur vatnsborðs eftir 15.000 L/s vinnslu á sjótökusvæði Samherja fiskeldis í 50 ár, til viðbótar við núverandi vinnslu. 20 og 30 cm niðurdráttur er sýndur með brotalínum, þar sem nákvæm dreifing á honum er talin mjög óviss (ÍSOR, 2022).




Mynd 8.15 Breyting á vatnsborði eftirlitsholanna LS-1 og LS-2 vegna 15.000 L/s vinnslu á sjötökusvæði Samherja fiskeldis til 50 ára. Holurnar eru staðsettar á sjötökusvæði Reykjanesvirkjunar (ÍSÖR, 2022).

Myndir Mynd 8.16 og Mynd 8.17 sýna breytingu á seltu á svæðinu eftir 50 ára vinnslu. Ef þær eru bornar saman við breytingu á seltu fyrir áfanga 1 sést að selta hefur aukist við yfirborð á stærra svæði, þ.e. grynna verður á blandlagið milli jarðsjávar og ferskvatns á svæðinu. Grunnvatnslinsan hefur horfið lengra inn í land fyrir svæðið sunnan Sýrfells, og fyrir svæðið norðan við vinnslusvæði Samherja fiskeldis. Að öðru leyti virðast áhrif vinnslunnar vera svipuð og af fyrsta áfanga. Seltubreytingar við yfirborð sem sýndar eru á Mynd 8.16 eru á bilinu 10-20‰, en til viðmiðunar er fullsaltur sjór um 34‰. Smábreytingar, og minnkun seltu, sem sést til norðurs og austurs nálægt ströndinni eru ekki talin raunveruleg áhrif, heldur afleiðing óvissu jarðlaga og seltudreifingar því lengra sem farið er frá vinnslusvæðinu.


Á Mynd 8.18 má sjá þversnið af dreifingu seltu á vinnslusvæðinu. Þar sést aftur að seltan hefur aukist talsvert miðað við 7.500 L/s vinnslu.



Mynd 8.16 Breyting á seltu við yfirborð, miðað við núverandi vinnslu og eftir 15.000 L/s vinnslu á sjötökusvæði Samherja fiskeldis í 50 ár (ÍSÖR, 2022).



Mynd 8.17 Breyting á seltu við -50 m y.s., miðað við núverandi vinnslu og eftir 15.000 L/s vinnslu á sjótökusvæði Samherja fiskeldis. Sjá mynd Mynd 8.11 af seltubreytingum vegna 1. áfanga til samanburðar (ÍSÖR, 2022).



Mynd 8.18 Samanburður á seltu við núverandi vinnslu vinstra megin og við 15.000 L/s vinnslu í 50 ár hægra megin, í sniði B. Blá brotalína milli -30 og -50 m y.s. sýnir hvar fyrirhugað vatnstökusvæði vinnsluholna Samherja fiskeldis verður, þ.e.a.s. þar sem nýjar vinnsluholur verða opnar út í bergið (ÍSÖR, 2022).

### Þriðji áfangi: 30.000 L/s


Fyrir þriðja áfanga var hermd 30.000 L/s vinnsla á svæði Samherja fiskeldis. Þessi vinnsla samræmist áætlaðri heildarvinnslu á svæðinu til framtíðar. Á sama hátt og áður voru settar 30 nýjar sjótökuholur í líkanið, til viðbótar við þær sjótökuholur sem voru hermdar í fyrsta og öðrum áfanga. Holurnar voru hermdar fyrir 50 m holudýpi og neðstu 20 m voru hafðir opnir eða frá -30 m.y.s.

Mynd 8.19 sýnir vatnshæð eftir 30.000 L/s vinnslu í 50 ár en Mynd 8.20 sýnir reiknaðan niðurdrátt á vatnsborði á svæðinu eftir sömu vinnslu. Af Mynd 8.20 sést að vatnsborð á vinnslusvæðinu hefur lækkað um 1,5 m frá því sem nú er. Greinileg niðurdráttarkeila kemur fram í kringum nýja vinnslusvæðið sem teygir sig til austurs og norðurs. Lítil niðurdráttur kemur fram til suðurs, sem bendir til að niðurdráttur sé aðallega komin til


vegna skorts á ferskvatnsrennsli á svæðinu. Niðurdráttur í ferskvatnsholum við Sýrfell er um 40 – 50 cm, en eins og áður hefur komið er líklegt að raunverulegur niðurdráttur verði minni, þar sem trúlegt er að jarðlög undir Sýrfelli skýli holunum að einhverju leyti. Á myndinni eru línurnar fyrir 20 og 30 cm niðurdrátt sýndar með brotalínum, en talið er að vegna óvissu á jarðfræði og vatnshæð á svæðinu, sérstaklega fjarri fyrirhuguðu vinnsluvæði Samherja fiskeldis, sé nákvæm dreifing svo lítils niðurdráttar mjög óviss. Mynd 8.21 sýnir niðurdrátt í eftirlitsholum á svæðinu. Af henni sést að vatnsborð nálægt sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar hefur lækkað um 20 cm, sem er af sömu stærðargráðu og fyrir áfanga 1 og 2, sem skýrist af því að grunn ferskvatnslinsa var á þessu svæði miðað við núverandi vinnslu. Á sama hátt sést að niðurdráttur nálægt svæði Stolt Sea Farm er hverfandi.

Mynd 8.22 sýnir svo samanburð á niðurdrætti vatnsborðs fyrir meðalvatnsár, sem er hermt með vatnshæð upp á 2 m við útjaðra líkansins til norðurs, og niðurdrátt miðað við slæmt vatnsár, sem er hermt með vatnshæð upp á 1,5 m við útjaðra. Þar sem dreifing á niðurdrætti undir 40 cm var talin mjög óviss eru línur fyrir slíkan niðurdrátt ekki sýndar á myndinni. Af myndinni sést að vatnsborð lækkar meira til norðurs við slæmt vatnsár.


Á Mynd 8.24 má sjá að aðrennsli ferskvatns inn af landi til Reykjanes breytist ekki mikið við vinnslu Samherja fiskeldis. Ekki er búist við því að heildar aðrennslissvæðið (Mynd 8.23) breytist vegna vinnslunnar.




Mynd 8.19 Hermt vatnsborð eftir 30.000 l/s vinnslu á sjótökusvæði Samherja fiskeldis í 50 ár, til viðbótar við núverandi vinnslu (ÍSOR, 2022).




Mynd 8.20 Hermdur niðurráttur vatnsborðs eftir 30.000 L/s vinnslu á sjótökusvæði Samherja fiskeldis í 50 ár til viðbótar við núverandi vinnslu. 20 og 30 cm niðurráttur er sýndur með brotalínunum, þar sem nákvæm dreifing á honum er talin mjög óviss (ÍSOR, 2022).



Mynd 8.21 Breyting á vatnsborði eftirlitsholanna LS-1 og LS-2 vegna 30.000 L/s vinnslu á nýju sjótökusvæði Samherja fiskeldis í 50 ár. Holurnar eru staðsettar á sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar (ÍSOR, 2022).




Mynd 8.22 Hermdur niðurdráttur vatnsborðs á Reykjanesi, fyrir 30.000 L/s vinnslu á sjótökusvæði Samherja fiskeldis í 50 ár, til viðbótar við núverandi vinnslu. Heilar línur sýna niðurdrátt miðað við áætlað meðal vatnsár, en brotalínur sína niðurdrátt miðað við lélegt vatnsár.



Mynd 8.23 Áætlað aðrennslissvæði ferskvatns að fyrirhuguðu vinnslusvæði Samherja fiskeldis, sýnt með gulu. Staðsetning vinnslusvæðis er gefin til kynna með bláum kassa.







Mynd 8.24 Vatnsborð (m y.s.) og grunnvatnsrennsli (örvar) í efsta lagi líkansins annars vegar fyrir náttúrulegt ástand svæðisins og hins vegar fyrir 30.000 L/s vinnslu á sjötökusvæði Samherja fiskeldis í 50 ár. Örvar sýna aðrennslisvæði vatns í nýjar vinnsluholur (ÍSOR, 2022).

Myndir Mynd 8.25 og Mynd 8.26 sýna breytingu seltu á svæðinu. Saltur sjór nær upp í vatnsborð lengra inn í land, bæði til norðurs og austurs af vinnslusvæði Samherja fiskeldis. Engin seltuaukning er við Sýrfell, svo líklegt er að niðurdráttur vatnsborðs við ferskvatnsholur þar muni ekki hafa áhrif á seltu vatns í holunum. Seltubreytingar við yfirborð sem sýndar eru á mynd Mynd 8.25 eru á bilinu 10-25% en til viðmiðunar er fullsaltur sjór um 34%. Af þversniðum gegnum líkanið (


Mynd 8.27) sést að til suðurs af svæðinu er grunnvatn orðið fullsalt upp að vatnsborði.



Mynd 8.25 Breyting á seltu við yfirborð, miðað við núverandi vinnslu og eftir 30.000 L/s vinnslu á sjötökusvæði Samherja fiskeldis í 50 ár (ÍSOR, 2022).



Mynd 8.26 Breyting á seltu við -50 m y.s., miðað við núverandi vinnslu og eftir 30.000 L/s vinnslu á nýju sjótökusvæði Samherja fiskeldis í 50 ár (ÍSOR, 2022).



Mynd 8.27 Samanburður á seltu við núverandi vinnslu vinstra megin og við 30.000 L/s vinnslu í 50 ár hægra megin, í sniði B. Blá brotalína milli -30 og -50 m y.s. sýnir hvar fyrirhugað vatnstökusvæði vinnsluholna Samherja fiskeldis verður, þ.e.a.s. þar sem nýjar vinnsluholur verða opnar út í bergið. (ÍSOR, 2022).

Niðurstöður líkanreikninga gefa til kynna að selta jarðsjávarins sem verður nýttur verði að jafnaði rúmlega 30%, samanborið við seltu fullsalts sjávar sem er um 34%. Þetta má rekja til þess að jarðsjór verður tekinn úr svokölluðu blandlagi sem liggur á milli fullsalts jarðsjávar og ferskvatns. Útreikningar benda til að um 5% af massa blandlagsins sé ferskt grunnvatn að uppruna. Vatn sem tekið er úr nýjum vinnsluholum á svæðinu væri að öllum líkindum ísalt grunnvatn í náttúrulegu ástandi (engin vinnsla á svæðinu), frekar en full ferskt grunnvatn. Því er ekki hægt að segja að hér sé um eiginlega ferskvatnsvinnslu að ræða.

## 8.4 Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á grunnvatn

### Fyrsti áfangi: 7.500 l/s

Hermun líkansins sýnir að við 7.500 l/s vinnslu til 50 ára hefur vatnsborð nálægt framkvæmdasvæðinu lækkað um 75 cm og er mesta lækkunin til suðurs. Áhrif vinnslu fyrsta áfanga er mest 10 cm á núverandi sjóvinnslu við Reykjanesvirkjun.

Við vinnsluna eykst selta inn í land, mest suður af Sýrfelli en einnig við yfirborð norðan vinnslusvæðisins, nálægt sjónum.

### Annar áfangi: 15.000 l/s

Hermun líkansins sýnir að við 15.000 l/s vinnslu til 50 ára hefur vatnsborð lækkað til austurs af framkvæmdasvæðinu og er um 30 cm við ferskvatnstökuholur við Sýrfell og 1,5 m við framkvæmdasvæðið. Enginn marktækur niðurdráttur kemur fram á svæði Stolt Sea Farm og aðeins um 20 cm niðurdráttur er við sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar. Við vinnslu annars áfanga eykst selta við yfirborð á stærra svæði. Grunnvatnslinsan hverfur lengra inn í land sunnan Sýrfells, og norðan við vinnslusvæði Eldisgarðs. Að öðru leyti virðast áhrif vinnslunnar vera svipuð og við fyrsta áfanga.

### Þriðji áfangi: 30.000 l/s

Hermun líkansins sýnir að við 30.000 l/s vinnslu hefur vatnsborð á vinnslusvæðinu lækkað um 1,5 m. Greinileg niðurdráttarkeila kemur fram í kringum nýja vinnslusvæðið sem teygir sig til austurs og norðurs en lítill niðurdráttur kemur fram til suðurs. Með hliðsjón af því að vatnsborð breytist um ~1 m vegna sjávarfalla á svæðinu telst niðurdráttur á vatnsborði vegna vinnslu á svæði Samherja fiskeldis lítill. Niðurdráttur í ferskvatnsholum við Sýrfell er um 40 – 50 cm, en líklegt er að raunverulegur niðurdráttur verði minni vegna jarðlaga undir Sýrfelli. Vatnsborð í slæmu vatnsári lækkar meira til norðurs miðað við vatnsborð í meðalvatnsári. Við þessa vinnslu lækkar vatnsborð við sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar um 20 cm og niðurdráttur nálægt svæði Stolt Sea Farm er hverfandi. Við þessa vinnslu er saltur sjór upp í vatnsborði lengra inn í landi, bæði til norðurs og austurs af vinnslusvæði Eldisgarðs. Engin seltuaukning er greinanleg við Sýrfell, og þar af leiðandi líklegt að niðurdráttur vatnsborðs við ferskvatnsholur þar muni ekki hafa áhrif á seltu vatns í holunum. Grunnvatnslinsan austur af vinnslusvæði Eldisgarðs dýpkar við þessa vinnslu, sem passar við að myndast hefur niðurdráttarkeila af ferskvatni þar. Þá er grunnvatn suður af svæðinu orðið fullsalt upp að vatnsborði við þessa vinnslu.

Líkanið sýnir að aðrennsli grunnvatns á svæði Samherja fiskeldis er annars vegar ferskvatn frá Reykjanesi sem streymir úr bæði norðri og austri og hins vegar sjór sem streymir inn í land við Litlu-Sandvík. Reikningar sýna að vinnsla á svæði Samherja fiskeldis mun hafa í för með sér allt að eins og hálf metra niðurdrátt vatnsborðs við Litlu-Sandvík og er mestur niðurdráttur við fyrirhugað vinnslusvæði Samherja fiskeldis. Hermanir sýna að fyrirhuguð vinnsla Samherja fiskeldis mun valda auknum niðurdrætti vatnsborðs á sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar sem og breytingum á seltu grunnvatns á því svæði. Líkanið sýnir engar marktækar breytingar vegna vinnslu Samherja fiskeldis á vatnsnotkun Stolt Sea Farm. Líkanið sýnir um ~50 cm lækkun á vatnsborði við Sýrfell. Reikningar sýna að seltustig grunnvatns á svæðinu mun breytast við vinnslu Samherja fiskeldis og eru mestar breytingar nálægt fyrirhuguðu vinnslusvæði. Engar seltubreytingar sjást nærri ferskvatnsvinnslusvæði við Sýrfell. Líkanið gefur til kynna að áhrifa frá vinnslu Samherja fiskeldis muni aðallega gæta til norðurs og austurs af nýju vinnslusvæði.

Líkanið sýnir að selta jarðsjávarins sem verður nýttur verði að jafnaði rúmlega 30%, sem gefur til kynna að eitthvað af vinnslunni verður úr blandlagi milli jarðsjávar og ferskvatns. Vatn sem tekið er úr nýjum vinnsluholum á svæðinu væri að öllum

líkindum ísalt grunnvatn, frekar en full ferskt grunnvatn ef engin vinnsla væri á svæðinu og því er ekki hægt að segja að hér sé um eiginlega ferskvatnsvinnslu að ræða.

Allar ofangreindar niðurstöður eru með fyrirvara um óvissu um nákvæmni grunnvatnslíkansins. Grunnvatnslíkanið byggir á jarðfræði-, jarðeðlisfræði- og vatnafarsfræðilegum gögnum á svæðinu í kringum Litlu-Sandvík á Reykjanesi. Vegna skorts á gögnum um jarðfræði, vatnshæð og seltu norður af Reykjanesi þá eykst óvissa í líkaninu töluvert eftir því sem farið er norðar inn á Reykjaneskaga. Hægt væri að auka nákvæmni á reikningum með auknum rannsóknum nálægt fyrirhuguðu vinnslusvæði Eldisgarðs, og með því að skorða líkan við svæði nálægt fyrirhuguðu vinnslusvæði, þar sem gögn um jarðfræði og vatnafar eru af skornum skammti fjarri fyrirhuguðu vinnslusvæði. Engar borholur innan áhrifsvæðis grunnvatnslíkans er að finna inn til landsins norðan við sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar. Næstu borholur í norðri eru við ströndina hjá Kalmanstjörn. Mikil óvissa er um jarðfræði og dýpi á jarðsjó inn til lands norður af Reykjanesi, en borholur við Kalmanstjörn voru taldar of norðarlega, og of nálægt sjónum til að gefa góða mynd af jarðfræði inn til lands norður af Sýrfelli.

Með því að færa upplýsingar úr borholum allt frá upphafi framkvæmda við Eldisgarð inn í grunnvatnslíkan eykst nákvæmni líkansins.

Tafla 8.1 Samantekt á niðurdrætti við mismunandi vinnslu.

| Staðsetning                     | 7.500 L/s | 15.000 L/s | 30.000 L/s |
|---------------------------------|-----------|------------|------------|
| Framkvæmdasvæði Eldisgarðs      | 0,75 m    | 1,5 m      | 1,5 m      |
| Sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar | 0,10 m    | 0,2 m      | 0,2 m      |
| Vatnstökusvæði við Sýrfell      | Óvissa    | 0,3 m      | 0,4-0,5 m  |

### Vöktunar- og viðbragðsáætlun

Vöktun á borholum verður í samræmi við tillögu sem Vatnaskil unnu fyrir eldisstöð Samherja á Stað árið 2019 eftir ábendingar frá Orkustofnun. Sérfræðingar ÍSOR hafa farið yfir og bætt áætlunina frá fyrri stigum. Þrjár eftirlitsholur verða nýttar til að fylgjast með grunnástandi svæðisins og verða þær staðsettar nyrst, austast og syðst á lóðinni. Í þeim verða sírítar þar sem fylgst verður með seltu, hita, vatnsborði og niðurdrætti. Holurnar verða um 80 m djúpar en þannig er tryggt að þær nái í gegnum blandlagið og niður í full saltan jarðsjó. Lagt er til að í þeim verði tveir sírítar á 10 og 20 m dýpi sem skrá vatnsborðsbreytingar, hitastig og seltu. Auk eftirlits með síritum verður mældur hita- og seltuþrófill í eftirlitsholunum daglega fyrstu þrjá dagana eftir að vinnsla hefst og eftir vinnsluaukningu, vikulega í þrjár vikur eftir það og tvisvar á ári fyrstu þrjú ár vinnslu eða vinnsluaukningar en árlega eftir það. Fóðringar í eftirlitsholunum verða gataðar eftir því sem við á til að tryggja að þær endurspegli raunverulegar aðstæður í vatnsveitinum. Vinnslu sjóholur verða einnig útbúnar með sírita þar sem fylgst verður með niðurdrætti, rennsli, seltu og hita. HS Orka ber ábyrgð á öflun ferskvatns fyrir Auðlindagarðinn á Reykjanesi úr ferskvatnsbóli við Sýrfell og eru holurnar við Sýrfell búnar sírita sem skrá m.a. vatnshæð, rafleiðni og hitastig. Samherji fiskeldi mun vinna náið með HS Orku að rannsóknum á áhrifsvæði sjóvinnslunnar og afhenda þeim viðeigandi gögn til að hægt sé að samkeyra áhrif allrar sjóvinnslu og ferskvatnsvinnslu á svæðinu og þannig fyrirbyggja neikvæð áhrif á öflun ferskvatns fyrir Auðlindagarðinn á Reykjanesi í framtíðinni. Sýni vöktun breytingar á seltu eða niðurdrætti sem ekki er í samræmi við líkanareikninga ÍSOR verður staðan metin og tekin ákvörðun um mögulegar breytingar á vinnslu til að draga úr neikvæðum áhrifum.

Fylgst hefur verið með vatnsborði, hitastigi og seltu í eftirlitsholunni LS-02 við sjótökuholur HS-Orku um árabil. Þar hafa verið staðsettir sírítar á 10 og 20 m dýpi. Til viðbótar við þá vöktun sem getið er um hér að ofan er lagt til að þessu eftirliti verði haldið áfram og að

sambærilegu eftirliti verði komið á í eftirlitsholunni LS-01 sem er staðsett um 200 m SSV við athafnasvæði Stolt Seafarm.

Á þessu stigi er ekki hægt að segja nákvæmlega um hverjar mótvægisáðgerðirnar væru en sem dæmi geta þær falist í frekari dreifing á holum og endurmati á staðsetningu hola til að draga úr álagi innan svæðis. Með því að byggja eldisstöðina í áföngum er mögulegt að læra af áhrifum hvers áfanga fyrir sig á og grípa þá til ráðstafana til að sporna við oftöku grunnvatns ef með þarf. Það er hagur bæði umhverfisins og rekstursins að gæta að því að vinnslan fari ekki fram úr því sem getur talist sjálfbært. Jafnframt verða niðurstöður mælinga úr fyrstu borholunum færðar inn í líkanið til sannprófunar. Haft yrði samráð við sveitarfélög og HS Orku um þær mótvægisáðgerðir sem lýst er hér að ofan og yrði farið með þær eftir viðeigandi ferlum í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

| Norðurlóð - Grunnvatn   |   |                |                |
|-------------------------|---|----------------|----------------|
| Helstu áhrif            | Staðbundin niðurdráttur við fyrirhugað vinnslusvæði. Selta mun aukast í vinnsluholum á sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar, þ.e.a.s. í þeim holum sem eru ekki fullsaltar.  |                |                |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun | Boraðar verða rannsóknarholur, búnar sírita til að mæla vatnsborðsbreytingar, hitastig og seltu. Vinnsluholum verða einnig búnar sírita og mæla niðurdrátt, rennsli, seltu og hita. Vöktun á sömu þáttum í sjótökuholu HS Orku, LS-02 verði haldið áfram og lagt til að bæta við vöktun á LS-01 sem er SSV af Stolt Sea Farm. Vatnshæð, hitastig og rafleiðni í ferskvatnsholum í Sýrfelli er þegar vaktað og verði vart við seltubreytingar þar verður gripið til mótvægisáðgerða. Möguleg mótvægisáðgerð að dreifa holum og endurmeta staðsetningu þeirra. Vöktun verður unnin í samstarfi við HS Orku. |                |                |
| Niðurstaða matsins      | 1. áfangi   | 2. áfangi      | 3. áfangi      |
|                         | Óveruleg áhrif  | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif |

## 9 Vatnsgæði viðtaka og lífríki fjöru

Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar á vatnsgæði viðtaka og lífríki fjöru eru eftirfarandi matsspurningar, gögn og viðmið lögð til grundvallar mati á áhrifum:

### Matsspurningar

- Hvaða áhrif mun framkvæmdin mögulega hafa á vatnsgæði viðtaka?
- Hvaða efni verða í fráveituvatni stöðvarinnar eftir að framkvæmdum er lokið og stöðin komin í fulla framleiðslu?
- Hvaða möguleikar eru fyrir hreinsun á frárennsli eldisstöðvarinnar?
- Hvaða lífverur finnast í fjörunni við viðtaka?
- Hvaða áhrif hefur framkvæmd á tegundarsamsetningu fjörunnar?
- Hvaða áhrif hefur framkvæmdin á villta laxfiska?

### Gögn og viðmið

- Lög um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986.
- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- Válisti fugla.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit.
- Vatnatilskipun 2000/60/EB.
- Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.
- Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.
- Vatnavefsjá stjórnar vatnamála. Flokkun og gerð vatnshlota, efnarfræðileg og vistfræðileg flokkun vatnshlota.
- Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands: Flokkun og kortlagning fjara í vistgerðir, EUNIS-flokkunarkerfið.
- Samherji Eldisgarður, mat á dreifingu mengunar frá fyrirhugaðri útrás. Verkfræðistofan Vatnaskil, september 2022.
- Fuglar og fjara við Eldisgarð Samherja fiskeldis á Reykjanesi, RORUM, september, 2022.


### 9.1 Lýsing á grunnástandi viðtaka

Viðtakinn fyrir frárennsli er strandsjávar vatnshlotið Þorlákshöfn að Höfnum númer 104-1383-C samkvæmt vatnavefsjá stjórnar vatnamála. Um er að ræða opna strönd og er stærð vatnshlotins 243,6 km<sup>2</sup>. Í gerðarlýsingu vatnshlotsins kemur fram að þar er nokkur munur á sjávarföllum (1-5 m), meðalvatnshiti vetrar á bilinu 4 til 7°C og fullsaltur sjór (>30 psu). Vatnshlotið er ekki metið í hættu og því talið að umhverfismarkmið um a.m.k. gott vistfræðilegt- og efnarfræðilegt ástand náist. Þetta er byggt á áreiðanleikamati þar sem að ástandsflokkun vatnshlotsins hefur ekki farið fram (Stjórn vatnamála, 2022).

Verkfræðistofan Vatnaskil vann þynningarlíkan frárennslis þar sem lagt var mat á hvernig frárennslíð komi til með að dreifast og þynnast í sjó og möguleg áhrif þess á vatnsgæði viðtaka m.t.t. breytinga á hitastigi, seltu og aukins magns næringarefna (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2022). Lögð var áhersla á að skoða dreifingu hitastigs, seltu, köfnunarefnis (N), fosfórs (P) og líffræðilegrar súrefnisparfar (BOD<sub>5</sub>) í viðtaka sem og áhrif losunar frárennslisvatnsins á uppleyst súrefni. Skoðuð voru samlegðaráhrif með frárennsli Stolt Sea Farm og Reykjanesvirkjunar hvað seltu og hitastig varðar. Ekki var horft til samlegðar er varðar styrk næringarefna, súrefnisparfar eða súrefnis þar sem að mælingar benda til

Þessi styrkur efna í frárennslinu sé tiltölulega lágur og er súrefnisþörf í vatninu metin mjög lág. Gert er ráð fyrir að allt kælivatn frá Reykjanesvirkjuninni sé notað hjá Stolt Sea Farm eða Samherja fiskeldis og að því komi eingöngu skiljuvatn frá virkjuninni. Hitastig þess er 90-100°C.

Við matið var gert ráð fyrir staðsetningu útrása eins og Mynd 9.1 sýnir.



Mynd 9.1 Staðsetning meginútrásar Samherja fiskeldis og syðri útrásar sem er sameiginleg fyrir Samherja fiskeldi, Stolt Sea Farm og Reykjanesvirkjun (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2022).

Annar vegar er um að ræða meginútrás Samherja fiskeldis og hins vegar sameiginlega útrás fyrirtækjanna þriggja en gert er ráð fyrir að um 1 m<sup>3</sup>/s af frárennsli Samherja fiskeldis sé leitt í þá útrás til þynningar á frárennsli frá Reykjanesvirkjun. Í líkani er gert ráð fyrir einni útrás frá lóð en við frekari hönnun lóðar hefur verið gert ráð fyrir tveimur útrásum. Vegna aðstæðna á staðnum, þ.e. brimi og miklum vatnaskiptum er breytingin ekki talin hafa áhrif á niðurstöður líkansins.

Beitt var straum- og dreifingarlíkani Vatnaskila við Reykjanes með uppfærðu reiknineti og dýptargrunni við strönd svæðisins og voru niðurstöðurnar settar í samhengi við umhverfismörk fyrir næringarefni og lífræn efni í vatni til verndar lífríki í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og kröfur sem gilda um frárennslisvatn í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp (viðauki D).

## 9.2 Lýsing á grunnástandi fjöru og lífríki hennar

Fjörur á Íslandi hafa verið kortlagðar og flokkaðar m.t.t. fjöruvistgerða þar sem m.a. er tekið mið af gerð fjörubeðs eða undirlag, brimasemi, hitastig sjávar, seltu, loftslag og tegundasamsetningu lífríkis (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, María Harðardóttir, ritstj., 2016). Á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands má sjá að í grennd við landeldi Eldisgarðs er grýtt hrúðurkarlafjara (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022). Í slíkum fjörum er skjól lítið og brimasemi því mikil, undirlag hart (klappir og stórgrýti) og stöðugt og haggast varla, jafnvel ekki í miklu brimróti. Lítið er um plöntur og dýr vegna brims en hrúðurkarlar og/eða smávaxinn kræklingur geta þó verið áberandi á klöppunum því þessi dýr þola brim ágætlega og einnig fjörusverta og stundum smávaxið skúfþang, rauðþörungur og brúnþörungur. Verndargildi slíkra fjara er metið lágt (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, María Harðardóttir, ritstj., 2016).

Þar sem til voru nýlegar rannsóknir á fjörunni við framkvæmdasvæði Eldisgarðs, tengdar vöktun áhrifa ylsjávar í frárennslis Reykjanesvirkjunar (Karl Gunnarsson, 2012); (Steinunn Hilma Ólafsdóttir, 2020), þótti ekki ástæða til að fara í vettvangsferð vegna framkvæmda Samherja fiskeldis. Þess í stað tók RORUM saman greinargerð sem byggð er á framangreindum rannsóknum (viðauki E, skýrsla RORUM). Rannsóknirnar byggðust á fimm sniðum í fjörunni.

Undirlag fjörunnar eru klappir sem ná í sjó fram. Fjörubeðurinn er mjög mishæðóttur og þó svo að fjaran sé í heildina brimasöm eru skjólsælir staðir víða um fjöruna vegna þó að í heildina sé fjaran brimasöm. Þessar aðstæður gefa skilyrði fyrir tiltölulega mikinn tegundafjölda. Lágvaxnir þörungur eru þar ríkjandi. Ríkjandi tegund er sjóarkræða (*Mastocarpus stellatus*) en hún er einkennandi þörungategund í brimasömum klettafjörum og með mikla þekju. Mikið er af klóþangi (*Ascophyllum nodosum*) og þar á eftir skúfþangi (*Fucus distichus*) sem hefur einnig mikla þekju. Aðrar algengar tegundir þörungur sem fundust eru þær sem búast má við í brimasömum fjörum, þá helst klappaþang (*Fucus spiralis*), rauðskán (*Hildenbrandia spp.*) og þyrnikló (*Ceramium shuttleworthianum*) (sjá nánar í viðauka x).

Í framangreindum rannsóknum fundust ýmsir hryggleysingar í fjörunni við Eldisgarð. Tegundir og fjölbreytni þeirra er eins og við má búast í þangi vaxinni klettafjöru en er þó heldur meiri en venjulega þar sem brimasemi er mikil. Skýringin er talin vera hinu skjólsælu blettir sem mishæðóttur fjörubeður skapar. Þar fannst ein tegund svampa eða brauðsvampur (*Halicondria panicea*) og fjórar tegundir hveldýra, t.d. *Tamarisca tamarisca*. Einnig fjórar tegundir burstaorma, m.a. flækubendill (*Cirratulus cirratus*), fjórar tegundir marflóa, þ.á m. *Amphithoe rubricata*, fimm tegundir jafnfætla, m.a. þanglús (*Idotea granulosa*) og bogkrabbi (*Carcinus maenas*). Þar fundust hrúðurkarlar (*Semibalanus balanoides*), sækönguló (*Pycnogonum littorale*) og ýmsar tegundir flatorma, þráðorma, ranaorma og liðorma sem ekki voru greindir til tegunda. Alls fundust 14 tegundir lindýra, m.a. þangdoppa (*Littorina obtusata*) og klettadoppa (*Littorina saxatilis*). Einnig fundust kræklingur (*Mytilus edulis*) og nákuðungur (*Nucella lapillus*), auk fjögurra tegunda skrápdyra, m.a. slöngustjarna (*Ophiopholis aculeata*) og stórkrossi (*Asteria rubens*) (viðauki E).


Þær tegundir sem fundust í fjörunni hafa fundist áður hér við land. Engin þeirra nýtur sérstakrar verndar og/eða teljast sjaldgæfar. Fjaran og grunnsævið vestan við Eldisgarð,



á losunarsvæði frárennslis, svokallast Öngulbrjótsnef hefur þó verið tilnefnt sem verndarsvæði af Náttúrufræðistofnun fyrir B-hluta náttúruminjaskrár og eru forsendurnar þær að þar vex klóþang (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022).

### 9.3 Lýsing á áhrifum

Sjávarstraumurinn í grennd við losunarstaði frárennslis fylgir strandlínunni til norðurs á aðfalli og til suðurs á útfalli (Mynd 9.2). Straumhraði í víkinni þar sem útrásarendarnir eru staðsettir er nokkuð breytilegur en er mestur syðst þar sem hann getur verið yfir 50 cm/s. Náttúrulegur straumhraði nærri útrásunum er 10-20 cm/s en hann getur hækkað staðbundið vegna frárennslisvatnsins (viðauki x).




Mynd 9.2 Sjávarstraumar í nágrenni losunarstaða á aðfalli (til vinstri) og útfalli (til hægri) á stórstraumi (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2022).


#### Súrefni

Í þynningarlíkaninu reiknast hæsta styrkukning líffræðilegrar súrefnisþarfar ( $BOD_5$ ) í viðtakanum um 1,8 mg  $O_2/L$  við enda syðri útrásarinnar en 1,5 mg  $O_2/L$  við meginútrás Samherja fiskeldis (Mynd 9.3) en sá styrkur er innan umhverfismarkaflokks II í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Massastreymi lífrænnar súrefnisþarfar er lægra frá syðri útrásinni og þar af leiðandi verða áhrif þar minni á súrefnisstyrk í viðtakanum en frá meginútrás Samherja fiskeldis. Styrkur  $BOD_5$  við útrásirnar er innan viðmiða reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp um að súrefnisnotkun  $BOD_5$  megi ekki vera yfir 4 mg  $O_2/L$ . Áhrif vinds yfir 8 m/s hafði samkvæmt líkaninu óveruleg áhrif á hæstu reiknuðu styrkukningu  $BOD_5$ . Styrkukning  $BOD_5$  fellur hratt í viðtakanum út frá útrásunum og er samkvæmt líkaninu komin niður fyrir 0,5 mg  $O_2/L$  í um 100 m fjarlægð

(viðauki D). Út frá framangreindum forsendum um súrefnispörf voru 50% hlutfallsmörk súrefnistyrks (styrkur súrefnis 50% tímans) og súrefnismettun reiknuð í viðtakanum (Mynd 9.4).



Mynd 9.3 Dreifing lífrænnar súrefnisparfar (BOD<sub>5</sub>). Litaskali nær frá bláu, engin styrkukning BOD<sub>5</sub>, yfir í rautt sem er hæsta leyfilega súrefnisnotkun BOD<sub>5</sub> (4 mg O<sub>2</sub>/L) samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2022).



Mynd 9.4 50% hlutfallsmörk súrefnisstyrks. Litaskali frá bláu yfir í gult sýnir hvar styrkur súrefnis 50% tímans reiknast undir viðmiðum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og rauði liturinn sýnir fulla súrefnismettun m.v. forsendur um hitastig og seltu í líkaninu (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2022).

Í líkanreikningunum var ekki tekið með endurnýjun súrefnis vegna vinds, öldu eða strauma vegna óvissu um þá þætti. Reikningarnir sýna að styrkur súrefnis gæti staðbundið verið undir viðmiðum reglugerðar um nr. 798/1999 um fráveitur og skólp eða í um 30-50 m radíus frá útrásunum tveimur. Þannig reiknast 50% hlutfallsmörk

súrefnisstyrks lægst næst meginútrás Samherja fiskeldis eða rúmlega 8 mg/L en samkvæmt reglugerðinni skal styrkur súrefnis 50% tímans vera yfir 9 mg/L. Súrefnisstyrkur á fjöru lækkar hratt samhliða minnkandi dýpi í líkaninu og þess vegna geta 50% hlutfallsmörk á fjörusvæðum reiknast lægri en myndin sýnir. Líkanreikningarnir benda til þess að eingöngu þurfi 3 m/s meðalvindhraða til að viðhalda fullri súrefnismettun þar sem að endurnýjun súrefnis í sjó er fyrst og fremst háð vindi.

### Hitastig

Hæsta reiknaðar hitastig næst syðri útrásarendanum er um 27°C en þar hefur 90-100 °C heitt skiljuvatn frá Reykjanesvirkjun langmest áhrif en Eldisgarðurinn kemur til með að nýta ylsjó frá Reykjanesvirkjun. Við meginútrásarenda Samherja fiskeldis er hitastig rúmlega 8°C. Hitastig frárennslisvatnsins lækkar hratt þegar það kemur í viðtakann og hefur náð hitastigi sjávar innan við 100 m radíus frá útrásarendunum (Mynd 9.5). Áhrif vinds yfir 8 m/s hafði óveruleg áhrif á hæsta reiknaða hitastig. Við mat á áhrifum hitastigs var miðað við að meðalhiti sjávar væri 5°C. Líkanið sýnir því að hitastig muni staðbundið vera yfir viðmiðum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitu og skólp, þó meira að vetri en sumri þegar hitastig sjávar lækkar. Hitastigsaukning í viðtaka vegna frárennslis má að hámarki vera 2°C (viðauki D).


### Selta

Við mat á áhrifum frárennslis á seltu var í líkanreikningunum miðað við að selta í viðtakanum væri 35 ppt. Lægsta reiknaða selta hjá útrásarendunum reiknast um 24 ppt við meginútrásarenda Samherja fiskeldis. Hröð þynning verður í viðtakanum og er sjór kominn í fulla seltu í um 250 m fjarlægð frá útrásunum (Mynd 9.6).


### Köfnunarefni og fosfór

Í þynningarlíkaninu reiknast hæsti styrkur köfnunarefnis (N) um 1,8 mg/L í næsta nágrenni meginútrásar Samherja fiskeldis en sá styrkur er innan umhverfismarkaflokks IV (næringarefnaauðugt) í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns (Mynd 9.7). Áhrif vinds yfir 8 m/s hafði óveruleg áhrif á hæsta reiknaða styrk köfnunarefnis. Styrkur köfnunarefnis lækkar nokkur hratt frá meginútrásinni og fellur innan umhverfismarkaflokks I í um 300 m fjarlægð frá áætluðum fjörumörkum. Styrkur köfnunarefni við syðri útrásina reiknast mun lægri en við meginútrásina eða mest í umhverfismarkaflokki II, lágt næringarefnagildi (viðauki D).


Í þynningarlíkaninu reiknast hæsti styrkur fosfórs (P) um 0,2 mg/L í næsta nágrenni meginútrásarenda Samherja fiskeldis en sá styrkur er innan umhverfismarkaflokks V (ofauðugt) í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns (Mynd 9.8). Áhrif vinds yfir 8 m/s hafði óveruleg áhrif á hæsta reiknaða styrk fosfórs. Nokkuð stórt svæði fellur innan umhverfismarkaflokks III, næringarefnaríkt (merkt með gulum lit á Mynd 9.8), en staðbundið reiknast styrkur fosfórs í flokki IV syðri útrásina og í flokkum IV og V í grennd við meginútrás Samherja fiskeldis (viðauki D).




Mynd 9.5 Hæsta reiknaða hitastig. Litaskali nær frá bláu, sem sýnir meðalsjávarhita, yfir í rautt sem sýnir hámarkshitabreytingu af völdum frárennslis (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2022).



Mynd 9.6 Lægsta reiknaða selta. Litaskali er frá bláu, sem sýnir lægstu reiknuðu seltu vegna útrása, yfir í rautt sem sýnir seltu í viðtakanum (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2022).



Mynd 9.7 Hæsti reiknaði styrkur köfnunarefnis. Litaskali nær frá bláu yfir í rautt og sýna umhverfismarkaflokka í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Litaskali er frá bláu, sem sýnir styrk köfnunarefnis í viðtaka sem fellur innan flokks I, yfir í appelsínugult sem sýnir styrk köfnunarefnis sem fellur innan flokks IV (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2022).



Mynd 9.8 Hæsti reiknaði styrkur fosfórs. Litaskali sýnir umhverfismarkaflokka í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Skalinn nær frá bláu, sem sýnir styrk fosfórs í viðtaka sem fellur innan flokks I, yfir rautt sem sýnir styrk þess sem fellur innan flokks V (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2022).



## 9.4 Mat á áhrifum á viðtaka og lífríki í fjöru

Vatn úr frárennislögnum kemur í sjó við fjöruborð. Frárennslisli fara eldisstöðinni mun fara í gegnum síur þar sem fast efni er síað frá og í gegnum hreinsistöð þar sem það verður hreinsað enn frekar. Gert er ráð fyrir að tromlusiur, eða sambærilegar, verði notaðar. Síun vatnsins mun minnka líkur á slyasleppingum frá eldiskerjum. Gert er ráð fyrir að allt kælivatn frá Reykjanesvirkjun verði notað hjá Stolt Sea Farm eða Samherja fiskeldi og því komi eingöngu skiljuvatn frá virkjuninni. Um 1 m<sup>3</sup>/s af frárennslisli frá Samherja fiskeldi verður veitt um í frárennslisstokk sem þynnir út skiljuvatnið. Þess verður gætt að ástand strandsjávar vatnshlotsins samræmist umhverfismarkmiðum skv. reglugerð nr. 535/2011 en þar kemur fram að vatnshlot skulu vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi.

Til grundvallar mati á áhrifum frárennslis á vatnsgæði og lífríki viðtaka eru þýningarlíkan frárennslis og mat á mögulegum áhrifum þess á vatnsgæði viðtaka (viðauki x, Vatnaskil) og könnun á fjöru og mat á mögulegum áhrif frárennslis á fjöru lífríki (viðauki x, RORUM).

Möguleg áhrif frárennslisins geta helst orðið vegna aukins styrks næringarefna í viðtaka. Fiskeldi fylgja næringarefni í frárennslisli sem eiga uppruna sinn að rekja til þess fódurs sem notað er í eldinu og lífræns úrgangs frá fiskinum. Mikil losun næringarefna, einkum fosfórs og köfnunarefnis, getur leitt til næringarefnaofauðgunar og aukins vaxtar svifþörungum og þörungablóma og jafnvel aukinnar súrefnisupptöku botnlægra rotvera sem nýta sér rotnandi leifar þörungum sem falla til botns. Mest hættu er talin vera á ofauðgun næringarefna á svæðum þar sem vatnsskipti eru takmörkuð (Birna S. Halldórsdóttir, 2020). Á athugunarsvæðinu eiga þessar aðstæður ekki við en vatnsskipti eru mjög hröð vegna brims.

Líkanreikningarnir benda til þess að styrkur fosfórs á svæði næst enda meginútrásar Samherja fiskeldis (sjá rauðlitað svæði á Mynd 9.8) sé nægilega há til að geta valdið ofauðgun að teknu tilliti til bakgrunnsgildis (viðmiðunargildi fyrir vetrarstyrk). Styrkur fosfórs reiknast staðbundið í umhverfismarkaflokki V (ofauðgun) í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns eða í um 100 m radíus út frá útrásarendanum. Líkanið bendir til þess að áhrif annarra þátta í fráveituvatninu í viðtaka verði minni og þýnnist hraðar en á við um styrk fosfór.

Áhrif staðbundinnar hitastigsaukningar í viðtaka í næsta nágrenni sameiginlegrar útrásar fyrirtækjanna þriggja voru ekki metin sérstaklega en þar hefur Reykjanesvirkjun langmest áhrif og ekki er tilgangur matsskýrslu þessarar að meta áhrif virkjunarinnar. Vatnið frá virkjuninni sem fer í útrásins er 90-100 °C heitt skiljuvatn. Líkanreikningarnir benda til þess að samlegðaráhrif meginútrásar Samherja fiskeldis og frárennslis hinna tveggja fyrirtækjanna verði óveruleg hvað hitastig og seltu varðar. Við mat á samlegð Samherja fiskeldis með frárennslisli Stolt Sea Farm og Reykjanesvirkjunar í sameiginlegri útrás fyrirtækjanna þriggja var gert ráð fyrir fullri blöndun vatnsins þegar það kemur til sjávar. Frárennslisli frá Samherja fiskeldis mun þynna út frárennslisvatn Reykjanesvirkjunar og lækka hitastig þess og verða því jákvæð áhrif þar á.

Er það mat Vatnaskila að ef til ofauðgunar kæmi gæti það haft áhrif til aukinnar súrefnisupptöku í viðtakanum umfram það sem kannað var og forsendur voru til að meta (viðauki D, Vatnaskil). Að mati RORUM er mjög ólíklegt að lífræn efni nái að safnast upp í fjörunni vegna mikils brims og eru samlegðaráhrif með öðrum útrásum talin hverfandi. Áhrif útrása eru metin staðbundin og áhrif á lífríki fjörunnar í heild talin lítil (viðauki E, RORUM). Strandsjávar vatnshlotið á áhrifasvæði Eldisgarðs er opin strönd fyrir opnu hafi, mjög brimasöm þar sem er skjól lítið. Þessar aðstæður eru taldar tryggja hraða endurnýjun vatns og fyrirbyggja uppsöfnun næringarefna og þynna hratt út önnur áhrif eins og hátt hitastig frárennslisvatns. Sem viðtaki fyrir frárennslisli þá passar hann vel við

skilgreiningu á síður viðkvæmur viðtaka samkvæmt 29. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 798/1999 en það er m.a. strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfi.

## 9.5 Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum

Áhrif af losun frárennslis í viðtakann eru metin óverulega neikvæð, staðbundin, tímabundin og afturkræf ef landeldi Eldisgarðs verður hætt. Þrátt fyrir að líkanreikningarnir bendi til þess að styrkur fosfórs gæti orðið nægilega hár í næsta nágrenni meginútrásar Samherja fiskeldis til að valda ofauðgun eru aðstæður í viðtakanum metnar þannig að óverulegar líkur séu á að lífræn efni nái að safnast upp í því magni að plöntusvif nái að nýta sér þau. Ekki er því talin hætta á þörungablóma né aukinni súrefnisupptöku í viðtakanum af völdum rotvera. Aðstæður eru taldar sambærilegar milli valkosta.

Losun frárennslis í viðtakann er ekki talin breyta einkennum hans eða verndargildi þess lífríkis sem skoðað var. Því er talið að vatnshlotið Þorlákshöfn að Höfnum muni áfram samræmast umhverfismarkmiðum reglugerðar nr. 535/2011 um að vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ekki er talið að verndargildi fjöruvistgerða á svæði, sem er á B-hluta náttúruminjaskrár, vestan við framkvæmasvæði Eldisgarðs, svokallað Öngulbrjótsnef, verði rýrt.

Gert er ráð fyrir að sett verði upp samskonar vöktunaráætlun og Samherji fiskeldi er með í öðrum eldisstöðvum sínum þar sem mánaðarlega eru tekin sýni úr frárennslinu og þau send til greiningaá lífrænum efnum á rannsóknarstofunni Sýni ehf. Þar að auki verða reglulega tekin vatnssýni í samræmi við vottanir og starfsleyfi. Í umsögn sinni um matsáætlun benti Hafrannsóknarstofnun á að í einhverjum tilvikum séu greiningar mörk aðferða sem hafa verið notuð í vöktun vegna landeldis of há til þess að hægt sé að nota þau til að skera úr um hvort losun fráveitu valdi auknu álagi á viðtaka og að mikilvægt er að velja aðferðir sem eru nægilega næmar til að greina styrk efnanna á öllum árstímum. Samherji fiskeldi mun hafa samráð við Hafrannsóknarstofnun við útfærslu vöktunaráætlana. Stefnt er að því að vöktun verði unnin í samstarfi við önnur fyrirtæki á svæðinu.

### Norðurlóð - Vatnsgæði viðtaka og lífríki fjöru

|                         |   |                |                |
|-------------------------|---|----------------|----------------|
| Helstu áhrif            | Staðbundin og tímabundin hækkun á styrk fosfórs og köfnunarefnis, hitastigsaukning og lægri styrkur súrefnis og súrefnismettun í næsta nágrenni útrása. |                |                |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun | Mánaðarlegar vöktunarmælingar á efnum í frárennslu. Samráð verður haft við Hafrannsóknarstofnun um fyrirkomulag vöktunar.                               |                |                |
| Niðurstaða matsins      | 1. áfangi   | 2. áfangi      | 3. áfangi      |
|                         | Óveruleg áhrif  | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif |

### Suðurlóð - Vatnsgæði viðtaka og lífríki fjöru

|                         |   |                |                |
|-------------------------|---|----------------|----------------|
| Helstu áhrif            | Staðbundin og tímabundin hækkun á styrk fosfórs og köfnunarefnis, hitastigsaukning og lægri styrkur súrefnis og súrefnismettun í næsta nágrenni útrása. |                |                |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun | Mánaðarlegar vöktunarmælingar á efnum í frárennslu. Samráð verður haft við Hafrannsóknarstofnun um fyrirkomulag vöktunar.                               |                |                |
| Niðurstaða matsins      | 1. áfangi   | 2. áfangi      | 3. áfangi      |
|                         | Óveruleg áhrif  | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif |

## 10 Landslag og sjónræn áhrif

Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar á landslag og ásýnd eru eftirfarandi matsspurningar, gögn og viðmið lögð til grundvallar mati á áhrifum:

### Matsspurningar

- Hver eru helstu einkenni landslags og ásýndar á svæðinu?
- Koma mannvirki og rask vegna framkvæmdar til með sjást frá fjölförnum stöðum, t.a.m. þjóðvegi, íbúðarsvæði eða útivistarsvæði?
- Hvernig kemur ásýnd svæðis til með að vera að framkvæmdum loknum frá völdum svæðum?
- Koma mannvirki til með að stinga í stúf við núverandi einkenni landslags?

### Gögn og viðmið

- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
- Landslagssamningur Evrópu.
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Reykjanesbæjar 2015 – 2030
- Flokkun og kortlagning landslagsgerða á Íslandi (EFLA og LCU, 2020).

### 10.1 Lýsing á grunnástandi landslags og ásýndar

Landslag í grennd við fyrirhugaðar byggingar er jarðfræðilega fjölbreytt og hefur töluvert verndargildi, sjá nánar kafla 3.1 um verndargildi.

Í flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landsvísu (EFLA og LCU, 2020) fellur svæðið undir yfirflokkinn *virki / unng eldfjallasvæði (4)* og þar í landslagsgerðina *ung hraun á láglandi (4.4)*. Þar er landslagsgerðinni m.a. lýst sem flatlendu eða öldóttu landformi með stök fjöll. Svæðin eru einkum á virka eldstöðvabeltinu og þar er að finna ung hraun sem runnið hafa eftir að ísaldarjökullinn hörfaði. Hraun eru víða mosagróin og gras eða kjarr í skjólsælum lægðum, eða þar sem jarðvegur hefur náð að myndast. Við sjó eru sendnar strendur, björg eða klappir, auk þess sem hraun nær sums staðar alla leið út í sjó. Nokkuð langar sjónlengdir og mikil víðsýni.

Í skýrslu Eflu og LCU er *Reykjaneskaga (4.4.1)* lýst þannig:


*„Nes við suðvesturströnd landsins. Land nær frá sjó upp í 300 m hæð yfir sjávarmáli. Landform er fremur flatt eða öldótt með stökum lágum fjöllum. Úfin en gróin hraun þekja nær allt yfirborð. Gróður er aðallega mosi og lyng. Hraun ná víða út í sjó, auk þess sem sums staðar eru björg við ströndina. Tvö eldstöðvakerfi eru innan svæðisins, Reykjanes og Svartsengi, og er þar talsverður jarðhiti. Á Reykjanesi er hverasvæði kennt við Gunnuhver og fyrir miðju svæðis er Bláa lónið. Utan þess er svæðið mjög þurr. Nokkrir þéttbýlisstaðir eru meðfram ströndinni. Þess utan er byggð lítil. Háspennulínur og vegir liggja um svæðið.“* (EFLA og LCU, 2020).

Unnin var landslagsgreining í umhverfismati Reykjanesvirkjunar (HS Orka hf og VSÓ Ráðgjöf, 2009) og er fyrirhugað framkvæmdasvæði Samherja fiskeldis innan þess athugunar svæði. Landslagsgerðir sem voru skilgreindar í þeirri vinnu eru eftirfarandi:

- **Brunalandslag:** Helstu einkenni þessarar landslagsgerðar á Reykjanesi er ógróið eða lítt gróið hraun sem er svart á að líta. Hraunið er víða þakið svörtum sandi sem gerir ásýndina enn dekkri.
- **Háhitallandslag:** Helstu einkenni þessarar landslagsgerðar eru ummerki um háhita á yfirborði, s.s. sterkir litir í gróðri og jarðvegi, kraumandi hverir, útfellingar og gufustrókar.

- **Grónir hryggir:** helstu einkenni þessarar landslagsgerðar eru mjúkir og grónir hryggir sem stinga í stúf við annars dökka hraunbreiðuna.
- **Gróið hraun og flatlendi:** Helsta einkenni landslagsgerðarinnar er gróið yfirborð lands sem er ýmist algert flatlendi, hraun með nokkuð mjúkri áferð eða hlíðar dyngju sem eru þá farnar að líkjast meira mólendi
- **Ströndin/fjaran:** Landslagið innan þessarar landslagsgerðar einkennist af stórgrýttri og jafnvel klettótttri ströndu
- **Mannvirki jarðhitavinnslu:** Í kjarna iðnaðarsvæðisins eru margs konar mannvirki, gömul og ný sem hafa yfir sér nokkuð óreiðukennt yfirbragð. Þar liggja saman lagnir, slóðar, gufuháfar, borholuhús, borholutoppar og yfirgefin sjóefnavinnsla ásamt byggingum sem standa auðar.

Svæðin sem hér eru til skoðunar, Suðurlóð og Norðurlóð, ásamt aðkomu vegum liggja innan landslagsgerða brunalandslags og ströndin/fjaran.



Mynd 10.1 Horft í norður, yfir Norðurlóð. Mannvirki Reykjanesvirkjunar lengst til hægri á mynd. Mynd: VSÓ.



Mynd 10.2 Horft í suðvestur, yfir Suðurlóð. Mannvirki Stolt Sea Farm lengst til hægri á mynd. Mynd: VSÓ.

Norðurlóð, ásamt valkostum um aðkomuvegi, liggja innan svæðis sem fellur undir landslagsgerðina *brunalandslag* samkvæmt ofangreindri skilgreiningu meðan Suðurlóð liggur á svæði sem fellur undir landslagsgerðina *gróið hraun og flatlendi*.

## 10.2 Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á landslag og ásynd

Valkostir koma til með að hafa bein áhrif á óraskað hraun og jarðmyndanir sem eru einkennandi fyrir landslagsgerð svæðisins. Með Norðurlóð ásamt valkostum um aðkomuvegi verður rask á landslagsgerðina *brunalandslag*. Með Suðurlóð verður rask á landslagsgerðina *gróið hraun og flatlendi*. Ekki verða bein áhrif á aðrar landslagsgerðir sem hafa verið skilgreindar á svæðinu. Mannvirkin verða nálægt ströndinni og því mun ásyndin frá fjöru til lands breytast frá núverandi aðstæðum. Áfangaskipting verður á uppbyggingu.

Þegar horft er á svæðið, Auðlindagarðinn, sem heild koma valkostir til með að bæta við mannvirkjum á svæðið, sem þegar er einkennandi þáttur landslags og ásynd svæðis. Ný mannvirki og aðkomuvegur verða látin falla að nærliggjandi landslagi eins og kostur er, t.a.m. með því að hafa byggingar lágreistar og að efnisval falli sem best að litum í nánasta umhverfi. Töluvert umframefni verður vegna uppgrافتar á svæðinu. Hraunhellur verða nýttar til að ganga frá og draga úr áhrifum raskaðra svæða á ásynd svæðis. Eins og kemur fram í umfjöllun um jarðmyndanir (kafla 14) verða sérstæðar jarðmyndanir í nágrenni lóða merktar til að koma í veg fyrir rask á framkvæmdatíma. Tillögur að veglínnum voru teiknaðar lauslega til að gefa til kynna staðsetningu þeirra fyrir athuganir á svæðinu vegna umhverfismats. Við nánari hönnun verður þess gætt að vegur falli vel að landslagi og raski sérstæðum jarðmyndunum sem minnst. Valkostir koma til með að draga staðbundið úr verndargildi svæðis vegna óafturkræfra áhrifa á jarðmyndanir.

Unnar hafa verið ásyndarmyndir fyrir valkosti sem gefa til kynna mögulega ásynd svæðis eftir að framkvæmdum lýkur. Mynd 10.3 sýnir ásyndarpunkta þar sem myndir voru teknar og síðan unnar.



Mynd 10.3 Staðsetning ásyndarpunkta.



Mynd sýnir möguleg áhrif á landslag og ásýnd, ekki er um endanlega hönnun að ræða.

Mynd 10.4 Horft yfir Norðurlóð frá punkti 1 (Frá Reykjanesvíta) mannvirki eldisstöðvarinnar sjást vinstra megin við Reykjanesvirkjun. Mynd AVH ehf.



Mynd sýnir möguleg áhrif á landslag og ásýnd, ekki er um endanlega hönnun að ræða.

Mynd 10.5 Horft yfir Norðurlóð frá punkti 2 (vegur að Stolt Sea Farm). Sjá má þök mannvirkja fyrir miðju myndar. Mynd AVH ehf.



Mynd sýnir möguleg áhrif á landslag og ásýnd, ekki er um endanlega hönnun að ræða.

Mynd 10.6 Horft yfir Norðurlóð frá punkti 4 (Stampar). Reykjanesvirkjun og Reykjanesviti vinstramegin á myndinni. Mynd AVH ehf.





Mynd sýnir möguleg áhrif á landslag og ásýnd, ekki er um endanlega hönnun að ræða.

Mynd 10.7 Horft yfir Norðurlóð frá punkti 5 (Reykjavegur). Mannvirki eldisstöðvar ber við himin. Mynd AVH ehf.



Mynd sýnir möguleg áhrif á landslag og ásýnd, ekki er um endanlega hönnun að ræða.

Mynd 10.8 Horft yfir Suðurlóð frá punkti 1 (Frá Reykjanesvita). Mynd AVH ehf. Sjá má í þök mannvirkja fyrir miðju myndar, til vinstri.



Mynd sýnir möguleg áhrif á landslag og ásýnd, ekki er um endanlega hönnun að ræða.

Mynd 10.9 Horft yfir Suðurlóð frá punkti 2 (vegur að Stolt Sea Farm). Sjá má þök mannvirkja fyrir miðju myndar, til vinstri. Mynd AVH ehf.

Mannvirki Norðurlóðar sjást vel frá punktum 1, 4 og 5 þ.e. frá Reykjanesvita, Stömpum og Reykjavegi. Valkosturinn sést lítið frá punkti 2, vegi að Stolt Sea Farm og ekkert frá punkti 3, frá Nesvegi. Suðurlóð sést að litlu leyti frá punkti 1, Reykjanesvita, og punkti 2, vegi að Stolt Sea Farm. Valkosturinn sést ekki frá punktum 3, 4 og 5.

Við val á ásýndarpunktum voru staðsetningar meðvitað valdar með Norðurlóð í huga, þar sem um aðalvalkost Samherja fiskeldis er að ræða. Mynd 10.4 - Mynd 10.9 sýna mögulega ásýnd svæðisins eftir að framkvæmdum er lokið. Ekki eru sýndar myndir frá myndapunktum þar sem mannvirki valkosta sáust ekki.

### 10.3 Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á landslag og ásýnd

Framkvæmd felur í sér umfangsmiklar byggingar og koma báðir valkostir til með breyta einkennum landslags og auka á fjölda mannvirkja á svæðinu, sem þó er áberandi þáttur í einkennum landslags í dag. Hvað ásýnd varðar er leitast við að hafa byggingar eins lágreistar og mögulegt er og gæta þess að litir falli að litum umhverfisins. Landslag á svæðinu er mishæðótt sem veldur því að mannvirki koma ekki til með að sjást víða að. Mannvirki eru þó nálægt ströndinni og því mun ásýndin frá fjöru til lands breytast frá núverandi aðstæðum. Mannvirki koma að einhverju leyti til með að sjást frá Reykjanesvita auk þess sem mannvirki á Norðurlóð munu sjást vel frá Stömpum, sem er skilgreindur jarðminjastaður í Reykjanes GeoPark, og frá Reykjavegi sem er gönguleið sem liggur um lóðina.

Í fyrsta áfanga eru áhrif metin staðbundin en eru óafturkræf og rýra verndargildi svæðis að einhverju leyti. Breyting á núverandi einkennum landslags er þó lítil. Áhrif fyrsta áfanga eru metin óveruleg til talsvert neikvæð og það á við um báða valkosti. Í 2. og 3. áfanga eykst umfang mannvirkja og þó landslag einkennist þegar af mannvirkjum og iðnaði þá eru áhrif metin talsvert neikvæð vegna umfangs framkvæmdar. Það á einnig við um báða valkosti.

| Norðurlóð – Landslag og ásýnd |   |                        |                        |
|-------------------------------|---|------------------------|------------------------|
| Helstu áhrif                  | Óafturkræft rask á jarðmyndunum auk þess sem framkvæmdir auka við mannvirki og iðnað á svæðinu.   |                        |                        |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun       | Mannvirki og efnisval verður látið falla að landslagi eins og kostur er. Rask verður haldið í lágmarki og sérstæðum jarðmyndunum hlíft. Umframefni nýtt til að draga úr ásýnd rasks, t.a.m. í jöðrum þess.  |                        |                        |
| Niðurstaða matsins            | 1. áfangi   | 2. áfangi              | 3. áfangi              |
|                               | Óveruleg til talsvert neikvæð áhrif   | Talsvert neikvæð áhrif | Talsvert neikvæð áhrif |
| Suðurlóð – Landslag og ásýnd  |   |                        |                        |
| Helstu áhrif                  | Óafturkræft rask á jarðmyndunum auk þess sem framkvæmdir auka við mannvirki og iðnað á svæðinu.   |                        |                        |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun       | Mannvirki og efnisval verður látið falla að landslagi eins og kostur er. Raski verður haldið í lágmarki og sérstæðum jarðmyndunum hlíft. Umframefni nýtt til að draga úr ásýnd rasks, t.a.m. í jöðrum þess. |                        |                        |
| Niðurstaða matsins            | 1. áfangi   | 2. áfangi              | 3. áfangi              |
|                               | Óveruleg til talsvert neikvæð áhrif   | Talsvert neikvæð áhrif | Talsvert neikvæð áhrif |

## 11 Gróðurfar og fuglalíf

Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar á gróður og fuglalíf eru eftirfarandi matsspurningar, gögn og viðmið lögð til grundvallar mati á áhrifum:

### Matsspurningar

- Hvaða vistgerðir eru á áhrifasvæði framkvæmdar og hvert er verndargildi þeirra?
- Eru vistkerfi innan áhrifasvæðis sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd?
- Mun framkvæmd skerða svæði sem nýtur verndar eða telst hafa hátt eða mjög hátt gildi vegna gróðurfars og vistgerða?
- Er líklegt að framkvæmd komi til með að fjölga eða fækka fuglategundum á svæðinu?
- Fellur framkvæmd að alþjóðlegum samningum um verndun, þ.e. Bernarsamningnum og samningnum um líffræðilega fjölbreytni?

### Gögn og viðmið

- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd, þ.m.t. 61. gr.
- Válisti fugla, 2018.
- Válisti plantna: Válisti æðplantna, 2018; Válisti 1: Plöntur, 1996.
- Alþjóðlegur samningur um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningurinn.
- Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022).
- Vistgerðir á Íslandi (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, María Harðardóttir, ritstj., 2016).
- Fuglar og fjara við Eldisgarð Samherja fiskeldis á Reykjanesi, RORUM, september, 2022.

### 11.1 Lýsing á grunnástandi

#### Gróðurfar


Vistgerðir á landi ofan fjöru hafa verið flokkaðar þar sem m.a. er tekið mið af heildargróðurþekju, þekju æðplantna, mosa og flétta, hæð góðurs og jarðvegsþykkt (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, María Harðardóttir, ritstj., 2016). Norður- og Suðurlóð ásamt mögulegum vegstæðum eru á hraunlendi og eru vistgerðir innan Norður- og Suðurlóðar sýndar á Mynd 11.1. Megin vistgerðin á Norðurlóðinni er eyðihaunavist og þekur mosahraunavist eingöngu litla bletti. Á Suðurlóðinni er mest af mosahraunavist, og þar á eftir eyðihaunavist. Blettir eru þar af lynghraunavist.

Verndargildi eyðihraunavista er lágt en vistgerðin er þó á lista Bernarsamningsins frá árinu 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Vistgerðin er lítt útbreidd á Íslandi og einkennist af lítt grónu nútímahrauni, hellu- eða apalhrauni, þar sem gróðurframvinda er hæg vegna sandfoks (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, María Harðardóttir, ritstj., 2016). Gróðurþekja er þar breytileg en að jafnaði mjög lítil með lágvöxum frumherjagróðri þar sem þekja æðplantna og lágplantna (mosa og flétta) er álíka mikil. Fremur fáar tegundir æðplantna og mosa finnast í vistgerðinni en frekar margar fléttutegundir. Af æðplöntum finnst mest af blóðbergi (*Thymus praecox ssp. arcticus*), lambgrasi (*Silene acaulis*) og geldingahnappi (*Armeria maritima*). Algengastir mosa eru holtasóti (*Andreaea rupestris*), hraungambri (*Racomitrium lanuginosum*) og snúinskeggi (*Grimmia funalis*) en algengustu fléttur eru hraunbreyskja (*Stereocaulon vesuvianum*), grásnuðra (*Lecidea lapicida*), fölvakarta (*Porpidia melinodes*) og landfræðiflikra (*Rhizocarpon geographicum*).

Mosahraunavistar hefur miðlung verndargildi. Vistgerðin er lítt útbreidd og finnst einkum á ungum hraunum um sunnan- og vestanvert landið þar sem er mikil úrkoma og mikill mosavöxtur (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, María Harðardóttir, ritstj., 2016).

Heildargróðurþekja er þar að meðaltali mikil en breytileg þar sem skiptast á vel grónar lægðir og minna grónar hraunbungur og drangar. Gróður er mjög lágvaxinn og er mosi algjörlega ríkjandi í gróðurþekjunni. Einkennistegundin er mosinn hraungambri en þar eru tildurmosi (*Hylocomium splendens*) og fjallhaddur (*Polytrichastrum alpinum*) einnig algengir. Æðplöntur eru strjalar og lítið er af fléttum. Af æðplöntum er mest af krækilyngi (*Empetrum nigrum*), bláberjalyngi (*Vaccinium uliginosum*), grasviði (*Salix herbacea*) og stinnastör (*Carex bigelowii*) og af fléttum eru hraunbreyskja, fjallagrös (*Cetraria islandica*), hreindýrakraókar (*Cladonia arbuscula*) og fölvakarta algengastar.

Lynghraunavist hefur miðlung verndargildi. Vistgerðin er lítt útbreidd á Íslandi og einkennist af allvel grónu nútímahrauni, yfirleitt hallalitlu apa- eða helluhrauni. Þar er allmikil þekja æðplantna (einkum lyngs), mosa og fléttna. Vistgerðin er miðlungs rík af æðplöntum, mjög rík af fléttum en fátæk af mosum. Af æðplöntum finnst mest af krækilyngi, holtasóley (*Dryas octopetala*) og beitleyngi (*Calluna vulgaris*) og af mosum er mest af hraungambra, holtasóta, grákólfir (*Gymnomitrium coralloides*) og fjallhaddi. Algengustu flétturnar eru hreindýrakraókar, landfræðiflikra, fjallagrös, fölvakarta og geitanafli (*Umbilicaria proboscidea*). Engin framangreindra tegunda æðplantna og lágplantna (mosar og fléttur) eru á válistum né eru á framkvæmdarsvæðinu eða í næsta nágrenni vistkerfi sem njóta sérstakra verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.



Mynd 11.1 Vistgerðir innan Norðurlóðar og Suðurlóðar (VSÓ Ráðgjöf). Á myndum heldur Suðurlóð upprunalegri stærð sinni meðan Norðurlóð sýnir raunstærð. Gert er ráð fyrir að umfang Eldisgarðsins verði sambærilegur milli valkosta og miðast umhverfismatið við það.

## Fuglalíf

Í eyðihraunvist er strjált og fábreytt fuglalíf og eru algengustu tegundirnar heiðlóa (*Pluvialis apricaria*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), steindepill (*Oenanthe oenanthe*) og rjúpa (*Lagopus mutus*). Í mosahraunvist er rýrt fuglalíf og eru algengustu tegundirnar heiðlóa, spói, steindepill og snjótittlingur (*Plectrophenax*

*nivalis*). Í lynghraunavist er nokkurt fuglalíf og eru algengustu tegundirnar heiðlóa, spói, þúfutittlingur, stendepill og rjúpa (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, María Harðardóttir, ritstj., 2016). Af framangreindum tegundum er snjótittlingur á válista fugla og telst vera í nokkurri hættu og einn rjúpa sem telst vera í yfirvofandi hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022b).

RORUM gerði athugun á fuglum vegna fyrirhugaðar framkvæmda og lagði mat á möguleg áhrif á fuglalíf (viðauki E, skýrsla RORUM um fugla og fjörur, 2022). Fuglalíf var kannað í tveimur vettvangsferðum, á varptíma og fartíma fugla að vetri. Athugunarsvæði fyrir fugla eru sýnd á Mynd 11.2.



Mynd 11.2 Athugunarsvæði fyrir fugla. Lituðu svæðin sýna Norðurlóðina (blár litur) og Suðurlóðina (rauðum litur). Gul brotin lína sýnir svæði umhverfis lóðirnar sem einnig voru könnuð (viðauki E, RORUM). Á myndum heldur Suðurlóð upprunalegri stærð sinni meðan Norðurlóð sýnir raunstærð. Gert er ráð fyrir að umfang Eldisgarðsins verði sambærilegur milli valkosta og miðast umhverfismatið við það.

Alls voru 437 fuglar greindir til tegunda og var heildarfjöldinn 21 tegund. Fjöldi fugla var talsvert meiri að fartíma að vetri en þá sást 331 fugl af 9 tegundum. Að vori sáust 106 fuglar af 15 tegundum. Flestir fuglarnir sáust á sjó eða í fjöru. Á Norðurlóðinni að vetri voru hvítmáfur (*Larus hyperboreus*), svartbakar (*Larus marinus*) og silfumáfur (*Larus argentatus*) algengastir og á Suðurlóðinni á sama tíma voru súla (*Morus bassanus*), sendlingur (*Calidris maritima*) og æðarfugl (*Somateria mollissima*) algengstir. Á þurrlendi fundust einungis tvær rjúpur, báðar á Norðurlóðinni.

Á Norðurlóðinni að vori var æðarfugl (*Somateria mollissima*) algengasta tegundin og á Suðurlóðinni á sama tíma voru rita (*Rissa tridactyla*) og æðarfugl (*Somateria mollissima*) algengstir.

Af þeim tegundum sem fundust eru 12 tegundir á válista Náttúrufræðistofnunar. Af þeim eru fimm tegundir í hættu en það eru hvítmáfur, kjói (*Stercorarius parasiticus*) svartbakur, sendlingur og teista (*Cephus grylle*) og fimm tegundir í nokkurri hættu eða súla,

æðafugl, tjaldur (*Haematopus ostralegus*), rita og kría (*Sterna paradisaea*). Tvær tegundir er í yfirvofandi hættu en það er rjúpa, eins og fram hefur komið, og silfurmafur.

Engin mikilvæg fuglasvæði eru innan eða í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022).

## 11.2 Lýsing og mat á áhrifum

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu raska gróðri staðbundið innan lóðar Samherja fiskeldis. Á í nágrenni Norðurlóðar, og valkostum um aðkomu, er aðallega um að ræða eyðihraunavist þar sem er að jafnaði mjög lítil gróðurþekja og fremur fáar tegundir, mest fléttur. Verndargildi eyðihraunavistar er metið lágt þrátt fyrir að vera á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Á Norðurlóðinni eru einnig litlir blettir af mosahraunavist sem hefur miðlungs verndargildi og einkennist af mosavöxnu hrauni þar sem æðplöntur eru strjalar og lítið af fléttum.

Á Suðurlóð þekur mosahraunavist stærra svæði en eyðihraunavist og eru þar blettir af lynchhraunavist sem hefur að geyma allmikla þekju æðplantna en einnig mosa og fléttna. Enginn þeirra tegunda sem taldar eru upp í lýsingu á vistgerðunum þremur eru á válistum plantna.

Fuglalíf í eyðihraunavist er líklegt til að vera strjált og fábreytt og í mosahraunavist er fuglalíf rýrt en í lynchhraunavist er nokkurt fuglalíf. Í athugun á fuglalífi koma í ljós að á svæðinu eru aðallega fuglar í sjó og fjöru. Að mati RORUM er ekki talið að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa merkjanleg áhrif á þær tegundir sem þar finnast. Engin mikilvæg fuglasvæði eru innan eða í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins. Ólíklegt er talið að hinar staðbundnu framkvæmdir muni hafa þau áhrif að fuglategundum fækki á svæðinu og fer því ekki gegn alþjóðlegum samningum á borð við samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Líklegt er að fuglar muni færa sig um set, yfir á nærsvæði lóðar Samherja fiskeldis.

Hvað losun frárennslis í sjó varðar eru, eins og kemur fram í kafla 9, ekki taldar líkur á því að losunin muni stuðla að fjölgun fuglategunda og einstaklinga og er ástæðan hin mikla brimasemi og lítið skjól við ströndina í grennd við Samherja fiskeldis. Framkvæmdin er því ekki talin líkleg til að fjölga fuglategundum á svæðinu.

## 11.3 Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum

Valkostir eru ekki líklegir til að breyta einkennum gróðurs, ekki rýra verndargildi gróðurs og vistgerðanna þriggja sem finnast á svæðinu. Áhrif framkvæmdar Samherja fiskeldi á gróður eru metin óverulega neikvæð og staðbundin sem og tímabundin og afturkræf ef starfsemi væri hætt. Valkostir eru ekki líklegir til að breyta einkennum fugla á svæðinu, ekki hafa áhrif á stofn þeirra fugla sem finnast á og í grennd við framkvæmdarsvæðið, né rýra verndargildi þeirrar tegunda sem eru á válista. Áhrif framkvæmdar Samherja fiskeldi á fuglalíf eru metin óverulega neikvæð, staðbundin sem og tímabundin og afturkræf ef starfsemi væri hætt.

| Norðurlóð - Gróðurfar og fuglalíf |  |                |                |
|-----------------------------------|--|----------------|----------------|
| Helstu áhrif                      | Staðbundin rask á gróðri innan framkvæmdarsvæðis. Talið líklegt að fuglar á svæðinu færi sig um set. |                |                |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun           | Raski á framkvæmdartíma verður haldið lágmarkað eins og kostur er.                                   |                |                |
| Niðurstaða matsins                | 1. áfangi  | 2. áfangi      | 3. áfangi      |
|                                   | Óveruleg áhrif   | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif |



| Suðurlóð - Gróðurfar og fuglalíf |  |                  |                  |
|----------------------------------|--|------------------|------------------|
| Helstu áhrif                     | Staðbundin rask á gróðri innan framkvæmdarsvæðis. Talið líklegt að fuglar á svæðinu færi sig um set. |                  |                  |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun          | Raski á framkvæmdartíma verður haldið lágmarkað eins og kostur er.                                   |                  |                  |
| Niðurstaða matsins               | <b>1. áfangi</b>   | <b>2. áfangi</b> | <b>3. áfangi</b> |
|                                  | Óveruleg áhrif   | Óveruleg áhrif   | Óveruleg áhrif   |

## 12 Hjóðvist og lykt

Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar á hjóðvist og lykt eru eftirfarandi matsspurningar, gögn og viðmið lögð til grundvallar mati á áhrifum:

### Matsspurningar

- Hvaða þættir framkvæmdar og reksturs eru líklegir til að kalla fram hávaða?
- Er líklegt að farið verði yfir viðmiðunarmörk sem sett eru í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða?
- Eru líkur á að lyktarmengun verður á nærliggjandi svæðum.

### Gögn og viðmið

- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Reglugerð 787/1999 um loftgæði
- Vindatlas Veðurstofu Íslands

### 12.1 Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á hjóðvist

Báðir valkostir liggja að hluta til innan staðsett innan skilgreinds iðnaðarsvæðis samanber Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015 - 2030. Uppbygging Eldisgarðsins fer fram innan Auðlindagarðsins og eru í næsta nágrenni er að finna önnur fyrirtæki sem tengjast honum. Þau sem eru í mestri nálægð eru Reykjanesvirkjun og Stolt Sea Farm en einnig eru fyrirtæki Haustak á svæðinu.

Valkostir um lóðir sem eru til skoðunar eru staðsettar fjarri íbúðabyggð en næsta þéttbýli er iðnaðarsvæðið er í um 11 km fjarlægð í suður frá byggð í Höfnum og u.þ.b. sömu fjarlæggar í vestur frá byggð í Grindavík. Nokkur ferðaþjónusta er í nánasta nágrenni t.a.m. við Gunnuhver og Reykjanesvita.

Helstu áhrif á hjóðvist verða vegna framkvæmda og vinnuvéla á framkvæmdatíma og vegna aukinnar umferðar vegna flutninga. Áhrif á hjóðvist vegna daglegrar starfsemi er óveruleg. Á framkvæmdatíma verður unnið í samræmi við reglugerð um hávaða. Þar segir að við framkvæmdir skuli þess sérstaklega gætt að sem minnst ónæði verði af völdum hávaða. Í reglugerð gildir fyrir iðnaðarsvæði að þar á hjóðstig ekki að fara yfir 70 dB(A). Skv. reglugerð nr. 921/2006 eru viðmiðunarmörk álags fyrir daglegt álag vegna hávaða 87 dB(A). Ekki er búist við að hjóðvist á svæðinu fari yfir viðmiðunarmörk sem sett eru í reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Flutningar og önnur umferð kemur til með að fara um Nesveg, ýmist til eða frá Reykjanesbæ eða Þorlákshöfn. Kafli 5.4.1. gerir grein fyrir áætlaðri umferð í tengslum við Eldisgarðinn.


Norðurlóð er með tvo valkosti um aðkomu til skoðunar. Suðurvegur fer um veg sem liggur að Stolt Sea Farm og meðfram Reykjanesvirkjun. Aukin umferðum suðurveg er líkleg til að hafa í för með sér ónæði fyrir fyrirliggjandi starfsemi á svæðinu. Aðalvalkostur Samherja fiskeldi felur í sér norðurveg sem liggur norðan af Norðurlóð. Sú lóð og aðkoma er talin hafa minna ónæði í för með sér.

Suðurlóð liggur þétt við Stolt Sea Farm. Í athugasemd sinni um matsáætlun komu þau með ábendingar um að nálægð Eldisgarðs Samherja fiskeldi, og það ónæði sem fylgir uppbyggingu og flutningum, geti haft neikvæð áhrif á framleiðslu þeirra. Ítarlega er farið í umfjöllun um árif á aðra landnotkun í kafla 15.


## 12.2 Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á lykt

Lykt, eða öllu heldur ólykt, hefur ekki verið vandamál í rekstri þeirra landeldisstöðva sem fyrirtækið rekur nú þegar á Reykjanesi. Framkvæmdasvæðið er töluvert langt næsta þéttbýliskjarna, eða um 10 kílómetrar. Sú starfsemi, sem fara mun fram á svæðinu, gefur heldur ekki frá sér mikla lykt. Til glöggvunar má nefna að allur dauðfiskur er fjarlægður daglega og unnið úr honum mjöl. Algengasta vindátt á framkvæmdasvæðinu miðað við 0,030 m hrýfislengd og 10 m hæð er að suðaustan (11,9 % tilfella) en austlægar áttir (norðaustan til suðaustan) eru í 50,9% tilfella og því má gera ráð fyrir að lyktin, ef einhver er, berist út á haf í flestum tilfellum. Sunnan og suðvestan átt sem blása frá fyrirhugaðri eldisstöð yfir Hafnir í 10 km fjarlægð eru 16,6% tilfella (Veðurstofa Íslands, 2022) og því ekki líklegt að hafa áhrif á loftgæði þar.

Ef skoðaðar eru vindrósir á mynd 12.1 sést að algengustu vindáttir eru austlægar áttir sem blása í átt til hafs.



Mynd 12.1 Vindrósir fyrir svæðið, rósin með dökku miðjuna er næst framkvæmdasvæðinu (Veðurstofa Íslands, 2022).



Mynd 12.2 Vindrós við fyrirhugað framkvæmdasvæði sýnir algengi vindátta (Veðurstofa Íslands, 2022).

Viðmið sem litið er til við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á lykt eða lyktarónæði eru markmið laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem er að tryggja landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Í 5. gr. laganna segir að atvinnurekstur sem geti haft í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi. Samkvæmt sömu lögum skulu vera í starfsleyfum ákvæði sem tryggi að atvinnurekstur sé þannig úr garði gerður að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar og að beitt séu bestu fánlegu tækni. Þar kemur fram að mengun taki einnig til ólyktar. Þá er litið til reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði en sú reglugerð gerir körfur til fyrirtækja um að reykur, ryk og loftmengun sem eru lyktarmiklar valdi ekki óþægindum í næsta umhverfi. Þar segir einnig að þeir sem falla undir gildissvið reglugerðarinnar eigi að halda loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti.

Samherji fiskeldi mun beita bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka hættu á lyktarmengun frá framleiðslunni og fara eftir ákvæðum í ofangreindum lögum og reglugerðum sem og ákvæðum starfsleyfis.

Að teknu tilliti til hversu litlar líkur eru á lykt frá starfseminni, fjarlægðar frá byggð, ríkjandi vindátt og stefnu um bestu aðgengilegu tækni er það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á lykt séu óveruleg neikvæð.

### 12.3 Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á hljóðvist

Valkostir um lóðir sem eru til skoðunar eru staðsettar fjarri íbúðabyggð en næsta þéttbýli er iðnaðarsvæðið er í um 11 km fjarlægð í suður frá byggð í Höfnum og u.þ.b. sömu fjarlægjar í vestur frá byggð í Grindavík. Helstu áhrif á hljóðvist koma fram á framkvæmdatíma og vegna aukinnar umferðar. Á framkvæmdatíma verður unnið í samræmi við reglugerð um hávaða. Ekki er búist við að hljóðvist á svæðinu fari yfir

viðmiðunarmörk sem sett eru í reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Ekki er líklegt að verði vart við lykt vegna starfseminnar.

Valkostir breyta lítið einkennum hljóðvistar á svæðinu og eru áhrif staðbundin. Hávaði og ónæði vegna uppbyggingar og umferðar vegna Suðurlóðar, og suðurvegjar sem liggur að Norðurlóð, er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á framleiðslu hjá Stolt Sea farm.

Vægis Einkunn áhrifa er þó talin sambærileg milli valkosta og þeir taldir hafa óveruleg áhrif á hljóðvist og lykt.

| Norðurlóð - Hljóðvist og lykt |   |                  |                  |
|-------------------------------|---|------------------|------------------|
| Helstu áhrif                  | Áhrif á hljóðvist koma fram á framkvæmdatíma og vegna aukinnar umferðar. Framkvæmdasvæði og flutningsleiðir staðsettar fjarri íbúðabyggð. Ekki er líklegt að vart verði við lykt vegna starfseminnar. |                  |                  |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun       | Unnið verður eftir reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og ekki er talin þörf á mótvægisáðgerðum eða vöktun   |                  |                  |
| Niðurstaða matsins            | <b>1. áfangi</b>  | <b>2. áfangi</b> | <b>3. áfangi</b> |
|                               | Óveruleg áhrif  | Óveruleg áhrif   | Óveruleg áhrif   |

| Suðurlóð - Hljóðvist og lykt |  |                  |                  |
|------------------------------|--|------------------|------------------|
| Helstu áhrif                 | Áhrif á hljóðvist koma fram á framkvæmdatíma og vegna aukinnar umferðar. Framkvæmdasvæði og flutningsleiðir staðsettar fjarri íbúðabyggð en liggja nálægt núverandi landnotkun. Ekki er líklegt að vart verði við lykt frá starfseminni. |                  |                  |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun      | Unnið verður eftir reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og ekki er talin þörf á mótvægisáðgerðum eða vöktun.   |                  |                  |
| Niðurstaða matsins           | <b>1. áfangi</b>   | <b>2. áfangi</b> | <b>3. áfangi</b> |
|                              | Óveruleg áhrif   | Óveruleg áhrif   | Óveruleg áhrif   |

## 13 Fornleifar

Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar á fornleifar eru eftirfarandi matsspurningar, gögn og viðmið lögð til grundvallar mati á áhrifum:

### Matsspurningar

- Eru þekktar fornleifar á áhrifasvæði valkosta?
- Hvert er verndargildi fornleifa innan áhrifasvæðis?
- Er hættu á að einhverjar fornleifar verði fyrir raski vegna framkvæmda?

### Gögn og viðmið

- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
- Fornleifaskráningar Fornleifastofnunar Íslands (Fornleifastofnun Íslands, 2021) (Fornleifastofnun Íslands, 2022)

### 13.1 Lýsing á grunnástandi fornleifa

Tvær fornleifaskráningar hafa verið gerðar á athugunarsvæði framkvæmdar. Árið 2021 gerði Fornleifastofnun Íslands skráningu á deiliskipulagssvæði Reykjanesvirkjunar (Fornleifastofnun Íslands, 2021). Norðurlóð er innan þeirrar skráningar. Árið 2022 bætti Fornleifastofnun Íslands við skráningu á Suðurlóð og valkostum um aðkomu að Norðurlóð (Fornleifastofnun Íslands, 2022).

Í gegnum umhverfismatsferlið hefur hönnun framkvæmda tekið breytingum og m.a. hefur Norðurlóð verið stækkuð og varnargarður færst út fyrir lóðarmörk. Á myndum af valkostum heldur Suðurlóð upprunalegri stærð sinni, sem sýnir jafnframt afmörkun rannsóknasvæðis, meðan Norðurlóð sýnir raunstærð. Aftur á móti er gert ráð fyrir að umfang Eldisgarðsins verði sambærilegur milli valkosta og miðast umhverfismatið við það. Fornleifaskráning nær yfir alla Norðurlóðina en ef Suðurlóð verður fyrir valinu þyrfti að athuga nánar með skráningu fornleifa miðað við stækkun.


Eftirfarandi er útdráttur með helstu atriðum úr skráningum Fornleifastofnunar Íslands. Aðferðafræði skráningar er gerð ítarlegri skil í greinagerðum Fornleifastofnunar í viðauka F og G.

### 13.2 Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar

Innan athugunarsvæðanna tveggja eru skráðar í heild 14 fornleifar, 12 innan Norðurlóðar og þrjár innan Suðurlóðar (Tafla 13.1). Gert er ráð fyrir að allar fornleifar innan lóða raskist vegna framkvæmdar.

Tafla 13.1 Fornleifar sem skráðar eru innan athugunarsvæða.

| Númer                  | Minjæiningar | Tegund  | Hlutverk | Staðsetning |
|------------------------|--------------|---------|----------|-------------|
| GK-621:017 (01, 12-20) | 10           | Gata    | Þjóðleið | Norðurlóð   |
| GK-032:007             | 1            | Heimild | Sel      | Norðurlóð   |
| GK-032:224             | 1            |         |          | Norðurlóð   |
| GK-032:255             | 1            | Varða   | Óþekkt   | Suðurlóð    |
| GK-032:256             | 1            | Varða   | Óþekkt   | Suðurlóð    |
| GK:032:257             | 1            | Varða   | Óþekkt   | Suðurlóð    |



Mynd 13.1 Fornleifar á athugunarsvæði valkosta. Stærra kort með númerum fornleifa má finna í viðauka H. Á myndum heldur Suðurlóð upprunalegri stærð sinni, sem sýnir jafnframt afmörkun rannsóknasvæðis, meðan norðurlóð sýnir raunstærð. Gert er ráð fyrir að umfang Eldisgarðsins verði sambærilegur milli valkosta og miðast umhverfismatið við það.

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar eldri en 100 ára friðaðar og eru sumar þeirra friðlýstar sérstaklega. Um 15 m friðhelgað svæði er í kringum friðaðar fornleifar en 100 m í kringum friðlýstar fornleifar. Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili eða nokkur annar spilla, granda eða úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

### Norðurlóð og aðkoma að lóð

Stærsti hluti fornleifa sem skráðar voru innan svæðis tengist samgöngum, þ.e. minjarnar tengjast flestar gamalli þjóðleið sem lá frá Kalmanstjörn að Reykjanesvita. Leið (GK-621:017 01) liggur frá Reykjanesvita og til norðurs að Kalmanstjörn.

Samkvæmt herforingjaráðskortinu var leiðin vörðuð og sjást enn 19 vörður á svæðinu sem flestar standa vel (GK-621:017 02-20). Innan Norðurlóðar eru vörður GK-621:017 01 og GK-621:017 11-18 og varða (GK-032:224). Vörður GK-621:017 19-20 liggja utan framkvæmdasvæðis í minna en 15 m frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Innan Norðurlóðar er einnig heimild um sel (GK-032:007). Engin ummerki um sel sjást lengur á yfirborði en svæðið er, eins og áður segir, mjög gróðursnautt. Líklega hefur sel aldrei byggt aftur á þessum stað eftir að hætt var að nota það vegna uppblásturs eins og nefnt í Jarðabókinni Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703.

Milli sjávar og lóðar er tóft (GK-032:223) sem liggur í 65 m fjarlægð. Möguleiki er á raski á þessari fornleif vegna varnargarðs.

Hönnun á Eldisgarðinum er ekki lokið. Í umhverfismati er gert ráð fyrir að allar fornleifar innan lóðar raskist. Samherji fiskeldi mun þó leitast við í frekari hönnun svæðisins að hlífa vörðum þar sem það er kostur.

Í seinni skráningu Fornleifastofnunar (2022) voru tekin út athugunarsvæði valkosta að aðkomu. Tekið var út 15 m breitt svæði beggja vegna við miðja veglínu, samtals 30 m breitt belti á hvorri veglínu. Engar fornleifar eru skráðar við veglínu.

### Suðurlóð

Athugunarsvæðið er innan lögbýlisins Kalmanstjarnar(GK-032) og en gamla heimatún jarðarinnar, þar sem flestra minja er að vænta, er langt utan úttektaarsvæðis. Úttektarsvæðið er rétt suðaustan við Kistu og fast norðvestan við Eldborg dýpri. Svæðið var tekið út í fornleifakönnun af Fornleifastofnun Íslands árið 1999. Fornleifafræðistofan vann svo aðalskráningu fornminja í árið 2008 sem náði m.a. yfir þetta svæði. Ekki voru þekktar minjar innan úttektaarsvæðis úr eldri skráningum. Þegar farið var aftur á vettvang 2022 fundust þrjár vörður innan Suðurlóðar. Engar herminjar eru innan svæðis.

## 13.3 Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á fornleifar

Norðurlóð kemur til með að raska, eða liggja í minna en 15 m fjarlægð frá 12 fornleifum, sem eru flestar vörður á þjóðleið sem lá frá Kalmanstjörn að Reykjanesvita. Engar minjar eru skráðar við valkosti um aðkomu að Norðurlóð. Framkvæmd mun breyta einkennum umhverfisþáttar á svæðinu en breytingin er talin staðbundin. Lagt er til sem mótvægisáðgerð að þrjár fornleifar í nágrenni við Norðurlóð verði merktar til að koma í veg fyrir rask á framkvæmdartíma. Áhrif framkvæmdar á Norðurlóð á fornleifar eru metin óveruleg til talsvert neikvæð.

Þrjár vörður, með óþekkt hlutverk koma til að raskast inn á Suðurlóð. Áhrif framkvæmda á Suðurlóð á fornleifar eru metin óveruleg. Ákveðin óvissa er til staðar þar sem fyrirséð er að ef Suðurlóð verði fyrir valinu, yrði hún stækkuð í samræmi við Norðurlóð. Ef sú lóð verður fyrir valinu verður fornleifaskráning unnin og Minjastofnun Íslands tilkynnt um skráninguna.



Sótt verður um leyfi til Minjastofnunar Íslands vegna framkvæmda. Ef áður ókunnar fornminjar koma í ljós við framkvæmdir verða framkvæmdir stöðvaðar og fundurinn tilkynntur til Minjastofnunar Íslands, samanber lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Það er Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna framkvæmda. Minjastofnun mun einnig setja fram endanleg skilyrði um mótvægisáðgerðir þar sem fornleifar raskast vegna framkvæmdanna.

| Norðurlóð - Fornleifar  |   |                               |                               |
|-------------------------|---|-------------------------------|-------------------------------|
| Helstu áhrif            | Rask á 12 fornleifum. Staðbundin breyting á einkennum umhverfisþáttar.  |                               |                               |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun | Lagt er til að fornleifar utan framkvæmdasvæðis verði merktar. Minjastofnun Íslands mun taka ákvörðun um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir. |                               |                               |
| Niðurstaða matsins      | <b>1. áfangi</b>  | <b>2. áfangi</b>              | <b>3. áfangi</b>              |
|                         | Óveruleg til talsvert neikvæð   | Óveruleg til talsvert neikvæð | Óveruleg til talsvert neikvæð |
| Suðurlóð - Fornleifar   |   |                               |                               |
| Helstu áhrif            | Rask á þremur vörðum. Óveruleg breyting á einkennum umhverfisþáttar.  |                               |                               |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun | Minjastofnun Íslands mun taka ákvörðun um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir.  |                               |                               |
| Niðurstaða matsins      | <b>1. áfangi</b>  | <b>2. áfangi</b>              | <b>3. áfangi</b>              |
|                         | Óveruleg áhrif  | Óveruleg áhrif                | Óveruleg áhrif                |

## 14 Jarðmyndanir

Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar á jarðmyndanir eru eftirfarandi matsspurningar, gögn og viðmið lögð til grundvallar mati á áhrifum:

### Matsspurningar

- Eru jarðmyndanir sem þykja sérstæðar eða njóta verndar innan áhrifasvæðis framkvæmdar?
- Munu valkostir koma til með að raska eða draga úr verndargildi jarðmyndana?
- Hvert verður umfang rasks vegna framkvæmda?

### Gögn og viðmið

- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
- Kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022).
- Náttúruminjaskrá
- Úttekt á jarðmyndunum vegna Eldisgarðs, eldisstöðvar Samherja fiskeldi á Reykjanes.

### 14.1 Lýsing á grunnástandi jarðmyndana


Náttúrufræðistofnun Íslands gerði úttekt á jarðmyndunum á framkvæmdasvæði Eldisgarðs (viðauki I, skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands) og lagði mat á áhrif framkvæmda á þær. Mynd 14.1 sýnir matssvæði úttektarinnar ásamt jarðfræðikorti af svæðinu, hraunum og eldstöðvarkerfum á Reykjanesi. Matssvæðin voru tvö, annars vegar Norðurlóð og hins vegar Suðurlóð.

Einnig er í umhverfismati til skoðunar tveir valkostir um aðkomu að Norðurlóð, Norðurvegur (nefndur A í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands) og Suðurvegur (nefndur C í skýrslu Náttúrufræðistofnunarinnar). Við úttekt skoðaði Náttúrufræðistofnun Íslands þriðja valmöguleikann um aðkomu (nefndur B í skýrslunni) en ákveðið var að hafa hann ekki með í mati á umhverfisáhrifum þar sem hann þótti ekki raunhæfur.

Eldstöðvarkerfin á Reykjanesi eru sex talsins og hafa gossprungur í kerfunum vestast á Reykjanesi náð út í sjó og hraun runnið í sjó fram. Framkvæmdasvæði beggja valkosta er eldhrauni sem rann á nútíma, sem kennt er við Stampa. Stampahraun 4 runnu í Reykjaneseldum á árabílinu 1210 - 1240 en eldra Stampahraun myndaðist fyrir um 1900-2400 árum.

Stampahraunin eru helluhraun með hraunreipi á yfirborði og rishryggjum en einnig svæðum þar sem skorpan er uppbrotin og flokkast sem klumpahraun og flekahraun. Á og í grennd við framkvæmdasvæðið eru gjallgígar, hrauntröð (Mynd 14.2) og rishólar (Mynd 14.3).

Eldhraunin á framkvæmdasvæðinu, njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en það eru hraun sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökulstíma. Eins og kom fram í kafla 2.1 er framkvæmdasvæðið innan svæðis í C-hluta náttúruminjaskrár, svæðis 106 Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, Grindavík, Reykjanesbæ og Gullbringusýslu, en það eru náttúrminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Ástæða þess að svæði 106 er þar inni m.a. vegna hinnar stórbrotnu jarðfræði svæðisins (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022). Þá er svæðið innan Reykjanes Jarðvangsins (Reykjanes Geopark) en innan svæðisins eru skilgreindir 55 áhugaverðir jarðminjastaðir. Sá jarðminjastaður sem er í næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið eru Stampar sem eru í um 500 m fjarlægð frá Norðurlóð. Norðurvegur liggur í 150 m fjarlægð.



Mynd 14.1 Jarðfræði- og berggrunnskort af svæðinu. Á a) er afmörkun matsvæða (Norðurlóð og Suðurlóð og vega) í úttekt á jarðmyndunum sýnd með ljósbláum lit og berggrunsskort. Mynd b) sýnir staðsetningu matssvæðis, c) sýnir hraunin sem runnu á nútíma á Reykjanesi (ljósrauður litur sýnir söguleg hraun, runnin eftir landnám, og rauður litur forsöluleg hraun) og d) sýnir eldstöðvakerfin sex á Reykjanesi (viðauki H). Mynd sýnir stærð Norðurlóðar áður en hún var stækkuð.



Mynd 14.2 Hrauntröð (merkt með hvítri brotalínu) í Stampahrauni 4 við Suðurlóðina (viðauki H).




Mynd 14.3 Rishóll í Stampahrauni 4 á Suðurlóðinni (viðauki H).

## 14.2 Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á jarðmyndanir

Valkostir koma báðir til með að raska ósnortnu hrauni en búast má við að allt hraun innan lóða raskist vegna framkvæmda. Stærð Suðurlóðar er 20ha og Norðurlóðar 37ha. Í gegnum umhverfismatsferlið hefur hönnun framkvæmda tekið breytingum og m.a. hefur Norðurlóð verið stækkuð og varnargarður færður út fyrir lóðarmörk. Á myndum af valkostum heldur Suðurlóð upprunalegri stærð sinni, sem sýnir jafnframt afmörkun rannsóknasvæðis, meðan Norðurlóð sýnir raunstærð. Aftur á móti er gert ráð fyrir að

umfang Eldisgarðsins verði sambærilegur milli valkosta og miðast umhverfismatið við það.



Mynd 14.4 Loftmynd og afmörkun matsvæða (Norðurlöð og Suðurlöð og vega). Á suðurlöð eru GPS punktar sem sýna staðsetningu hrauntraðar (efra GPS hnit), sem sýnd er á Mynd 14.2, og rishóls (neðra GPS hnit) sem sýndur er á Mynd 14.3. Gígaröð austan við Suðurlöð og gjallgígar við vegi A og B, við norðaustur enda Norðurlöðar, eru merktir með rauðum lit. (viðauki H). Mynd sýnir stærð Norðurlöðar áður en hún var stækkuð.

Norðurlöðin liggur nálægt gjallgígaröð austan við það sem staðsett er á eldra Stampahrauninu (Mynd 14.1). Báðir valkostir um aðkomu koma til að raska ósnortnu hrauni. Norðurvegur (A) að Norðurlöð er um 1 km langur, frá Nesvegi að lóðarmörkum, og er um 6 m breiður. Hann liggur í jaðri leifum af gjallgíg (Mynd 14.1) og einnig hrauntröð. Aðrir gjallgígar úr gígaröðinni eru nú að mestu horfnir vegna efnistöku sem eykur verndargildi þeirra gjallgíga sem eftir eru að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Suðurvegur (C) er um 0,8 km langur og 6 m breiður þar sem hann nær frá afleggjara að Stolt Sea Farm að lóðarmörkum. Um helmingur vegkaflans liggur um raskað svæði. Framkvæmdir á Norðurlóð fela í sér að báðir vegir tengjast lóðinni, meginaðkoma á rekstrartíma fer um Norðurveg með Suðurvegur nýtist á framkvæmdatíma og verður nýttur sem varaleið á rekstrartíma. Tillögur að veglínunum voru teiknaðar lauslega til að gefa til kynna staðsetningu þeirra fyrir athuganir á svæðinu vegna umhverfismats. Við nánari hönnun verður þess gætt að vegur falli vel að landslagi og raski sérstæðum jarðmyndunum sem minnst.

Framkvæmdir á Suðurlóð munu raska hluta af hrauntröð sem myndaðist í goshrinunni fyrir 1900-2400 árum, og einnig rishól (Mynd 14.1). Suðurlóðin er nálægt fallegum gjallgíg sem myndaðist í sömu goshrinu (sjá afmarkað svæði með rauðum lit austan við suðursvæðið á Mynd 14.4).

Framkvæmdarsvæði valkosta er hluti af svæði á C-hluta náttúruminjaskrár m.a. vegna hinnar stórbrotnu jarðfræði. Rask á jarðminjum er óafturkræft og skerðir verndargildi þeirra. Hraunin á framkvæmdarsvæðinu eru eldhraun sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna kemur einnig fram að forðast beri að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Að mati Samherja fiskeldi er óumflýjanlegt að raska eldhrauni til að byggja upp Eldisgarð í Auðlindagarðinum og nýta þar með þá auðlind sem er til staðar á svæðinu, ylsjór sem rennur frá Reykjanesvirkjun.

Sem mótvægisáðgerðir verður þess gætt að halda raski í lágmarki. Við Norðurlóð verður þess gætt að raska ekki gjallgíg með því að hnika til Norðurvegi (A) við norðausturenda Norðurlóðar. Gjallgígurinn austan við Suðurlóð og jaðarsvæði í kringum hann verður girt af.

### 14.3 Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á jarðmyndanir

Áhrif framkvæmda á jarðmyndanir eru metin talsvert neikvæð að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, staðbundin en óafturkræf. Rask á eldhrauni er óhjákvæmilegt vegna umfang eldhrauns á svæðinu. Framkvæmdin mun rýra verndargildi hrauns og á það við um báða valkosti. Við útfærslu framkvæmdar verður dregið úr beinu raski á eldhrauni og jarðminjum eins og mögulegt er og gætt að frágangi. Í ljósi mats Náttúrufræðistofnunar var ákveðið að hnika til vegi svo að gjallgíg verði hlíft.

| Norðurlóð - Jarðmyndanir |  |                 |                 |
|--------------------------|--|-----------------|-----------------|
| Helstu áhrif             | Rask verður á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar. Rask verður staðbundið en óafturkræft og verndargildi þess rýrt. |                 |                 |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun  | Þess verður vandlega gætt að raska ekki gjallgíg með því að hnika til vegi við norðausturenda Norðurlóðar.             |                 |                 |
| Niðurstaða matsins       | 1. áfangi  | 2. áfangi       | 3. áfangi       |
|                          | Talvert neikvæð  | Talvert neikvæð | Talvert neikvæð |
| Suðurlóð - Jarðmyndanir  |  |                 |                 |
| Helstu áhrif             | Rask verður á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar. Rask verður staðbundið en óafturkræft og verndargildi þess rýrt. |                 |                 |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun  | Gjallgígurinn austan við Suðurlóðina og jaðarsvæði í kringum hann verður girt af.                                      |                 |                 |
| Niðurstaða matsins       | 1. áfangi  | 2. áfangi       | 3. áfangi       |
|                          | Talvert neikvæð  | Talvert neikvæð | Talvert neikvæð |

## 15 Landnotkun, ferðapjónusta og útvist

Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar á landnotkun ferðapjónustu og útvist eru eftirfarandi matsspurningar, gögn og viðmið lögð til grundvallar mati á áhrifum:

### Matsspurningar

- Hvaða landnotkun/starfsemi er til staðar eða fyrirhuguð í nágrenninu?
- Hefur fyrirhuguð landnotkun í nágrenninu áhrif á starfsemi eldisstöðvarinnar?
- Hefur eldisstöðin áhrif á landnotkun í nágrenninu?
- Er fyrirhugað framkvæmdasvæði nýtt til útvistar / ferðapjónustu?
- Kemur framkvæmd til með að hindra aðgang útvistarfólks um svæðið?

### Gögn og viðmið

- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Reykjanesbæjar 2015 – 2030

### 15.1 Lýsing á grunnástandi landnotkunar


Fyrirhuguð framkvæmd er að hluta til innan svæðis sem í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015 - 2030 er skilgreint sem iðnaðarsvæði I5a. Báðir valkostir kalla á aðalskipulagsbreytingu þar sem iðnaðarsvæðið er stækkað til að ná yfir fiskeldislóð að öllu leyti. Nærleggjandi svæði við valkosti, sem þeir liggja innan samkvæmt gildandi aðalskipulagi, er óbyggð svæði (ÓB) sem jafnframt er skilgreint hverfisverndarsvæði (HV4) og önnur náttúruvernd (ÖN1).

Landslag á svæðinu einkennist af úfnu hrauni en innan iðnaðarsvæðisins er land talsvert raskað. T.a.m. vegna Reykjanesvirkjunar, fiskiðnaðar og fiskeldis. Valkostirnir eru báðir í námunda við Reykjanesvirkjun og Stolt Sea Farm Holdings Iceland. Iðnaðarsvæðið er í um 11 km fjarlægð frá byggð í Höfnum og Grindavík. Utan iðnaðar einkennist landnotkun helst af ferðapjónustu og útvist en Reykjanes er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og útvistarfólks.

Mörkin á milli útvistar og ferðapjónustu eru ekki ávallt mjög skýr en að nokkru leyti mætti segja að útvist varði meira heimamenn og íslenska ferðamenn en ferðapjónusta snúi í meira mæli að erlendum ferðamönnum. Skilin eru þó síður en svo það einföld.

Í Áfangastaðaáætlun Reykjanes 2022-2023 (Ferðamálastofa og Markaðsstofa Reykjanes, 2022) kemur fram að Reykjanesið sé ungur áfangastaður og í mikilli uppbyggingu. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið og alþjóðlegan flugvöll skapa ýmis tækifæri til framtíðar. Frá 2006 hefur ferðapjónustan aukið hlutdeild sína á svæðinu og er orðin ein stærsta atvinnugreinin á svæðinu en samkvæmt atvinnuáætlun sem Reykjanesbær lét framkvæma í lok árs 2017 kom fram að stærsti hluti starfa á Reykjanesi er í ferðapjónustu eða um 26% (Ferðamálastofa og Markaðsstofa Reykjanes, 2022). Í sviðsmyndagreiningu, sem KPMG gerði í maí 2018 um þróun atvinnulífs á Suðurnesjum fram til ársins 2040, er ferðapjónustan mikilvægur hluti af atvinnulífinu á Suðurnesjum í þrem af fjórum sviðsmyndum sem settar eru upp fyrir mögulega atvinnuþróun á svæðinu. Reykjanes er með næst minnstu árstíðarbundnu sveifluna í fjölda ferðamanna á eftir höfuðborgarsvæðinu. Reykjanesviti, Brú milli heimsálfa og Gunnhver eru áningarstaðir sem eiga einna lengstu sögu sem áningarstaðir á svæðinu eða frá því að almennt aðgengi að svæðinu var lagað. Brú milli heimsálfa er með um 177 þúsund gesti yfir árið og Reykjanesviti og Gunnhver með um 130 þúsund gesti (Ferðamálastofa og Markaðsstofa Reykjanes, 2022). Áfangastaðaáætlun Reykjanes 2022-2023 hefur

skilgreint áherslusvæði uppbyggingar og er umhverfið í kringum fyrirhugað framkvæmdasvæði einn af þeim.



Mynd 15.1 Áherslusvæði uppbyggingar ferðamannasegla í Reykjanes Geopark (Ferðamálastofa og Markaðsstofa Reykjanes, 2022).

Valkostir eru innan Reykjanes Geopark, en Reykjanesið er vottað af UNESCO - Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna sem hnattrænn jarðvangur fyrir einstaka náttúru og samspil þess við samfélagið á svæðinu. Líkt og kemur fram í umfjöllun um jarðmyndanir hefur Reykjanes Geopark skilgreint 55 staði á Reykjanesinu sem jarðvætti og/eða minjar. Einn af þessum stöðum, Stampar, eru í um 500 m fjarlægð frá Norðurlóð, og í um 150 m fjarlægð frá norðurvegi sem liggur að lóðinni. Aðrir jarðminjastaðir eru í um 1,5 km fjarlægð eða meira frá valkostum. Af þeim má nefna Gunnuhver, Valahnúk og Reykjanesvita.

Reykjavegur liggur meðfram ströndinni, um báða valkosti, en heildarvegalengd Reykjavegarins er um 125 km frá Reykjanesvita til Nesjavalla (Ferlir, 2009).

## 15.2 Lýsing og mat á áhrifum framkvæmda á landnotkun

Unnið er að aðalskipulagsbreytingu þar sem iðnaðarsvæðið er stækkað til að ná yfir fiskeldislóð að öllu leyti. Suðurlóð liggur þétt við Stolt Sea Farm en líkt og kemur fram í umfjöllun um hljóðvist bentu þau á í athugasemd sinni um matsáætlun að nálægð Eldisgarðs Samherja fiskeldi, og það ónæði sem fylgir uppbyggingu og flutningum, geti haft óbein neikvæð áhrif á framleiðslu þeirra. Við frekari undirbúning framkvæmdar og vinnu við umhverfismat hefur verið haft frekara samtal við Stolt Sea Farm og Reykjanesvirkjun. Norðurlóð er í meiri fjarlægð frá annarri landnotkun á svæðinu og eru framkvæmdir og rekstur á Norðurlóð líklegri til að hafa minni áhrif á landnotkun nágretta sinna en Suðurlóð.



Norðurlóð er í nágrenni við Stampa, sem er áfangastaður og skilgreindur jarðminjastaður hjá Reykjanes Geopark og koma framkvæmdir til með að sjást vel frá þeim áfangastað. Reykjavegur liggur um lóðir beggja valkosta. Samherji fiskeldi mun, í samráði við sveitarfélagið, færa gönguleið út fyrir lóðir og tryggja þannig að gönguleiðin verði aðgengileg á framkvæmdatíma og eins eftir að stöðin er komin í fullan rekstur. Fyrir Norðurlóð er lagt til að gönguleiðin verði færð vestur fyrir framkvæmdasvæðið, meðfram ströndinni. Mannvirki valkosta koma til með að verða áberandi frá hluta gönguleiðar. Mannvirki valkostir eru líkleg til að hafa áhrif á upplifun ferðamanna / útivistarfólks sem fara þar um. Í ljósi annarra mannvirkja og iðnaðar, sem einkenna landslagið á svæðinu nú þegar, er ólíklegt að valkostir dragi úr komu ferðamanna og útivistarfólks á svæðið. Umsvif á framkvæmdatíma, þ.e. byggingarframkvæmdir og umferð, geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á svæðinu en þau áhrif verða tímabundin og staðbundin.

Samherji Fiskeldi stefnir á að útbúa aðstöðu til að taka á móti ferðamönnum og er það því mikilvægur þáttur að upplifun gesta af svæðinu sé jákvæð. Eins og kemur fram í umfjöllun um áhrif á landslag og ásýnd svæðis (kafla 10) verður hönnun mannvirkja hagað þannig að þannig að þau falli sem best að umhverfinu, t.a.m. með því að vera lágreist og hafi þannig sem minnst áhrif á ásýnd landsins, útivist og ferðamennsku.

### 15.3 Samantekt á niðurstöðum mats á áhrifum á landnotkun

Með tilliti til mótvægisáðgerða eru valkostir taldir hafa óveruleg áhrif á landnotkun

| Norðurlóð - landnotkun og útivist |   |                 |                 |
|-----------------------------------|---|-----------------|-----------------|
| Helstu áhrif                      | Framkvæmdin kallar á breytingar á landnotkun, en hluti af svæðinu hefur verið skilgreindur sem óbyggt svæði og hverfisverndarsvæði.   |                 |                 |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun           | Hönnun mannvirkja mun miðast við að lágmarka áhrif framkvæmda á ferðaþjónustu, t.d. með því að hafa þau lágreist. Gönguleiðir verða færðar út fyrir lóðir til að tryggja aðgengi um svæðin. |                 |                 |
| Niðurstaða matsins                | 1. áfangi   | 2. áfangi       | 3. áfangi       |
|                                   | Óveruleg áhrif.   | Óveruleg áhrif. | Óveruleg áhrif. |
| Suðurlóð - landnotkun og útivist  |   |                 |                 |
| Helstu áhrif                      | Framkvæmdin kallar á breytingar á landnotkun, en hluti af svæðinu hefur verið skilgreindur sem óbyggt svæði og hverfisverndarsvæði.   |                 |                 |
| Mótvægisáðgerðir/vöktun           | Hönnun mannvirkja mun miðast við að lágmarka áhrif framkvæmda á ferðaþjónustu, t.d. með því að hafa þau lágreist. Gönguleiðir verða færðar út fyrir lóðir til að tryggja aðgengi um svæðin. |                 |                 |
| Niðurstaða matsins                | 1. áfangi   | 2. áfangi       | 3. áfangi       |
|                                   | Óveruleg áhrif.   | Óveruleg áhrif. | Óveruleg áhrif. |

## 16 Samfélag

Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar á samfélag eru eftirfarandi matsspurningar, gögn og viðmið lögð til grundvallar mati á áhrifum:

### Matsspurningar

- Hvað mun framkvæmdin og rekstur eldisstöðvarinnar skapa mörg störf og er líklegt að þau verði innan sveitarfélagsins?

### Gögn og viðmið

- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Reykjanesbæjar 2015 – 2030

### 16.1 Lýsing á grunnástandi samfélags

Fjöldi íbúa í Reykjanesbæ voru 20.416 þann 1. janúar 2022. Þar af bjuggu 115 í Höfnum, sem er hluti af Reykjanesbæ (Hagstofa Íslands, 2022). Miðað við tölur frá ágúst 2022 er atvinnuleysið í Reykjanesbæ 4,94%, sem er töluvert yfir meðaltali á landinu, sem er 2,72% (Vinnuálastofnun, 2022).

